ᚠᚷ—ᛖᛁᛒᚱᛁᛊ
ᛒᚩᛏ ᛊ. ᚦᛖᚱᚨᚱᛁᛋᛋᚨᚦ

168.4
Bal

Lærdóms-Bók

í

evangeliskum kristilegum Trúarbrøgdum,

handa

Unglíngum.

Selst almennt innbyndin 10 fiskum.

Leirárgørdum vid Leirá, 1799.

Prentud á kostnad Islands almennu Uppfrædíngar Stiptunar,

af Factóri og Bókpryckjara G. Schagfjord.

Auglýsing:

Med bresi til Stiptamtmannsins yfir Islandi og beggja Biskupa, útgesnu þann 25ta Sept. 1795, hefir Konúngleg Hátign allranádugast skipad, ad þessi Lærdóms-bók, eins og hún nú af sál. Biskupi Dr. Hannesi Finnssyni ad útleggíngunni er endurbætt, prentist á Forlag ens Islendska Lands-Uppfræding ar-Felags, og innleidist til almennilegrar brúkunar, bædi í skólana, og vid stadfestíngu úngdómsins í kirkjurnar á Islandi; þó sje í fyrstu 4 árin (frá 25 Sept. 1795) leyft, ad halda vid gamla barna-lærdóminn, líka skuli Lúthers litlu Frædi framvegis brúkast eins og hingad til.

Advaran til Kennendanna.

1.) Serhvor meining, hvort heldur hún er í lærdóms edur, ritníngar-greinum, ellegar í athugasemdum og útskíríngum greinanna, á náqvæmlega og skilmerkilega ad, útþydast fyrir barninu, ádur enn þad lærir nockud af þeim utanad.

2.) Tornæmir, sem hvorki hafa efni né tíma til ad læra meira, þurfa ei nema ad vita vel sjálfar lærdóms- og ritníngar-greinirnar, sem þar standa prentadar hjá.

3.) Kennendurnir ega ad láta bornin leita ad þeim greinum í Bibliunni,

sem til er vísad, en þó ecki eru prentadar; þar, sem morg born eru, ega þeir ad láta þau lesa þær til skiptis, og med stuttum spurningum útúr, koma þeim i skilning um meininguna.

4.) Sérhvor lærdóms-grein i bókinni er svo skiljanlega samantekin og atridis-ordin prentud med odru letri, ad hægt er hvorjum einum, ad spyrja útúr þeim. Þess vegna gjordist engin þorf ad prenta spurningarnar, einkum þar raunin er ólygnust, ad opt og tídum hafa bædi Kennendur og lærendur minna þenkt úti sannleikann vegna spurninganna.

Sá

Sá litli
Lúthers
Catechismus.

Petta eru
Tíu Laga-bodord Guds.

Fyrsta Bodord.

Eg er Drottinn Gud þinn, þú skalt ecki hafa annarlega Gudi fyrir mér.

Hvad er þad?

Þad er: vér egum yfir alla hluti fram, Gud ad óttast, hann ad elska og á hann einn ad trúa.

Annad Bodord.

Þú skalt ecki leggja nafn Drottins Guds þíns, vid hégoma; því Drottinn mun ei halda þann saklausann, sem brúkar hans nafn hégómlega.

Hvad er þad?

Þad er: vér egum ad óttast og elska Gud. Engum egum vér ills ad bidja í hans nafni, eigi sverja vid þad, ne sjelfingi fremja, eigi ljúga ne svíkja; heldur egum vér Guds nafn ad ákalla í ollum vorum naudsynjum, þad ad tilbidja, lofa þad og því þackir ad gjora.

Þridja Bodord.

Minnstu ad helga hvíldar-daginn Drottins Guds þíns.

Hvad er þad?

Þad er: vér egum ad óttast og elska Gud. Ad vér eigi fyrirlítum prédikunina ne hans ord; heldur egum vér þad heilagt ad halda, gjarnan heyra þad og læra.

Fjórda Bodord.

Heidra skalt þú fodur þinn og módur, svo þér vel vegni, og þú verdir lánglífur á jordunni.

Hvad er þad?

Þad er: vér egum ad óttast og elska Gud. Ad vér eigi fyrirlítum vora foreldra, ne þá, sem yfir oss eru bodnir, eigi þá til reidi reitum, heldur þá í heidri hofum,

um, þjónum þeim og hlýdnir séum, elskum þá og virding veitum.

Fimta Bodord.

Þú skalt ecki mann deyda.

Hvad er þad?

Þad er: vér egum ad óttast og elska Gud. Ad vér eigi meidum hold vors náúnga, edur gjørum honum mein í nockru; heldur egum vér honum ad bjarga og vidhjálpa, í ollum hans lífs naudsynjum.

Sjøtta Bodord.

Þú skalt ecki hórdóm drýgja.

Hvad er þad?

Þad er: vér egum ad óttast og elska Gud. Ad vér lifum hreinferduglega bædi í ordum og verkum, og ad hvørr einn elski og í heidri hafi sína ekta-persónu.

Sjøunda Bodord.

Þú skalt ecki stela.

Hvad er þad?

Þad er: vér egum ad óttast og elska Gud. Ad vér eigi gripum góts eda penínga vors náúnga, edur med falskum kaupeyri edur undirhyggju undir oss drogum;

heldur egum vér honum ad hjálpa svo hans góts og uppeldi ávaxtist og vardveitist.

Attunda Bodord.

Þú skalt ecki bera falskann vitnisburd á móti þínum náúnga.

Hvad er þad?

Þad er: vér egum ad óttast og elska Gud. Ad vér eigi ránglega ljúgum nockru á vorn náúnga, eigi svíkjum, baktölum edur ófrægjum hann í nockru; heldur egum vér hann ad afsaka, allt gott um hann ad tala, og færa alla hluti til betra vegar.

Niunda Bodord.

Þú skalt ecki girnast hús náúnga þíns.

Hvad er þad?

Þad er: vér egum ad óttast og elska Gud. Ad vér eigi med flærd stundum eptir arfi edur fasteign vors náúnga, edur undir ofs drögum med yfirvarpi laga og réttinda; heldur eguni vér þar til hjálpa og styrkja, ad hann hafi sitt allt óskaddad.

Tíunda

Tiunda Bodord.

Þú skalt ecki girnast qvinnu náúnga þíns, eigi þjón né þjónustuqvinnu, eigi uxa né asna, og eckért það hans er.

Hvad er það?

Það er: vér egum ad óttast og elska Gud. Ad vér eigi burt-tælum edur lockum frá vorum náúnga hans egin-qvinnu, þjónustu-fólk eda qvik-fé; heldur egum vér ad áminna og rádleggja, ad hvorr og einn sé samt og ástundi ad þjóna það honum skyldugt er.

Hvad segir Gud af öllum þessum Bodordum?

Hann segir svo í Exódi-bókar 20 kap.: Ég er Drottinn Gud þinn, sterkur vandlætari, vitjandi ránglætis feðranna á sonunum, í þridju og fjórdu ættqvísl þeirra, sem mig hata, en gjörandi miskunsemi í þúsund lidu þeim, sem mig elska og mín Bodord vardveita.

Hvad er það?

Það er: Gud hótar þeim öllum pínu, sem afvikja þessum hans Bodordum; því egum vér ad óttast og hræðast hans reidi, og eckért ad gjöra á móti hans Bodordum;

um; en þeim ollum, sem þessi hans Bodord halda, lofar hann sinni nád, miskun og ollum gódum hlutum; þar fyrir egum vér Gud ad elska, trúa honum og treysta, og eptir hans Bodordum gjarnan ad gjora.

Trúar-játningin.

Fyrsta Grein.
Af Skopuninni.

Eg trúi á einn Gud, Fodur almáttugann, Skapara Himins og Jardar.

Hvad er það?

Það er: eg trúi ad Gud hafi skapad mig, ásamt ollum odrum sképnum, og ad hann hafi gésid mér sind og likama, augu, eyru og alla limi, þar med skyn og skilningar-vit, og ad hann ollu þessu enn nú vid makt heldur. Hér til veitir hann mér og fyrirsjer nóglega og daglega gésur hann mér: klædi og skjædi, mat og dryck, hús

og

og heimili, fodur og módur, akur og qvikfé og allt þad, sem gott er, med ollu því eg medþarf til þessa lífs uppheldis. Hann verndar mig og vardveitir frá ollum skada og háska, og ollum illum hlutum. Allt þetta gott veitir hann mér af sinni einskjærri, fodurlegri, gudlegri gódgirnd og miskun, án allrar minnar forþénustu og verdskuldunar. Fyrir hvad allt eg á honum lof og þackir ad gjora, honum þjóna og hlýdinn ad vera. Þetta eru vissuleg sannindi!

Önnur Grein.

Af Endurlausninni.

Eg trúi á Jesúm Kristum Son hans, eingétinn Drottinn vorn, hvorr ed gétinn var af heilogum Anda, fæddur af Maríu meyju, píndur undir Pontsíó Pílató, krossfestur, deyddur og grafinn; nidursté hann til helvítis, og á þridja degi reis hann upp frá daudum,

upp-

uppsté hann til himna, situr nú til Guds Fodurs almáttugs hægri handar, og padan mun hann koma ad dæma lifendur og dauda.

Hvad er pad?

Pad er: eg trúi ad Jesús Kristur sé sannur Gud af fodurnum getinn fyrir allar aldir, líka sannur madur, fæddur af Maríu meyju; ad hann sé minn Drottinn, sem mig glatadann og fyrirdæmdann mann hefir afrekad, endurleyst og frelsad, frá ollum syndum, daudanum og djofulsins valdi, eigi med gulli né sylfri, heldur med sínu heilaga, dýrmæta blódi, og med sinni saklausu pínu og dauda, svo ad eg sé hans eginleg eign, lifi undir hans valdi, í hans ríki, honum pjóni í eilífu réttlæti, meinleysi og sáluhjálp, líka sem hann er sjálfur af daudanum uppristinn, lifir og ríkir ad eilífu. Petta eru vissuleg sannindi!

Pridja Grein.
Af Helgunninni.

Eg

Eg trúi á heilagann Anda, og ad sé ein heilog, almennileg, kristileg kirkja, sem er sammeyti heilagra, fyrirgéfníng syndanna, holdsins upprisa, og, eptir þetta líf, eilíft líf.

Hvad er þad?

Þad er: eg trúi ad eg géti ecki af sjálfs mínu eginn krapti edur skilníngi trúad á Jesúm Kristum minn Drottinn, edur til hans komist; heldur hefir heilagur Andi, mig, fyrir gudspjallanna kénníngu, kallad og upplýst med sínum ástgjofum, helgad mig og vidhaldid í réttri trú; líka sem hann alla adra kristna menn á jordu, kallar, samansafnar, upplýsir og helgar, og í réttri trú til Jesúm Kristum vardveitir. Í hvorri kristilegri kirkju, hann nádarsamlega fyrirgéfur mér og ollum trúudum, daglega allar syndir, og á efsta degi mun hann uppvékja mig, og alla menn af dauda, og géfa mér, med ollum rétt-trúudum, í Kristó Jesú eilíft líf og sáluhjálp. Þetta eru vissuleg sannindi.

Drottinnleg Bæn.

Fadir vor, þú sem ert á himnunum.

Hvad er þad?

Þad er: Gud vill hér med til-leida oss og locka, ad vér trúa skulum, ad hann sé vor réttilegur fadir, og vér hans sannarleg born; svo vér þess heldur med fullu trúnadar-trausti megum hann bidja, svo sem gód born bidja sinn elskulegann fodur.

Fyrsta Bæn.

Helgist þitt Nafn.

Hvad er þad?

Þad er: Guds nafn er sannarlega í sjálfu sér heilagt, þó vér bidjum ecki; en vér bidjum í þessari bæn, ad þad enninn helgist hér med oss.

Hvorninn skedur þad?

Nær Guds ord kénnist réttilega og hreinlega, og vér eptir því lifum heilaglega, svo sem Guds bornum hæfir. Þar til hjálpi oss vor elskulegi Fadir á himnum!

um! en hvorr, sem odruvísi kennir edur lifir enn Guds ord bydur, sá vanhelgar Guds Nafn á medal vor. Par trá vardveiti oss vor elskulegi himneski Fadir!

Önnur Bæn.

Til komi pitt ríki.

Hvad er pad?

Pad er: Guds ríki kemur ad sönnu án vorrar bænar af sjálfu sér til; en vér bidjum í pessari bæn, ad pad einnig komi til vor.

Hvorninn skedur pad?

Nær Gud gefur oss sinn heilaga Anda, sá oss veitir pá nád, ad vér trúum hans heilaga ordi, lifum heilaglega hér stundlega, en annars heims eilíflega.

Pridja Bæn.

Verdi pinn vilji, svo á jördu, sem á himni.

Hvad er pad?

Pad er: Guds gódur og nádugur vilji verdur á himnum, pó vér bidjum ecki; en vér bidjum í pessari bæn, ad hans vilji verdi hér á medal vor.

Hvorninn skedur það?

Nær Gud ónytir og hindrar oll ill ráð og vondann vilja þeirra, sem því valda, að Guds Nafn vanhelgast og hans ríki náir eigi til vor að koma, sem eru djofullinn, heimurinn og vor holdlegur vilji; heldur styrkir hann oss, og stoduga gjorir, í sínum ordum og í trúnni allt til vorra æfiloka. Þetta er hans miskunsamur og gódur vilji.

Fjórda Bæn.

Gef oss í dag vort daglegt braud.

Hvad er það?

Það er: Gud gefur að sönnu daglegt braud, jafnvel vondum monnum, þó vér bidjum ecki; en vér bidjum í þessari bæn, að hann láti oss vort daglegt braud vidurkenna, og med þacklæti til vor medtaka.

Hvad kallast daglegt braud?

Það kallast allt það, sem naudsynlegt er til þessarar lífs bjargar; sem er: matur og dryckur, klædi og skjædi, hús og heimili, todur og engjar, qvikfénadur, góts og peníngar, gód ekta-persóna, hlýdin born, dyggt þjónustu-fólk, trúir og frómir Yfirmenn, gód almúgans stjórn, hag-

hagstæd vedurátta, fridur, heilbrygdi, sidsemi, heidur, gódir vinir, trúfastir nágrannar, og allt annad þessu líkt.

Fimta Bæn.

Fyrirgéf oss vorar skuldir, svo sem vér og fyrirgéfum vorum skuldu-nautum.

Hvad er það?

Það er: vér bidjum í þessari bæn, ad Fadir vor himneskur vilji eigi álíta vorar syndir, svo hann, fyrir þeirra skuld, vilji eigi veita oss vora bæn, (því vér erum allra þeirra hluta ónæklegir, sem vér hann umbidjum, og hofum eigi það verdskuldad, heldur ad hann vilji oss það allt géfa, fyrir sína eginlegu nád; því daglega syndgum vér, og forþénum ei annad enn straff; svo viljum vér og einnig þar í mót fyrirgéfa af hjarta þeim, sem oss á móti brjóta, og gjora þeim gott, sem vid oss misgjora.

Sjötta Bæn.

Eigi inn leid þú oss í freistni.

Hvad er það?

Það er: Gud freistar ad sönnu einkis manns, en vér bidjum í þessari bæn, ad

hann vilji verndа oss og vardveita frá andskotans, heimsins og holdsins vélum, svo vér hrøpum ecki fyrir þeirra tilteiging í vantrú, orvænting, edur adrar stór-syndir og lostu, og þó vér freistumst af ollu þessu, þá láti hann oss um sídir yfirvinna og sigrinum halda.

Sjøunda Bæn.

Heldur frelsa oss frá illu,

Hvad er þad?

Það er: hér bidjum vér alls í einu í þessari bæn, ad Fadir vor himneskur frelsi oss frá ollu illu til lífs og sálar, farsældar og heidurs; og ad sídustu, þá vor dauda-stund er komin, gefi hann oss gódann afgáng, og taki oss miskunsamlega til sín úr þessum eymdar-dal, inn í himnaríki. Amen.

Hvad er þad?

Það er: ad eg skal vera fullviss, ad þessar vorar bænir séu vorum himneska Fodur þacknæmilegar, og af honum heyrdar; því hann hefir sjálfur skipad, ad vér skyldum med svoddan hætti bidja, og hefir lofad, ad hann vildi oss bænheyra. Amen! Amen! Það er: já, sannarlega, það skal svo vera.

Skírn-

Skírnar Sakramentid.

Fyrsta Spurning.

Hvad er Skírn?

Skírnin er ecki einsamalt vatn, heldur er hún það vatn, sem saman er reirt og bundid med Guds bodordi, og med Guds ordi samteingt.

Hvørr er það Guds ord?

Það vor Herra Jesús Kristur sagdi hjá Matthæó í 28 kapitula: farid og gjørid alls-slags þjódir ad minum lærisveinum, og skírid þær til nafns Fødurs og Sonar og heilags Anda.

Ønnur Spurning.

Hvad útvegar oss og veitir Skírnin?

Hún útvegar oss og veitir fyrirgefningu syndanna, frelsar oss frá daudanum og djoflinum, og gefur þeim ollum eilífa sáluhjálp, sem trúa því, sem ordin Guds og fyrirheitin lofa.

Hvør ern þau Guds ord og Fyrirheit?

Þau vor Herra Jesús Kristur segir hjá Markó í 16. kapitula: hvørr sem

trúir og verdur skírdur, sá mun hólpinn verda, en hvørr sem ecki trúir, sá mun fordæmast.

Pridja Spurníng.

Hvørninn má vatnid orka svo veglegra hluta.

Vatnid má aldrei slíks orka, heldur veitir það Guds ord (hvort ad er í og med vatninu) og trúin, hvør ad slíkum Guds ordum í vatninu trúir; því fyrir utan Guds ord, er vatnid einsamalt vatn, en engin skírn; en þegar Guds ord samlagast vatninu, þá er það skírn. Það er nádarfullt lífsins vatn, og endurgétníngar laug í heilogum Anda, svo sem Páll Postuli segir til Títum í 3 kap.: eptir sinni miskunsemi hefir Gud oss hólpna gjørt, med endurgétníngar-lauginni, og endurnýjunginni, sem skédur af heiløgum Anda, hvørjum hann hefir nóglega úthellt yfir oss, fyrir Jesúm Kristum vorn lausnara, svo ver rétt-lættir fyrir hans nád, yrdum erfíngjar eilífs lífs eptir voninni. Pessi ord eru sonn og trúanleg.

Fjórda

Fjórda Spurníng.

Hvad merkir þvílik Vatns-skírn?

Hún merkir það, að sá hinn gamli Adam í oss, á daglega að dreckjast og deyðast, fyrir yðrun og yfirbót, með öllum syndum og vondum girndum, og síðan daglega framkoma og upp aptur rísa einn nýr maður, sá ed lifa skal í réttlæti og heilagleika fyrir Gudi æfinlega.

Hvar stendur það skrifað?

St Páll segir til Róm. í 6 kap.: svo erum vér með Kristi greptraðir í skírninni til dauðans, að líka sem Kristur er uppvakinn frá dauðum, fyrir dýrd Föðursins, svo eigum vér að gánga í nýju líferni.

Altaris Sakramentið.

Fyrsta Spurníng.

Hvað er Sakramentum Altarisins?

Sakramentum Altaris er sannarlegt hold og blóð Drottins vors Jesú Krists, undir braudi og víni, af hönum

um sjálfum Jesú Kristó innsett, oss kristnum mönnum að eta og drecka.

Hvar stendur það skrifað?

Svo skrifa þeir heilögu Gudspjallamenn, Matthæus, Markus Lúkas og St. Páll.

Vor Herra Jesús Kristur, á þeirri nátt, sem hann svikinn var, tók hann braudið, gjördi þackir, og braut það, og gaf sínum lærisveinum, og sagdi: takið og etið, það er minn líkami, sem fyrir ydur verdur géfinn, gjörid það í mína minníng!

Sömuleidis, eptir qvöld-máltídina, tók hann kaleikinn, gjördi þackir, gaf þeim hann og sagdi: dreckid allir hér af, þetta er kaleikur hins nýja testamentis í mínu blódi, sem fyrir ydur út-

hell-

helliſt til fyrirgéfníngar ſynd-anna; gjørid þetta ſvo opt, ſem þér þad dreckid, í mína minn-íng!

Önnur Spurníng.

Hvad ſtodar oſs med ſvoddan hætti ad eta og drecka hjer af?

Þad útvíſa mér þeſſi ordin, ſem hér ſtanda: fyrir ydur géfſt og úthelliſt til fyrirgéfníngar ſyndanna. Því ad ſonnu veitiſt oſs og géfſt fyrir þeſſi ord-in í ſakramentinu, ſyndanna fyrirgéfn-íng, eiliſt líf og ſáluhjálp; þvíad hvar ſyndanna fyrirgéfníng er, þar er einnig lífid og ſáluhjálpin.

Þridja Spurníng.

Hvørninn kann líkamleg bergíng ad verka ſvo mikla hluti?

Bergíng brauds og víns verkar þad í engann máta, heldur þau ordin, ſem hér ſtanda: fyrir ydur géfſt og úthell-iſt til fyrirgéfníngar ſyndanna. Hvor

ord

Hvor ord ad eru hjá líkamlegri bergingu, svo sem hofud-stycki í þessu sakramenti. Hvorr, sem þessum ordum trúir, sá odlast allt það, sem þau innihalda og uppá hljóda, sem er syndanna fyrirgefning.

Fjórda Spurning.

Hvorr neytir þessa Sakramentis maklega?

Ad fasta og sig líkamlega þar til ad búa, er ad sönnu góð ytri sidsemi; en sá er sannarlega maklegur og vel skickadur, sem trúna hefir á þessum ordum: fyrir ydur gefst og úthellist til fyrirgefningar syndanna. En hvorr, sem ecki trúir þessum ordum og efar þau, sá er ómaklegur, hvíad þetta ordid: fyrir ydur, krefur fullkomlegrar trúar í hjartanu.

Fyrsti Kapituli.
Um Gud og hans Eginlegleika.

1. Hvorninn ver fáum þeckingu um Gud.

§. 1 Oss mönnunum ridur mjög mikid á, ad vér lærum ad þeckja Gud, því annars gætum ver ecki skilid, hvorninn heimurinn er ordinn til, vér vissum þá ecki heldur, hvors vér mættum vænta um vora hagi eptir daudann, og hefdum enga óbrygdula hjálp ad reida oss uppá í vorum mótgángi.

Merk: Það eru kallud Trúarbrogd, ad þeckja Gud og hans vilja, og med hvorju móti vjer eigum ad heidra hann og hlýda honum.

§. 2. Undir nafninu Heimur skilst almennilega bædi himin og jörd med ollu því, sem í þeim er.

Merk: a) Auk sólarinnar og túnglsins sjáum vjer á himninum mikinn fjolda af stjornum. Medal þeirra eru nockrar, sem kallast

plánetur, allteins kringlóttir hnettir, eins og vor jörd, og er ecki ólíklegt, ad í þeim búi margskonar lifandi skjepnur. En þær eginlegu stjornur eru sólir eins og sú, sem skín nærst oss, og upplýsa med sama hætti hnetti þá, sem þeim eru nálægastir. Túnglid er hnöttur eins og jördin, sem fær, eins og hún, ljós sitt af sólunni.

b) Á jördunni teljast hjer um tuttugu og fimm þúsundir lifandi skepna af ymsu kyni, auk mannanna, sem eru tals þúsund milliónir (en hvör ein millión er sama og þúsundsinnum þúsund), adrar lifandi skjepnur, sem til adgreiníngar frá mönnunum kallast skynlausar edur málausar, skiptast í dýr, fugla, fiska, orma, skordýrkindi, og þær skjepnur, sem lifa bædi í vatni og á landi. Serhvört af kynferdum þessum inniheldur margskonar tegundir, sem eru hvör annari ólíkar.

§. 3. a) Hvorr, sem vill gæta skynsemi sinnar, á hægt med ad þeckja, ad heimurinn hefir ecki gétad ordid til af sjálfum sér, heldur enn hús nockud edur þorp hafi gétad byggt sig sjálft; því enginn sá hlutur er til, sem ecki hefir haft sína orsök, af hvörri hann er kominn.

b) Heimurinn hefir ecki gétad verid til frá eilífd, því vér sjáum, ad allir hluts

hlutir eru umbreytanlegir, og ad bædi menn og skepnur, ásamt odru fleiru, hafa upphaf og endir.

§. 4. Frá eilífd hlýtur ad hafa verid ein ædsta Vera, sem skapad hefir heiminn, edur rádid fyrir upptokum hans og nidurradan. Pessi Vera kallast Gud, og pessi Gud hlýtur ad vera sá allra vísasti, máttugasti og gædskurikasti, því þeim morgu og marghättudu hlutum, sem eru í heiminum er svo visdómslega nidurradad, og allir eru þeir mjog nytsamlegir.

§. 5. Gud peckist ljósast af sínu ordi, hvort lesa má í þeirri heilögu Ritningu, sem kallast Biblía.

§. 6. Pad er víst, ad þann Guds vilja, sem manneskjurnar áhrærir, er ad finna í Bibliunni, og þess vegna kallast hún Guds ord, því hún kennir oss fullkomlega og augljóslega allt það, sem syndug manneskja þarf ad vita sér til endurbótar, huggunar og sannrar velferdar, bædi í þessu og tilkomanda lífi.

§. 7. Gud hefir sjálfur stadfest sitt ord, med því, ad hann hefir gefid þeim monnum, sem það hafa ritad, bædi speki

til ad auglhsa þá hluti, sem einginn madur gat vitad af sjálfum sér, og líka krapta til ad framqvæma þau verk, sem enginn hefdi gétad gjort med neinsslags náttúrlegum medolum.

Merk: a) Í heilagri ritníngu finnast þeir spádómar, sem fyrisegja markverda tilburdi, er engin manneskja gat á þeim tímum fyrisfram sjed, og sem þó launau þar eptir eru í ýtrasta máta uppfylltir. Gud einn, sem er alvitur, gat veitt þessum heilögu mönnum þeckíngu um slíka atburdi. Esaj. 21, 1-10. 44, 21-28. Jerem. 31, 31-40. 50, 1-46. Dan. 9, 20-27. Matth. 24, 1-28.

b) Í heilagri ritníngu er talad um krapta-verk, sem eru slík yfirnáttúrleg verk, ad þau útheimta guddómleganu krapt, þar þad ecki var mögulegt ad gjora þau á þvílíkann hátt med náttúrunnar kröptum. Gud, sem er almáttugur, hefir einúngis brúkad þá heilögu menn til ad gjora þvílík dásemdar-verk. 2 Mós. b. 14, 21-30. Matth. 8, 7-15. Jóh. 2, 1-11. 6, 1-15. 9, 1-38. 11, 17-53. Post. G. b. 3, 2-8.

§. 8. *a*) Peir menn, sem undir Guds stjórnun og med hans adstod hafa skrifad þá heilögu Ritníngu, kallast yfir höfud ad tala, Spámenn, Gudspjallamenn og Postular.

b) Spámennirnir, Gudspjallamennirnir og Postularnir, vóru útvaldir

af

af Gudi, til ad vera hans sendibodar medal manneskjanna, hvorjum peir áttu ad kunngjora hans vilja, og framqvæma hans ásetníng á peim stad og tíma, sem hans speki áleit ad vera pénanlegast.

§. 9 *a*) Spámennirnir hafa skrifad pann hlut Ritníngarinnar, sem kallast gamla Testamentid, ádur enn Kristur fæddist.

b) Gamla Testamentid inniheldur hmislegar bækur, í hvorjum Guds vilji var auglýstur Gydíngunum, peirri pjód, sem Messías, heimsins Lansnari, átti ega ad rekja kyn sitt til; en pessar bækur eru enn pá í morgum greinum nytsamlegar handa oss, og pénanlegar til lærdóms, huggunar og vidvorunar.

Merk: a) Bækur gamla Testamentisins eru eptirfylgjandi: fimm bækur Mósis, Jósúæ bók, Dómara bókin, Ruths bók, fyrri og sídari Samúelis bók, fyrri og sídari Kónganna bok, fyrri og sídari Kroníku bók, Esdra bók, Nehemíæ bók, Esters bók, Jobs bók, Davíds Psaltari, Salómons Ordsqvidir, Predikarans bók, og Lofqvædid. Fjórir stærri Spámennirnir, Esajas, Jeremías, med hans Harmagráti, Ezeckiel, Daníel. Tólf smærri Spámennirnir, Hóseas, Jóel, Amos, Obadías, Jónas, Micha, Nahúm, Habacuk, Zephonías, Haggai, Zacharías, Malachías.

b) Kristur hefir stadfest, ad bækur gamla Testamentisins séu af Gudi, Lúc. 24, 25. 27. 44. Og á Krists tídum vóru allar þessar bækur samansafnadar í gamla testamentinu, sem enn eru þar.

§. 10. a) Gudspjalla-mennirnir og Postularnir hafa skrifad þann hluta Ritningarinnar, sem kallast nýja Testamentid, eptir ad Kristur var fæddur.

b) Nýja Testamentid inniheldur í ymislegum bókum allt þad, sem Gud hefir viljad augljóst gjora fyrir ollum heiminum, um syndaranna endurlausn vegna Krists, trúna, Guds ótta og dygdina, sem útheimtast til sáluhjálpar.

Merk: a) Nýja Testamentisins bækur eru eptirfylgjandi: fjogur Gudspjoll, nefnilega, Matthæi, Marci, Lúcæ og Jóhannis; Postulanna Gjerninga bók; fjórtán Páls Sendibref, sem eru: eitt til Rómverja, tvo til innbyggjaranna í Korinthu, eitt til Galata, eitt til Ephesus manna, eitt til innbyggjaranna í Philippis, eitt til þeirra í Kólossabora, tvo til innbyggjaranna í Thessalonikn, tvo til Thimótheum, eitt til Títum, eitt til Philemon, eitt til enna Ebreskn; Jakobs pistill, fyrra og sídara bref Péturs, fyrsta, annad og þridja bref Jóhannis, Júdasar bref og opinberingar Jóhannis.

b)

b) Kristur hefir med sínum kraptaverkum sannad, ad hann væri sendur af Gudi, og med sama hætti er trúverdugleiki Gudspjallamannanna og Postulanna stadfestur, Jóh. 10, 37. 38. 14, 10. 11. Post. G. b. 3, 1-16. Skrif hinna eldstu kristinna lærifedra innihalda þá vitnisburdi, sem gjora augljóst, ad Gudspjallamennirnir og Postularnir hafi skrifad þær nýja Testamentisins bækur, sem þeim eru eignadar.

§. 11. Eptir sérlegasta inntakinu skiptist Guds ord í Lögmálid og Evangelium.

a) Í Lögmálinu sýnir Gud oss þad illa, sem vér eigum ad fordast, og þad góda, sem vér eigum ad ástunda, þad leidir oss einnig fyrir sjónir, straff fyrir hid illa til vidvörunar, og umbun fyrir hid góda til uppörfunar.

b) Evangelium inniheldur Guds loforð um syndanna fyrirgefníngu og sáluhjálp vegna Jesú Krists, hvorr ed endurleysti heiminn med sinni pínu og dauda; auk þessa kennir þad oss, eptir hvorri rod og reglu, og med hvorju móti vér gétum ordid hluttakandi í fyrirgefníngu syndanna, og þeirri sáluhjálp, sem Kristur hefir oss útvegad.

Merk: Í fyrsta parti Frædanna er talad um lögmálid, sem innihéldur Guds tíu bodord. En Evangelíum er í sjórum sídari partunum, sem innihalda þrjár greinir trúarinnar, sjs bœnir í Fadir vor, ásamt med skírnar- og altarisins-sakramentum.

II. Hvad Ritníngin kennir oss um Gud, yfir hofud ad tala.

§. 1. Heimsins skapari er sá einasti sanni Gud, og enginn nema hann.

Esaj. 45, 18. Svo sagdi Drottinn, sá ed himininn hefir skapad, sá Gud, sem jardina hefir til-búid: Ég em Drottinn, og enginn annar Gud er til nema eg.

1 Cor. 8, 4. Vér vitum, ad skúrgod heidíngjanna eru eckért, og enginn annar Gud er til, nema sá eini.

Merk: a) Heidíngjarnir dýrkudu marga hjágudi, og leitudu stundum til eins, stundum til annars, en gátu samt eigi vitad, til hvors af þeim þeir hellst skyldu snúa sér, med vissustu von um hjálp og adstod.

b) Vjer hofum orsok til ad álíta sjálfa oss lángtum sœlli, þar vjer þeckjum sannann Gud, og vitum, ad hann er einn einasti, þar sem vjer leitum hœlis hjá honum einum, og setjum vort

vort traust og athvarf til hans í allum vorum nauðsynjum.

§. 2. Ritningin kennir oss að þekkja þann einasta sanna Gud, sem Fødur, Son og heilagann Anda, og tileinkar bædi Fodur, Syni og heilogum Anda þá einu og sömu guddómlegu veru, í hverri þeir eru óadgreinanlega sameinadir hver med odrum, med þeim hætti, sem vér fáum ecki skilid.

Matth. 28, 19 Jesús býdur sínum Lærisveinum: farid og gjørid allskags þjódir ad mínum lærisveinum, og skírid þær til nafns Fødursins og Sonarins og þess heilaga Anda.

Joh. 15, 26. Jesús, svo sem eingetinn Sonur Fodursins, segir: en þá ed sá huggarinn kémur, hvørn eg mun senda ydur frá Fødurnum, sá sannleiksins Andi, sem af Fødurnum framgengur, hann mun vitna um mig. 2 Cor 13, 13.

Merk: Það er ordid ad venju medal kristinna manna, ad kalla Gud þrennann edur þreinann, til ad sýna þar med, ad Fadir Sonur og heilagur Andi hafi einn og sama allrahæsta Guddóm sameginlega hver med odrum. Jóh. 10, 30. 16, 15. Matth. 3, 16. 17. Jóh. 14, 16.

§. 3.

§. 3. Fadir, Sonur og heilagur Andi eru jafnt hlut-takandi í peirri sømu eilífd, mætti, gædsku og speki, peir hafa eina og sømu sameginlega dird. Jóh. 5, 19-23. Jesús segir: hvad hellst Fadirinn gjørir, pad sama gjørir Sonurinn eins, pví svo sem Fadirinn uppvekur dauda og gjørir lifandi, svo lifgar og Sonurinn alltreins, hvørja sem hann vill, og ad allir skuli heidra Soninn eins og peir heidra Fødurinn. Líka svo játar sjálfur Jesús, Jóh. 17, 5. ad hann hafi verid í dird hjá Fødurnum, ádur enn heimurinn var til. Jóh. 1, 1. 2. 3. 14. Róm. 9, 5. Ebr. 1, 3. 1 Cor. 2, 10. 11. Postulinn Páll segir um heilagann Anda: Gud hefir lácid sinn Anda opinbera oss sín vísdóms-fullu rád, því Andinn ransakar alla hluti, og jafnvel Guds leynda rád. En hvør manneskjanna er sú, er viti hvad í manninum er, nema mannsins andi, sem í honum er? svo líka veit enginn hvad í Gudi er, nema Guds andi.

Med líkum hætti sýnir og Postulinn, ad pad hafi verid sá heilagi Andi, sem útdeildi yfirnáttúrlegum nádar-gáfum í hinni fyrstu

fyrstu kristni, hvar á medal hann og svo telur makt til ad gjøra kraptaverk, og sídan segir hann: 1 Cor. 12, 4-11. en allt þetta verkar kroptuglega sá eini og sami andi, er útskiptir sérhvørjum útaf fyrir sig, eptir því, sem hann vill. Post. G.b. 5, 3. 4. 1 Cor. 3, 16.

Merk: a) Það er sannarleg og mikilvæg huggun fyrir oss, ad vjer vitum, ad Sonurinn Jesus Kristur, sem hefir kjennt oss hvørju vjer egum ad trúa, og endurleyst oss med sinni pínu og dauda, er sannur Gud ásamt med Fodurnum, því vegna þess kunnum vjer med fullri sannfæringu, ad reida oss uppá hann, og fylgja honum í allu med stadfostu trúnadar-trausti, líka og án efablendni tilbidja hann.

b) Oss er það mikilsverdt, ad vjer vitum, ad sá heilagi Andi, sem med Guds ordi verkar til vorrar upplýsingar og endurbótar, er sannur Gud ásamt med Fodurnum og Syninum; því þess vegna erum vjer nú fullvissir um, ad vor betrun er møguleg, ef vjer særum oss Guds ord rektilega til nota, og engin vantrú eda efasemi getur haldid oss frá ad tilbidja heilagann Anda med sama trúnadar-trausti, sem Fodurinn og Soninn.

III.

III. Hvad Ritningin kennir oss um Guds veru og eginlegleika.

§. 1. Gud er Andi, edur ósýnileg vera, sem hefir ad sönnu frjálsræði og skynsemi, en engann líkama edur limu, þess vegna getum vér ecki sjed hann med líkamlegum augum, ecki heldur útmálad hann med neinni mind.

Jóh. 4, 24. Gud er andi, því eiga þeir, sem tilbidja hann, ad gjöra það med réttum anda. 1 Tim. 1, 17.

Merk: Gud dýrkast og vegsamast best med hreinum þaunkum og ráðvöndum lífnadi, því þeskonar dýrkan á best við þann Gud, sem er andi.

§. 2. Gud er eilífur og hefir hvorki upphaf né endir. Hann er ætíd óumbreytanlegur, og verður jafnan hinn sami.

Þsálm. 90, 2. Adur enn fjöllin vóru til, og þú tilbjóst jördina, ert þú Gud, og það frá eilífd til eilífdar. Þsálm. 102, 27. 28.

Jac. 1, 17. Hjá Födur ljósanna er engin umbreyting, né umbreytíngar skuggi.

Merk: Gud, sem er eilífur, óumbreytanlegur, getur þess vegna gjört þá eilíflega sæla, sem

sem elska hann og hlýda honum. Hans makt þar til rjenar aldrei, ecki heldur umbreytir hann sínum ásetníngi og lofordum.

§. 3. Gud er almáttugur og gétur gjort allt hvad hann vill, án ómaks eda ur fyrirhafnar, en hann gjorir eckért annad enn það, sem er vísdómsfullt og gott, því hann vill eckért nema það einúngis.

Psálm. 115, 3. Vor Gud er í himninum, hann gjørir allt hvad honum gott þykir. Psálm. 135, 6.

Jer. 32, 17. 19. O Drottinn! Drottinn! sjá! þú gjørdir himin og jørd med þínum mikla krapti! enginn hlutur mistekst fyrir þér, þú hinn mikli og voldugi Gud, mikill í rádum og mektugur í athøfnum.

Merk: Vjer megum óhultir treysta á hjálp og verndan þess almáttuga Guds, í ollum vorum réttilegu athøfnum, því hann vantar hvorki veldi nje krapta til ad vernda oss. En hann er líka máttugur til ad straffa þá ad maklegleikum, sem eru honum óhlýdnir.

§. 4. Gud er alvís, og veit allt í einu bædi það, sem skéd hefir, það, sem nú skédur og það, sem á allri ókominni tíd mun ské. Vorir heimuglegustu þánkar eru ecki huldir fyrir honum.

1 Jóh. 3, 20. Gud þekkir alla hluti. Psálm. 139, 1-3. Drottinn! þú rannsakar og þekkir mig. Þú skynjar mínar hugrenningar álengdar. Þú sjer gjørla allar mínar athafnir.

Merk: Það væri mesta heimska, að ætla sér að hræsna fyrir Gudi, sem veit allt, og verður ecki á tálar dreginn með útvortis yfirhylmingu. Hann veit, hvört heldur er, hvað illt eða gott vjer hugsum, tölum eða gjørum, jafnvel þó engin mannesskja verði nockurntíma áskynja þar um.

§. 5. Gud er alvitur, og hefir æltíð þann besta tilgáng í sínum áseturnúgi, og líka velur jafnan bestu medol til að koma honum fram.

Psálm. 104, 24. Drottinn! hvørsu mørg eru þín verk; þú gjørdir þau øll með vísdómi. Job. 12, 13.

Merk: Vjer megum óhult trúa því, að hinn alvitri Gud gjørir eckért án þess það sé nytsamlegt, og að allt hvað fram við oss kjemur eptir hans vilja, hørfir oss til gagns og góða.

§ 6. Gud er allstaðar nálægur og verkar með sínum krapti allstaðar í øllum hlutum. Hann er hvørgi fjarlægur sínum sképnum.

Psálm.

Psálm. 139, 7. 8. Hvørt skal eg fara frá þínum Anda, Drottinn! hvørt gét eg flúid, svo þú sjáir mig ei? þó eg færi upp í himininn þá ertú þar, og þó eg byggi mér legu-rúm í undirdjúpinu, þá ertú einnin þar, Jer. 23, 24.

Merk: Hinn gudhræddi má vera med gódu gedi í ollum sínum mótgángi, því Drottinn yfirgjefur hann aldrei, heldur vardveitir hann. En sá ógudhræddi hefir orsok til ad skélfast, jafnvel í leynilegustu fylsnum, því hann gjetur hvergi umflúid Drottinn, sinn dómara.

§. 7. Gud er gódur, og audsýnir sínum skepnum svo margar velgjordir, sem hvor þeirra gétur í móti tekid, eptir þeirra edli, lífernis máta, edur útvortis ásigkomulagi.

Psálm. 145, 9. Drottinn er øllum gódur, og hann miskunar sig yfir øll sín verk.

Post. G. b. 14, 17. Gud hefir ecki látid sjálfann sig vera án vitnisburdar, þar hann veitti ofs mikid gott, og gaf ofs døgg af himni og frjófsamar árs-tídir.

Merk: Ofs byrjar med sannarlegu þacklæti, ad vidurkjenna eins þær smærri, sem hin-

ar stærri Guds gáfur, og aldrei qvída fyrir, hann muni sinja oss þess, sem hann sjer ad oss er þjenanlegt.

§. 8. Gud er miskunsamur, og fús til ad veita oss hugsvølun í vorum hormúngum, og frelsa oss frá þeim á þeirri tíd, og med þeim hætti, sem hann sjer oss hagqvæmast, allt eptir því, sem vor velferd útkrefur.

Psálm. 103, 13. Eins og fadirinn er børnunum liknsamur, eins er Drottinn miskunsamur þeim, er hann óttast. 2 Cor. 1, 3.

Merk: Í øllum vorum mótgángi megum vér med von og trausti leita hælis hjá miskunsomum Gudi, og hvorki reida oss uppá vorn eginn vísdóm nje mannanna adstod, sem opt kann ad bregdast.

§. 9. Gud er heilagur, sem ætíd elskar það góda, en hefir stærstu mis-þóckuan á øllu því, sem illt er.

Psálm. 5, 5. Drottinn! þú ert eigi sá Gud, hvørjum ógudlegt athæfi líkar. Hvørr, sem er vondur, fær ei ad vera hjá þér.

1 Pét. 1, 15. Eins og sá er heilagur, sem ydur hefir kallad, svo verid þér og einnig heilagir í øllu ydar dagfari.

Merk:

Merk: Vér egum med varkárni ad fordaſt allt, ſem illt er, því það er Gudi á móti. En vjer egum ad áſtunda ſannann Guds ótta, ef vjer viljum ad honum líki vid oſs, og hann ſje oſs jafnan nádugur.

§. 10. Gud er réttlátur, og gengur ríkt eptir, ad lifad ſé eptir hans bodordum, hvor ad ollu leiti horfa til vorrar nytſemdar. Þeſs vegna vill hann umbuna einaſta þeim, ſem hlýda honum, en ſtraffa þá, ſem honum eru óhlýdnir.

2 Móſ. b. 20, 5. 6. Eg er Drottinn! þinn Gud, eg er vandlátur Gud, ſem læt ſtraff fyrir fedranna ránglæti koma fram á børnunum í þridja og fjórda lid, það er ad ſegja, á þeim, ſem mig hata. Eg er líka ſá, ſem audſyni miſkunſemi í þúſund lidu á þeim, ſem mig elſka, og vid þá, ſem vardveita mín bodord.

Róm. 2, 9. Gud mun gjalda einum og ſérhvørjum eptir hans verkum.

Merk: a) Það er mikil heimſka, ad hugſa Gud mum ſjá ígegnum fingur vid oſs, hvorſu lengi, ſem vér áfram holdum í ſyndunum, því hans réttlæti útheimtir, ad hann ſtraffi það vonda ørum til ſkjelfingar og

vidvørunar, svo ad manneskjurnar leidist ecki til lasta og ódygda af vondra Eptirdæmum.

b) Med því Gudi sýnist ecki þjenanlegt, ad straffa alltíd, edur launa eptir sjerhvørs verdugleikum í þessu lífi, þá dregur hann opt hvørttveggja undan til þess í odru lífi, hvar bædi sá ógudlegi, og líka hinn gudhræddi, úttaka, hvørr uppá sinn máta, sín verka-laun.

§. 11. Gud er sannordur, og dregur oss aldrei á tálar med neinu falsi. Hann er trúr, og heitir hvørki né lofar odru enn því, er hann bædi kann og vill efna.

1 Mós. b. 23, 19. Gud er ecki eins og manneskjan, ad hann ljúgi, ecki heldur eins og manneskjunnar barn, ad hann sjái sig um hønd.

Psálm 33, 4. Drottins ord er sannarlegt, og hvørju, sem hann lofar, það efnir hann vissulega.

Merk: Oss er það nóg til trúar-styrkingar, ad vér vitum hvad Gud hefir látid oss kunngjora í sínu ordi, og það egum vjer ad halda fyrir satt, án nockrar efasemi.

Annar

Annar Kapituli.
Um Guds Verk.

I. Hvad Ritningin kennir um Skopunina og skapada hluti.

§. 1. Gud hefir í upphafi skapad himin og jørd af engu, alleina med sinu almætti, til gagns og gledi handa ollum sinum lifandi skepnum.

1 Mós. b. 1, 1. Í øndverdu skapadi Gud himin og jørd. Psálm. 115, 15. Esaj. 40, 26.

Psálm. 33, 9. Hann talaði, þá skédi það. Hann baud, þá stód það þar.

Merk: Gud hefir med skopuninni svo dásamlega opinberad sitt almætti, speki og gædsku, ad sjerhvorr, sem med alvarlegu athygli gjefur gætur ad heiminum, hlýtur þar af ad uppvekjast til ad heidra og vegsama Gud og þacka honum.

§. 2. Þegar Gud hafdi á sex døgum lokid skopunar verkinu, og gjort jordina byggilega handa ollum lifandi skepnum, hvildist hann edur hætti ad skapa á sjounda deginum.

2 Mós. b. 20, 11. Á sex dögum gjørdi Gud himin og jørd og hafid og allt, sem í peim er, en hvildist á hinum sjøunda degi. Psálm. 104.

Merk: Sjoundi dagurinn, sem er sá sídasti í vikunni, var ad Guds bodi heilagur haldinn hjá Gydingum, til packlætis minníngar um heimsins skopun; par á mót eigum vér kristnir menn ad halda heilagann fyrsta daginn í vikunni, til packlátrar endurminníngar um Jesú Krists upprisu.

§. 3. Á sjetta degi vikunnar skapadi Gud hinn fyrsta karlmann, er hét Adam, af moldu, og hina fyrstu konu, sem kalladist Eva, af mannsins sídu. Bædi pau samtengdi Gud í hjúskap til ad auka kyn peirra, og ad hvort fyrir sig skyldi stunda annars velferd.

1 Mós. b. 1, 27. 28. Gud skapadi karlmann og qvennmann, blessadi pau og sagdi: aukist pid og margfaldist og uppfyllid jørdina.

Post. G. b. 17, 26. Drottinn hefir gjørt, ad allar mannanna kynqvíslir búa á øllum jardarhnettinum, af einum ættstofni.

Merk: Pad er vidurqvæmilegt, ad allir vjer, án alls greinarmunar berum umhyggju hvorr

hvorr fyrir ödrum og elskum hvorr annann, eins og born af sama foreldri, þar vjer allir játum, ad Adam og Eva hafi verid vorir fyrstu foreldrar.

§. 4. Medal hinna fínilegu Guds sképna á jördunni, er madurinn hin ypparlegasta. Hann er gæddur med skynsemdarfullri sálu, í hentugum líkama handa henni, hann er og svo settur af Gudi til ad ráda yfir ollum ödrum dýrum, Prédik. 12, 7. Moldin hlýtur ad hverfa til jardarinnar aptur, hvar hún ádur var, en andinn til Guds, sem gaf hann.

1 Mós. b. 1, 28. Gud sagdi til vorra fyrstu foreldra: gjöríd ydur jördina undirgéfna, og drottnid yfir fiskunum í sjónum, og fuglunum í loptinu, og yfir öllum dýrum, sem hrærast á jördunni.

Merk: Manneskjurnar hafa þad mikla fram yfir dýrin, ad þær gjeta þenkt, talad og breytt eptir skynsamlegri umþenkingu; en med þess meira athygli eigum vjer ad gæta vor, svo vjer ecki vanbrúkum þessa stóru yfirburdi, á móti Guds vilja, sjálfum oss og ödrum til skada.

§. 5.

§. 5. Líkami mannsins er svo haglega tilbúinn, að bædi gétum vér unnið það, sem nytsamlegt er með limanna brúkun, og líka notið stórrar ánægju með skilníngarvitunum, hvör að eru sjón, heyrn, ilman, smeckur og tilfinníng.

1 Mós. b. 2, 15. Drottinn Guð setti Adam í aldingardinn Éden, til að yrkja hann og vakta.

Ephes. 4, 28. Postulinn Páll útheimtir, að vér skulum erfiða, og vinna oss inn eitthvað parft, svo vér hafum nockuð til að géfa þeim, sem með þurfa.

Merk: a) Vjer erum allir skapaðir til að erfiða, því má enginn eyða sinni tíð í idjuleysi.

b) Þegar vjer njótum einnar eður annarar ánægju með skilníngarvitunum, þá eigum vjer ætíð vandlega að gjæta hófs í hverjum hlut, en forðast alla vanbrúkun, svo Guðs gæðska verði oss ecki til forfjársunar af sjálfskapa vítum.

§. 6. Sálin er sá mannsins partur, sem þenkir og ályktar. Hún er ódaudlegur andi, gædd með skynsemi til að þeckja hvað rétt er eða rángt, og með frjálsræði til að velja hvört heldur gott eða illt.

Matth.

Matth. 10, 28. Jesús sagdi: hræd-ist ecki þá, sem líkamann deyda, en géta ecki líflátid sálina.

Merk: Þared sálin er ædri partur manneskjunnar, egum vjer kappkosta, ad láta oss framfara í nytsamlegri þeckingu og lærdómi, og ætíd girnast hid sanna góda, svo ad vjer hæfilegir verdum til sannarlegrar farsældar, bædi í þessu lífi, og einkanlega í því tilkomanda.

§. 7. Allt hvad Gud skapadi, var yfrid gott, og í besta máta lagad til þess, sem það var ætlad, en einkanlega var manneskjan, svo sem skilningsfull vera, skapud eptir Guds egin mind.

1 Mós. b. 1, 31. Gud sá allt, sem hann hafdi gjört, og sjá! það var yfrid gott.

1 Mós. b. 1, 26. 27. Gud sagdi: vér viljum gjöra mannin eptir vorri mind og líkingu, þá skapadi hann manneskjuna eptir Guds mind: hann skapadi þau karlmann og konu.

Merk: Eckert af því vonda er finnst í heiminum gjetur tilreiknast Gudi, sem ecki var orsök til þess. Skuldin verdur einúngis hjá manneskjunni, sem ecki gjætti síns med-fædda sáklevsis.

§ 8. Þær fyrstu manneskjur líkrust Gudi í nockrn, og í því tilliti er sagt,

Þær

þær hafi verid skapadar eptir Guds mind. Þar í vóru þær honum líkar, ad þær hefdu þeckingar-fullann skilníng á öllu, sem þær med þurftu til ad byrja farsællegt líf, líka hefdu þær í viljanum lyst og laungun til hins góda, án þess ad freistast af nockri tilhneigingu til ills.

Prédik. 7, 29. Salómon segir: þad hefi eg fundid, ad þad, sem Gud hefir gjört manneskjunni, er rétt.

Hér á líka vid þad, sem Postulinn Páll segir: Cóloss. 3, 10. ad þeir trúudu hafi íklædst nýrri manneskju, sem endurnýjast til þeckingar eptir þess mind, sem hana hefir skapad. Eph. 4, 24.

Merk: Vjer eigum ad ástunda ad verda Gudi líkir ad nýju, og kjeppast þess vegna daglega eptir ad láta oss fara fram í þeckingu og ráðvendni, svo vjer verdum ad nýjum og betri manneskjum.

§. 9. Auk manneskjunnar hefir Gud líka skapad adrar skynsemdar-fullar verur, sem hafa ædra edli, og kallast Englar. Þeir eru andar, hafa því skynsemi og frjálsrædi, en jardneskar manneskjur géta ecki sjed þá án Guds serdeilislegrar tilhlutunar, því þeir hafa engann jardneskann líkama.

Psálm.

Psálm. 103, 20. 21. Lofid Drottinn, þér hans Englar! þér øblugar hetjur, sem framqvæmid hans bod! lofid Drottinn, þér hans þénarar, sem gjørid hans vilja!

§. 10. *a*) Nockrir af Englunum hafa sjálfkrafa fallid frá sinni hlýdni vid Gud, þeir kallast þess vegna vondir Englar og lída þad straff, sem illska þeirra hafdi tilunnid.

2 Pét. 2, 4. Gud þirmdi ecki englunum, sem syndgudu, heldur steypti þeim nidur til helvítis, og setti þá í myrkra fjøtur, svo ad þeir geymist þar til dómsins. Matth. 25, 41. Jóh. 8, 44.

b) Hinir Englarnir hafa stadid stødugir í hlýdni sinni vid Gud, og kallast því gódir englar. Þeir hafa yndi sitt af ad skoda Guds dird, lofa hann og ákalla, og gjøra allt hvad, sem hann skipar þeim.

Ebr. 1, 14. Eru englarnir ecki þjónustusamir andar, útsendir vegna þeirra, sem øðlast skulu sáluhjálpina? Matth. 18, 10. Lúc. 1, 26. 28. 2, 9. 14. Matth. 28, 2. 7.

Merk: Í þridju bœn af Fadir vor, verdum vjer áminntir, ad gjøra þad, sem Gud vill, med sømu lyst og ástundun, sins og gódu englarnir gjøra þad á himnum.

II. Hvad Ritningin kennir oss um Guds Forsjón og Vidhald allra skapadra hluta.

§. 1. Gud vidheldur øllum skøpudum hlutum med sínu almætti, og lætur þá niddurradan í náttúrunni halda sér, sem hann einusinni hefir tilsett, því annars mundi hún fara aflaga. 1 Mós. b. 8, 22. Medan jørdin er vid lídi, skal hvørki linna sád né uppskéra, frost né hiti, sumar né vetur, dagur né nótt.

Psálm. 104, 13. 14. Drottinn, minn Gud! þú vøkvar fjøllin hér ofanad, og fyllir landid med ávøxtum, sem þú gefur. Þú lætur grasid spretta handa fénadinum, og korn, mønnunum til nota, svo ad þú útleidir braudid úr jørdunni.

Merk: Vjer megum ætíd reida oss uppá Gud, hvorninn sem ástatt er fyrir oss, því med sínu almætti, speki og gædsku verndar hann jafnan heiminn; en vjer megum heldur

ür aldrei gleyma því, ad vegsama hann og þacka honum.

§. 2. *a*) Gud ber umhyggju fyrir öllum sínum sképnum, smádum og stórum, veitir þeim öllum allt hvad þær vidþurfa til lífs uppheldis, gætir þeirra og verndar þær.

Psálm. 145, 15. 16 Allra augu vona til þín, Drottinn! og þú gefur þeim þeirra fædu í hæfilegann tíma. Þú upplýkur þinni hendi, og sedur allar lifandi sképnur med þinni blessan.

b) Sérílagi ber Gud umhyggju fyrir manneskjunum, er med skynsemmi og hemar. réttri brúkun géta erdid njótandi lángtum meiri sælu enn skynlausu sképnurnar.

Matth. 6, 26-30. Jesús sagdi: gætid ad fuglunum í loptinu, peir sá hvorki ne uppskéra, og ecki safna peir í kornhlödur, samt fædir ydar himneskur fadir þá. Erud þér ecki miklu ypparlegri enn peir? — og pared Gud skrýdir grasid á akrinum, sem stendur í dag, en á morgun verdur kastad í ofn, mundi hann ecki miklu fremur klæda ydur, o! þér litiltrúadir? Matth. 5, 45.

Merk: a) Vér megum ecki misbrúka kynlausar sképnur edur fara illa med þær, því Gud, sem hefir skapad þær og nærir, vill líka ad þeim vegni vel eins og oss.

b) Vjer eigum ecki ad misbrúka Guds gáfur til óhófs, því hann hefir ecki gjefid oss þær til annars, enn ad vjer skyldum med þeim ebla vort egid og annara sannarlegt gagn.

c) Þared Gud hefir gjefid oss vora limi og krapta til þess vjer skyldum brúka þá til nytsamlegrar vinnu, þá vill hann ecki med sdrum hætti bera umhyggju fyrir voru uppheldi, enn ad vjer sjálfir sjeum jafnframt ydnir og atvirkusamir, hvorr í sínu rjetta standi og embætti. 1 Mós 3, 19. 2 Thess. 3, 11. 12.

d) Þad er sannarlegur velgjorningur af Gudi, ad vér erum skyldugir ad erfida, því þar med styrkist heilsa líkamans, og sálin uppvarfast, ad hugsa um þad, sem er gott og nytsamlegt, í stad þess ad sækjast eptir syndsamlegri gledi.

§. 3. Gud, sem er heimsins Drottinn og stjórnari, stýrir med speki og gædsku, öllu því, sem vidber í heiminum, svo ad bædi gott og illt sá þau endalok, sem honum þykja haggvæmust. Matth. 10, 29-31. Jesús sagdi: seljast ecki tveir titlingar fyrir einn sindpening? samt fellur enginn af peim til

til jardar án ydar fødurs vilja. En fremur! øll ydar høfud hár eru líka talin. Ottist þess vegna ecki! þér erud meira verdir enn margir titlingar.

1 Mós. b. 50, 20. Jóseph sagdi vid brædur sína: þér ætludud ad gjøra mér illt, en Gud ásetti ad snúa því til góds, til ad gjøra þad, sem nú er framkomid, og halda mørgu fólki jvid lífid.

Merk: a) Vér eigum ad fela Gudi á hendur hvada árángur verdur af vorri løglegu erfidi, þared eckert fjedur án hans vilja edur tillátsemi.

b) Þegar Gud leyfir vondum mønnum ad gjøra skada, vegna þess hann vill ecki med makt svipta þá frjálsrædi þeirra, megum vjer samt treysta því, ad hann í tækann tíma mun snúa því til góds, annadhvørt til vorrar eigin edur annara nytsemdar.

c) Jafnvel þó þad á stundum líti svo út, eins og hinum ógudlegu gángi allt ad óskum, en gudhræddir megi lída naudir og volædi, er Gud samt vísdómsfullur og réttlátur í sinni stjórnun, því hann veit best hvad nytsamlegt er, bædi hvørjum útaf fyrir sig, og líka øllum heiminum yfir høfud ad tala, en í hinu ødru lífi mun hann vissulega straffa sjerhvørn og launa øllum, eptir sem hvørr hefir tilunnid.

§. 4. Sérhvørjum ber ad álíta pad stand, sem hann er í settur, eins og vissa køllun af Gudi, til ad gjøra þar svo mikid gagn, sem honum eptir fremsta megni, esnum og áfigkomulagi er mogulegt.

1. Sam. 2, 7. Drottinn er sá, sem gjørir fátækann og ríkann. Hann er sá, sem nidurpryckir og upphefur.

1 Cor. 7, 20. Hvørr einn standi stødugur í þeirri stétt, sem hann er tilkallaður.

Merk: Hvørr, sem er ánægdur med sitt stand, sá ásakar Guds algódu forsjón, og sýnir í því mikla ávirdu.

§. 5. Hvad, sem oss mætir í þessu lífi, hvort það er heldur sorg eda gledi, er oss af Gudi ætlad eptir besta tilgángi, svo vér høfum ætíd orsøk til ad vera ánægdir med hans stjórnun og umráð.

Ebr. 13, 5. 6. Látid ydur nægjast med pad, sem þér hafid, því sjálfur Drottinn hefir sagt: eg skal ecki svikta minni hendi af þér, og enganveginn yfirgéfa þig; vér gétum því hughraustir sagt: Drottinn er minn hjálpari, eg skal ecki qvída.

Róm.

Róm. 8, 28. Vér vitum ad allir hlutir verda ad þéna þeim til góds, sem Gud elska.

Merk: Óvidurqvæmilegt er fyrir oss ad falla í vhl edur efasemi, þá mótgángur uppákémur, þar vjer vitum ad Guds forsjón vakir yfir oss, og ad neydin sjálf verdur ad medali í Guds hendi, til ad ebla vort sannarlega gagn.

Lærdómurinn um skopunina og vidhaldid er stuttlega útmáladur í fyrstu grein trúarjátningarinnar í Frædunum.

Þridji Kapituli.

Um manneskjanna spillingu af Syndinni.

§. 1. Reynslan sýnir, ad manneskjurnar eru ecki svo gódar, sem þær vera ættu. Allir hafa sína bresti, og hjá ollum hreyfir sér ein edur onnur syndsamleg tilhneiging, hjá sumum meir, en sumum minna.

Róm. 3, 23. Allir hafa syndgad, og hafa skort á þeirri hrósun, sem hjá Gudi gyldir.

1 Jóh. 1, 8. Ef vér segjum: ad vér höfum ecki synd, þá svíkjum vér sjálfa oss, og sannleikurinn er ecki í oss.

Merk: Vjer höfum enga orsök til ad treysta vorum eginn verdugleika edur syrirlíta adra, því allir erum vjer ófullkomnir, og sjerhvorr hefir nóg ad ásaka sig syrir.

§. 2. Sú almenna spilling manneskjanna er einkanlega þar í fólgin, ad þeir brúka ecki skynsemina, til réttrar yfirvegunar, hvad ed kémur þar af, ad syndsamleg girnd til jardneskra hluta, sem skilningarvitin fýsir til, hefir fengid svo mikid vald yfir hugskoti þeirra, ad þeir sækjast eptir rédum hlutum, svo sem væru þeir það ædsta góda. Þar af skédur, ad manneskjan getur haft vit á því góda, en hefir samt tilhneigingu til hins vonda.

Marc. 7, 21-23. Jesús segir: innanad frá manneskjunnar hugskoti, útkoma vondar hugsanir, hórdómur, frillulífi, mord, þjófnadur, ágirnd, illska, svik, lauslæti, öfund, bakmælgi, dramb, hyrduleysi. Allt þetta kémur úr innanad, og saurgar manneskjuna.

Róm.

Róm. 7, 18 Postulinn Páll játar: eg veit ad í mér (thad er í syndumspilltri náttúru minni), býr eckért gott.

Merk: Vér verdum náqvæmlega ad gæta vor, svo ad vondar girndir uppqveikist ecki hjá oss, en alvarlega kappkosta ad nidurkéfja thær, thegar thær taka til ad hreyfa sjer, svo thær sái ecki yfirhönd, og ad vjer ecki hrapim í lesti og ódyggdir, sem draga Guds ónád eptir sjer bædi í thessu lífi og hinu tilkomanda.

§. 3. *a*) Ecki er Gudi um spillingu manneskjunnar ad kénna, thví hann skóp thær fyrstu manneskjur saklausar eptir sinni egin mind.

Jac. 1, 13. Enginn segi, nær hann freistast: eg freistast af Gudi, thví Gud gétur ecki freistast af nockru illu, hann sjálfur freistar og einkis.

b) Gud hafdi bannad fyrstu manneskjunum ad eta ávextinn af einu tilteknu tre, en thau gjordu thad samt, og fyrir thá sök urdu thau ecki einúngis, svo sem óhlýdug, dauda-straffi undirorpin, eins og Gud hafdi hótad theim, heldur mistu thau líka theirra fyrri lyst til hins góda, thar ed óregluleg girnd til jardneskra hluta fékk yfirrád yfir skynsemi og vilja theirra.

1 Mós. b. 2, 16. 17. Gud Drottinn baud manneskjunni og sagdi: af øllum trjám í aldingardinum máttú eta, en af skilnings-trénu góds og ills mártú ecki eta, því nær, sem þú etur af því, skaltú vissulega deyja.

Merk: Gud reyndi ecki sjálfs sins vegna vora fyrstu foreldra med því ad banna þeim ávextinn á trjenu, þar hann vissi gjørla fyrirfram, hvørt þau mundu hlýda sjer eður ecki, heldur var þorf á einhvørri reynslu vegna sjálfra þeirra, alleins og vegna sjerhvørrar annarar skilningsfullrar skjepnu Reynsla þessi átti ad gjefa þeim tækifæri til, ad brúka þeirra sjálfrædi, útvelja hid góda, en hafna því illa, eptir egin umþenkingu, þeim sjálfum til stadfestingar í dygd og ráðvendni.

§. 4. Ritníngin segir oss, ad einn af þeim englum, sem fallnir vóru frá hlýdni vid Gud, og serílagi kallast djøfull, hafi reynt ad steypa vorum fyrstu foreldrum í somu naudir, sem hann var sjálfur kominn í, og ginnti Evu til ad eta af forbodna trénu, en hún lockadi sídan mann sinn Adam til sama verks.

1 Mós b. 3, 1-6. Høggormurinn sagdi vid konuna: ecki munud þid deyja, því Gud veit, ad nær, sem þid etid

af

af því tré, munu yckar augu uppljúkaſt, og þid munud verda eins og Gud í ad þeckja gott og illt. En konan ſá, ad tréd var gott ad eta af, fagurt á ad líta, og girnilegt til fródleiks, ſvo hún tók af þeſs áverti og át, og hún gaf manni ſínum þar af, og hann át. Jóh. 8, 44. Djöfullinn var mordingi frá upphafi, og var ecki ſtödugur í ſannleikanum, því ſannleiki er ecki í honum. Þegar hann talar lygi, talar hann af ſínu egin, því hann er lygari og lyginnar höfundur.

Merk: Hefdi Gud átt ad hindra vora fyrſtu foreldra frá ad brjóta hans bodord, þá hefdi hann vrdid ad þvínga þau med almætti ſínu, þared þau vildu ecki viljuglega hlýda hans bodi og advörun. En þá hefdu þau miſt ſkynſemi ſína og frjálsræði, og undir eins vrdid ad ſkynlauſum ſkepnum, er ecki hefdu ſídan gjetad tekid á móti þeirri ſælu, ſem þeim var ætlud, hvad þó ecki var ſamqvæmt med Guds ſpeki og gædſku.

§. 5. a) Vorir fyrſtu foreldrar gátu ecki látid þad ſakleyſi ganga í ættir, til afkomenda ſinna, ſem þau hefdu ſjálf miſt; en ſídan ſjálfra þeirra edli var

var ordid spillt og skémmt, hlaut þar af ad sylgja ad nidjar þeirra e.fdu þessa spillingu.

Psálm. 51, 7. David játar: eg er fæddur med misverknadi, og í syndinni gat min módir mig. Jóh. 3, 6.

b) Sökum þess, ad syndsamleg girnd til jardneskra hluta fékk yfirrád hjá vorum fyrstu foreldrum, er hin sama girnd nú ordin kröptug í allra manna sálum; med ára fjoldanum fædir hún af sér hmislegar syndir, en daudinn er það straff, sem Gud hefir vidlagt, ef þær dehgdar væru.

Róm. 5, 12. Syndin er af einum manni komin í heiminn, og daudinn vegna syndarinnar, svo hefir daudinn sér til allra manna innþreyngt, því allir hafa syndgad. Róm. 6, 23.

Merk: a) Eins og það tré, sem er af illri tegund, getur ecki borid bestu ávexti, eins er þess ecki heldur von, ad foreldrar, sem tapad hafa sakleysi sínu og eru spilltir af vondum girndum, kunni ad gjeta góda og med allu saklausa afkomendur, því verkanin verdur ad líkjast orsökinni. Matth. 7, 16. 18. Jób. 14, 4.

b) Gud vildi ecki hindra ad sú almenna spilling, sem af hinum fyrstu mönnum kom inn í

inni heiminn, útdreifdist, eptir náttúrlegu edli og rás til allra hennra afkomenda, því hann hafdi frá eilífd fyrirhugad heim öllum nægilegt laufnar-medal vegna Krists. Róm. 11, 32. Gal. 3. 22.

§. 6. Hvørsu stór, sem spillingin var, sem komin er yfir allar manneskjur, hefir Gud þó hagad því svo, ad í vorum hjørtum skyldi eptir verda drottnandi eptirlángan til lucku og velgengnis, sem ecki leyfir oss, ad vera sljódúngis hyrdulausum um vora egin velferd.

Ephes. 5, 29. Aldrei hefir neinn hatad sinn eginn líkama, heldur fædir hann og endurnærir.

Merk: a) Sannarleg farsæld hér í heimi er einúngis innifalin í velgrundadri sinnis rósemi og ánægju. Hvad, sem móti henni stridir, er ecki verdt ad sækjast eptir, þar það er miklu meir farsæld vorri til hindrunar enn eblingar.

b) Lesti og ódygdir, sem án efa munu eptir á ábla oss mikils sinnis óróa, eigum vjer af fremsta megni ad fordast, og af ad leggja.

§. 7. Spillingin hefir samt ecki gerad svo mikid adgjørt, ad vér séum sljódúngis tilfinningarlausir um það, sem er rétt eda rángt í vorum athøfnum,

Því eptir Guds alvísu ráðstofun hofum vér allir samvitsku, er lætur oss finna til innvortis ánægju, þegar vér gjorum það, sem rétt er, en þarámót uppvekur innvortis óánægju og óróseme, þegar vér tokum oss eitthvað það fyrir hendur, sem ecki er rétt edur leyfilegt.

Róm. 2, 14. 15. Þegar Heidingjarnir, sem ecki hafa lögmálid, gjøra það af náttúrunni, sem lögmálid skipar, þá eru þeir, þótt ecki hafi þeir lögmálid, sjálfum sér í lögmáls stad; því þeir sýna, ad lögmálsins verk eru skrifud í þeirra hugskoti, med því þeirra samvitska ber þeim vitni, og þeirra þánkar, sem ásaka edur afsaka þá innbyrdis.

Merk: a) Vor samvitska er góð, þegar vjer finnum hjá sjálfum oss, ad eckert verður med rjettu fundid ad vorri breytni. Þarámóti er vor samvitska vond, þegar vjer finnum, ad vjer ecki høfum hegdad oss eins og vera ber.

b) Stærri gvol kann ecki ad hugsast, enn vond samvitska, sem ossækir med sínu álasi bædi í lífi og dauda. Þess vegna eigum vjer, því heldur kappkosta, ad lifa gudrækilega, svo vjer gjetum haldid góðri samvitsku.

c) Hjá morgum sefur samvitskan um stundarsakir medan þeir ecki gjefa gætur ad ill-

verkum

verkum sínum, en einhvern tíma mun hún samt vakna, mun þá og uppkoma þess stærri gvíði og ángur í sálunni.

§. 8. *a*) Manneskjan syndgar þegar hún verður brotleg í einhverju, sem stríðir móti Guds boði, þess vegna er það allt synd, sem ecki er samqvæmt með Guds vilja.

1 Jóh. 3, 4. Hvorr, sem syndina drýgir, hann gjörir það, sem er móti lögmálinu, því það er synd, sem er móti lögmálinu.

b) Manneskjan drýgir synd með hugrenníngum og girndum, þegar hún hefir ánægju af að hugsa um það, sem Gudi er á móti, og sækist eptir því.

Matth. 9, 4. Jesús sagði til Pharisæanna: því hugsið þér svo illt í yðar hjörtum? Matth. 15, 19. 20.

c) Manneskjan drýgir synd með orðunum, þegar hún talar um eitthvað, sem annaðhvort ecki samblýður þeirri virðíngu er hún á Gudi að veita, eða móðgar, ellegar skaðar náúngann.

Matth. 12, 36. Jesús sagði: Manneskjurnar eiga að standa reikníng á dóms-degi, af sérhverju óvidurqvæmilegu orði, sem þær hafa talað.

d) Manneskjan drygir synd med verkunum, þegar hún annadhvort gjørir eitthvad, sem Gud hefir bannad, edur lætur ógjørt, sem hann hefir skipad. 1 Jóh 3, 6. Hvørr, sem støduglega heldur sér til Guds, drygir ecki synd. Hvørr, sem syndina drygir, hefir hvørki sied Gud né adhyllst hann. Jac. 4, 17. Hvørr, sem kann ad gjøra gott, en gjørir þad ecki, hann syndgar.

Merk: Þad er ecki nóg, ad vér forduumst útvortis ill ord og verk, sem gjøra oss jafnvel fyrir mønnunum andstyggilega; heldur eigum vjer einnig ad gæta vor vid illum hugrenningum, sem ecki eru huldar fyrir alvitrum Gudi, er hefir vidbjód á þeim, og mun straffa þær.

§. 9. *a*) Allar syndir eru ad sönnu rángindi í sjálfum sér, samt eru þær ecki allar jafnstórar, eda sömu refsingar verdar. Jóh. 19, 11. Jesús sagdi vid Pílatum; sá, sem fæck mig þér í hendur hefir meira syndgad enn þú.

b) Sannkristin manneskja gétur syndgad af breiskleika, annadhvort af því hún hefir ecki betur vit á, jafnvel þó hún bædi gæti og ætti ad hafa hafi vit á því,

á því, ellegar ad hún gjørir ad ráðræði, og mót vilja sínum; en strax, sem hún verdur vor vid yfirsjón sína, ángrast hún af henni, og med einlægum ásetníngi ad vilja betra sig, bidur Gud, fyrir Krists sakir, um nád.

Róm. 7, 18. 19. Viljann til þess góda hefi eg ad sønnu, enn ecki krapt til ad framqvæma ad; því hid góda, sem eg vil, ad gjøri eg ecki, en hid vonda, sem eg ecki vil, ad gjøri eg.

c) Sinn ógudlegi syndgar af ásetníngi, þótt hann viti betur, og hann hefir yndi af því, án þess hann ángrist af illsku sinni, eda bidji fyrirgefníngar á henni, og leitist vid ad betra sig.

Philipp. 3, 18. 19. Margir breyta, eins og eg optsinnis hefi sagt ydur, og med grátandi tárum segi enn, ad þeir eru óvinir krossins Kristi, hvørra afdrif verda, ad þeir tortýnast; þeir, sem hafa magann fyrir sinn Gud, þykir sómi ad skømmunum, og sækjast eptir jardneskum munum.

d) Hvørr, sem syndgar af ásetníngi synir þar med, ad hann metur Gud einkis í hjarta sínu, og lætur ecki ásann-

ast hversu ósegjanlega gædskurikur Gud er; þess vegna er það rettvist ad hann fái hardara straff en sá, sem illa breytir, án þess ad gjora það af ásetningi. Luc. 12, 47. 48. Sá þjón, sem veit sins Herra vilja, og býr sig ecki til, eda breytir eptir honum, mun straffast hardt; en hinn, sem ecki veit hann vilja, og hversjum þó hefir á ordid, hann mun straffast minna.

Merk: Það stridir sidúngis móti peirri elsku og virdingu, sem sannkristin manneskja á ad hafa fyrir Gudi, ad gjora nockud af ásettu ráði, sem hún veit ad stridir móti Guds vilja, eda gegnar láta nockud af því med ásetningi ógjort, sem hún er skyldug ad gjora. Hvorr, sem af hjarta virdir og elskar Gud, sá fordast med mestu varúd ad brjóta vísvitandi móti nockru hans bodordi. 1 Mós. b. 39, 9. Róm. 6, 15.

§. 10. *a)* Manneskjan getur ecki ódlast neina sannarlega farsæld af syndinni, því hennar imindada kjæti hversur skjótt; en bædi órósemi og blygdan samvitskunnar, og Guds ónád fylgja eptir henni, er ásamt med steypir manneskjunni, og það stundum strax í þessu lifi, í margskyns eymd og volædi. Ordsqv. b. 14, 34 Syndin er landa og lyda tøpun. 1 Tim. 6, 10. Jac. 4, 1. 2.

b) J

b) Jeptirkomanda lífi verda strax qvalir og útilokan frá Guds nád og miskunsemi, vís gjøld og umbun syndanna, ef vér holdum án umvendunar áfram í þeim med gédþeckni og af ásetningi. Róm. 2, 8. 9. Yfir þá, sem eru mótsnúnir, og ecki hlýda sannleikanum, en fallast heldur á ránglætid, skal koma reidi og hefnd; hrellingar og harmqvæli skulu vera yfir allra manna sálum, sem illsku drýgja.

Merk: Mjog hættulegt er, ad láta syndanna tillockanir rótfestast í hjartanu; því auk þess, ad manneskjan spillir þar med hugarfari sínu og sinnislagi, svo gjetur sú synd, sem opt er um hønd høfd, ordid skjótt ad vana, og vaninn um sídir ad forherdingu, hvar af umvendanin verdur lángtum torveldari.

Fjórdi Kapituli.
Um þad hvorninn Jesús Kristur Guds Sonur hefir vidrétt manneskjurnar úr þeirra Spillingu.

§. 1. Gud vildi ecki ad syndin, sem í heiminn var komin, skyldi steypa

manneskjunum í eilífa tøpun, án þess nockur von væri um frelsi. Þess vegna hefir hann af sinni líknarfullu elsku tilskickad þeim Endurlausnara, til ad frelsa þær frá syndarinnar skadlegu verkunum, en veita þeim aptur adgáng til Guds náðar, bædi í þessu lífi, og því tilkomanda.

Jóh. 3, 16. Jesús segir: svo elskadi Gud veröldina, ad hann gaf í dauðann sinn eingetinn Son, til þess, ad allir þeir, sem á hann trúa ecki skuli fyrirfarast, heldur hafa eilífa sælu. Róm. 8, 32. Eph. 1, 6. 7.

Merk: a) Endurlausnarinn var ecki fendur til ad frelsa syndugar manneskjur frá þeirra líkamlegri naud, því þeirra sannarlega gagn útheimtir, ad Gud verdur leysa ad hørmúngar og ad mótgángur uppáfalli fyrir þeim, til ad uppvekja hjá þeim laungun eptir betra lífi, og koma þeim til ad afneita veraldlegum hjegóma. Ebr. 13, 5. 11. Jac. 1, 2. 4.

b.) Eptir speki sinni og elsku sendi Gud Endurlausnarann til ad afmá syndarinnar skelfilegu verkanir, er olla manneskjunum mestu eymdar og bágínda; því syndinni fylgja Guds reidi, óróseми samvitskunnar, øryntíng í dauðanum, ásamt med útilokun frá øllum fóma og gledi í eilífdinni, hvar ógudlegir ecki eiga von, nema á qvol og ángist. 1 Jóh. 3, 4. 2 Cor. 5, 21.

§. 2.

§. 2. Endurlausnarinn er Jesús Kristur, Guds himneska Föðurs eingetinn Sonur, sem frá eilífð hefir verið sameinaður með Föðurnum í einni og sömu sannarlega guddómlegri veru, en kom í heiminn á þeim tíma, sem Guð hafði ádur tiltekið í sínum fyrirheitum. 1 Jóh 4, 10. 15. Svo var þeirri elsku varið, ecki að vér elskudum Guð, heldur að hann elskadi oss, og sendi sinn Son til að forlíka fyrir vorar syndir. — Hvorr, sem medkennir, að Jesús er Guds Son, honum hjálpar Guð stadfastlega, og hann heldur sér stöduglega til Guðs. Jóh. 3, 17. 18.

1 Mós. b. 22, 18. Drottinn gaf Abraham það loford: af þínu afkvæmi skulu allar þjódir á jordunni blessun hljóta. Gal. 3, 16. 1 Mós b. 3, 15.

Merk: a) Eptir Guds egin skipun var Endurlausnarinn kalladur Jesús, er þýdir Frelsari, svo þar med vrði sagt, að hann ætti að frelsa mannkynið frá þeirri eymd, í hvorja syndin hafði steypt því. Matth. 1, 21.

b) Endurlausnarinn kallast Kristur edur Messías, vegna þess, að spádómarnir tala um hann, svo sem þann Drottins smurða, er vera skyldi Herra og Kóngur í andlega náðarrík-

ríkinu, hvort Gud ætladi ad láta hann stipta til syndaranna frelsis.

c) Enginn annar enn Jesús af Nazareth gétur verid Messías, því ad hann kjenni teikn, sem honum eru tillogd í Guds syrirheitum, ega fullkomlega heima hjá honum. Jóh. 7. 40. 42. Matth. 26, 63. 64. Jóh. 4, 25. 26. 9, 35. 38. 18, 32. 37.

Messías átti, ad því leiti, sem hann var manneskja, ad vera kominn af Abrahams ætt 1 Mós. b. 22, 18. og Davíds kynþætti, Esa. 11, 1. líka fædast í Bethlehem, Davíds borg, Mich. 5, 1.

Messías átti ad koma í heiminn, ádur enn Gydingar hefdu eldúngis mist sina egin valdstjórn, 1 Mós. b. 49, 8. 10. ádur enn seinna musterid í Jerúsalem eydilagdist, Haag. 2, 7. og ádur enn sú Tíd væri lidin, sem Spámadurinn Daniel hafdi tiltekid, Dan. 9, 24. 27.

Messías átti fyrst ad lída sára pínu og líflátinn verda, en strax þar eptir upprísa af grofinni til óforgengilegs lífs, og med því, ad útbreida sinn lærdóm, snúa morgum þjódum frá skúrgoda dýrkun til sannleiksins þekkingar. Psálm. 22, 1. 19. Es. 53, 1. 9. Pf. 16, 5. 11. 110, 1. 4. Esaj. 42, 1. 9, 53, 10. 12. 55, 1. 5.

Allt þetta er framkomid eingúngis á Jesú frá Nazareth, og gjetur sídan ecki framkomid

komid vid neiun annann, því þau kjennimerki, med hvorjum þeim tilkomanei Messías var lýst, eru ecki lengur til.

§. 3. Guds Son Jesús Kristur, er ad því leiti, sem hann er manneskja, kominn í heiminn á þann hátt, ad hann fæddist af Maríu meyju. Hann sameinadi þá guddómlegu náttúru vid hina manndómlegu, sem tilbúin var í móðurlífi af heilags Anda krapti, med þeim hætti, sem vér ecki getum skilid, svo ad hann er undir eins bædi Gud og madur, og verkar ætíd med bádum sínum náttúrum.

Matth. 1, 20. 21. Engillinn sagdi vid Jóseph, sem var trúlofadur Maríu: vhladú ecki fyrir þér, ad taka Maríu þína sestar-konu heim til þín, því hennar fóstur er af heilögum Anda, og hún mun Son fæda, og hans nafn skalt þú kalla Jesús, því hann mun frelsa sitt fólk af þess syndum. Lúc. 1, 35.

Róm. 9, 5. Kristur er eptir holdinu, edur sínni manndómlegu náttúru, af fedrunum, hann, sem er Gud yfir øllu, blessadur ad eilífu.

Merk: Allt það, sem Jesús Kristur útverkadi handa oss, gjordi hann ecki, sem einúngis

engis manneskja, heldur, sem Gud og madur undir eins. Þess vegna höfum vjer líka sterkustu fullvissu um, ad hans lærdómur sje af Gudi, og ad sú endurlausn, sem hann hefir oss afrekad, sje fullgyld.

§. 4. *a*) Jesús Kristur vard sannarleg manneskja med sálu og líkama eins og vér, en þó án syndar, og fullkomlega heilagur í öllu sínu framferdi. Jóh. 8, 46. Jesús spurdi sína óvini: hvorr af ydur getur bevísad uppá mig nockra synd? 1 Pét 2, 22. Ebr. 7, 26.

b) Jesús syndi í öllu sínu líferni hlýdni vid öll Guds Bodord, bædi til ad afreka oss betra réttlæti, og líka til ad eptirláta oss hid besta eptirdæmi, hvorju vér skyldum fylgja skyldum. Róm. 5, 19. Eins og af þess eina manns (Adams) óhlýdni, erum þeir margir syndugir ordnir, eins munu líka þeir margir af hins eina (Jesú Krists) hlýdni, verda réttlættir.

1 Pét. 2, 21. Kristur hefir oss eptirdæmi gefid, til þess vér skyldum fara í hans fótspor. Matth. 11, 29. Phil. 2, 5.

Merk: a) Eins og Jesú Krists eptirbreytendur, eigum vér ad hafa hans dæmi, med alvar-

alvarlegri ástundun audsýna, ad vér séum ánægdir med það, sem Gud vill vera láta, Matth. 26, 39. líka hafa eptirlaungun og kapp á ad gjora það, sem honum er þóknanlegt. Jóh. 4, 34.

b) Vér eigum eptir Jesú dæmi láta ásannast í verkunum, ad vér elskum alla menn, med því ad kjenna í brjósti um þá aumu, og hjálpa þeim eptir efnum. Lúc. 7, 11. 17. Matth. 9, 35. 36. líka fúslega fyrirgjefa vorum mótstodumönnum, Lúc. 23, 34. og vera reidubúnir til ad þjena þeim í ollu. Jóh. 13, 1. 20.

c) Vér eigum képpast eptir ad líkjast Jesú í þolinmædi, 1 Pet. 2, 23. Matth. 26, 47-54. Lúc. 22, 61-68. einnig í því ad vera ánægdir og afneita sjálfum ós vegna sannleikans. Matth. 8, 20.

§. 5. a) Þegar Jesús var þrjátýgi ára gamall, lét hann skíra sig í ánni Jórdan og þá var af himnum med dýrdlegum hætti kunngjort, ad hann væri Guds Sonur.

Matth. 3, 16. 17. Þegar Jesús var skírdur, sté hann jafnskjótt uppúr vatninu, og sjá! ad himnarnir lukust upp yfir honum, og hann sá Guds Anda ofan stíga, og yfir hann koma, og sjá! ad röddin af himni sagdi: þessi er Son-

ur minn elskulegur, á hvørjum eg hefi velþóknan.

b) Jesús var strax eptir skírnina á eydimørku reyndur í fjørutýgi daga med margsslags hætti, svo ad hann med sínu stöduglyndi gæfi oss dæmi til ad breyta eptir.

Marc. 1, 12. 13. Andinn (Guds Andi) færdi hann jafnskjótt út á eydimørkina, og Jesús var þar í fjørutýgi daga, og vard freistadur af andskotanum. Matth. 4, 1-11.

c) Eptir ad Jesús var skírdur, og hafdi afstadid freistinguna, ferdadist hann umkríng medal Gydínga á fjórda ár, og kenndi þeim eins og spámadur af himnum sendur, Guds rád og vilja, um syndaranna frelsun og sáluhjálp.

Marc. 1, 14. 15. Jesús prédikadi lærdóminn um Guds ríki, og sagdi: tíminn er kominn og Guds ríki nálægist, sjáid ad ydur og trúid Evangelió. Matth. 4, 23.

d) Medan Jesús gekk í kríng og kenndi, stadfesti hann opt kénningu sína med miklum og gædskuríkum kraptaverkum, sem augljóslega sýndu, ad hann var af Gudi sendur. Matth.

Matth. 11, 4. 5. Jesús sagdi vid lærisveina Jóhannis skírara: farid og kunngjórid Jóhanni, pad, sem pér heyrid og sjáid: blindir fá syn, haltir ganga, líkpráir hreinsast, daufir heyra, daudir upprísa og voludum verdur Evangelium bodad. Post g. b. 10, 37. 38.

Merk: a) Med Jesú Krists dýrmæta lærdómi, er hvad af hvorju afmád og upprætt sú vidurstyggilega hjátrú og afgudadýrkan, sem ádur drottnadi í verøldinni. 1 Cor. 8, 4-6.

b) Med Jesú lærdómi hofum vér fengid rétta peckingu á Gudi og hans vilja í því, sem vidkjemur syndaranna sáluhjálp. Jóh. 14, 5-7. 17, 3. 6. 8. 14. 17.

c) Jesús hefir kennt oss pad, sem vér annars værum ecki fullvissir um, nefnilega: ad annad líf sé til eptir petta, og ad gudhræddir komi eptir daudann í eilífa sælu. Jóh. 3, 14. 18. 5, 21-29. 1 Pet. 1, 3-5. 2 Tim. 2, 8-10.

d) Jesú lærdómur er oss besti leidarvísir til dygdafulls lífernis. Matth. 5, 6. 7. 13. 15. 18. 20. 22. 25. Lúc. 10, 16. 18. Jóh. 13, 14. 15. 16.

e) Hvorr, sem med einlægu hjartapeli vill medtaka Jesú lærdóm og fylgja honum, mun sannarlega komast ad raun

um, ad í honum er gudlegur kraptur, til ad betra hjartad, hugga samvitskuna og stadfesta vonina um eilífa sælu. Parmed styrkist líka í kristugasta máta vor fullvissa um, ad þessi lærdómur sje Fodursins ord, sem hann ljet Soninn opinbera mannkyninu, og ad sá lærdómur er þess vegna í sannleika guddómlegur. Jóh. 7, 16. 17. 8, 31-36. 12, 44-50. 14, 8-10.

§. 6. *a*) Medan Jesús kenndi á Gydingalandi, var hann undirorpinn margskonar ofsóknum, þared høfdingjar Gydinganna fyrir ofundarsakir yfir því hvad mikid honum tókst vid almúgann, og af hatri vid Jesúm, af því hann vildi ecki segra vondsku þeirra, reyndu til bædi med vélum og ofriki, ad taka hann af lífi. Lúc. 19, 47. 48 Hann kenndi daglega í musterinu, en yppurstu Prestarnir og skriptlærdir og høfdingjar lydsins sóktu eptir ad fyrirkoma honum, þó fundu þeir ecktert, er þeir gæti gjørt, því allt fólkid hné ad honum, og hlýddi honum. Matth. 12, 14. 22, 15-21. 27, 18. Lúc. 20, 20.

b) Jesú eginn lærisveinn, svikarinn Júdas, var um sídir keyptur til ad selja hann høfdingjunum í hendur, sem þá dæmdu hann án allra saka til dauda, og

og fengu hann heidna Landsdómaranum þeim pontverska Pílató. Þessi Pílatus óttadist reidi Keisarans, hvorri þeir hótudu honum, og lét móti vilja sínum húdstrýkja Jesúm, þyrni krýna, bæda og negla eins og illvirkja á krossinn, hvar hann uppgaf sinn anda.

Matth. 20, 18. 19. Jesús sagdi fyrirfram vid sína lærisveina: sjá! vér förum nú upp til Jerúsalem, og mannsins Son mun seljast Presta-höfdingjum og skriftlærdum í hendur, og þeir munu dæma hann til dauda, og fá hann Heidingjum til ad láta spotta hann, húdstrýkja og krossfesta. Matth. 16, 21-23. 17, 22. 23. Lúc. 18, 31-34. Matth. 26, 14. 16. Marc. 14, 43-46. Jóh. 13, 21-30 18, 1-9.

Lúc. 23, 46. Loksins kalladi Jesús á krossinum med hárri raustu og sagdi: Fadir! í þínar hendur, fel eg minn anda, og í því hann sagdi þad, uppgaf hann sinn anda. Joh. 19, 33-37.

e) Jesús vard ecki einasta ad þola sára pínu á líkamanum, heldur leid hann líka á sálunni hræsa qvöl og ángist vegna mannanna synda.

Matth. 26, 37-39. Þegar Jesús var kominn í grasgardinn, tók hann ákaflega ad hriggjast, segjandi: mín sál er hrigg allt til daudans: þar eptir géck hann lengra fram, fell nidur á sína ásjónu, bad og sagdi: minn Fadir! ef þad er mögulegt, þá lídi þessi kaleikur frá mér! þó ecki eins og eg vil, heldur eins og þú vilt. Matth. 27, 46. Luc. 22, 41-44.

Merk: a) Jesús sýndi med hugprýdi sinni ad hann var ecki hræddur fyrir daudanum, þegar hann gieck á móti óvinunum, sem vóru ad leita ad honum, hann vissi líka ad hinir himneskn andar mundu veita sjer lid, ef hann vildi slíta sig úr höndum óvina sinna; og þar ed þeir allir duttu til jardar þegar hann talaði, sýndi hann hvad hægt sjer hefdi veitt, ad sleppa frá þeim, ef hann hefdi viljad. Matth. 26, 53. Jóh. 18, 4-6.

b) Þad var ecki ad undra þó Jesú eins og manneskju bleskradi ad hugsa til þeirrar ógnarlegu pínu, er fyrir honum lá. En laungu ádur vissi hann, hvad yfir sig mundi koma, var samt ætíd óhræddur og reidubúinn til ad taka þad alltsamau mannanna vegna uppá sig eptir síns fodurs vilja. Þar af er audrádid, ad hans mikla sálar ángist hafi einkanlega komid af því, ad hann setti sér fyrir sjónir allra syndugra manna misbrot,

svo

svo vidbjódsleg, sem þau eru, og sá að öll þau vóru sjer nú tilreiknud. Es. 53, 6. 12 Ebr. 5, 7. 9.

§. 7. *a*) Jesús var øldúngis saklaus, og vard ad lída, án þess hann sjálfur hefdi í nockru misbrotid edur syndgad. Lúc. 23, 4. Pílatus sagdi vid kénnimanna hofdíngjana og fólkid: eg finn enga søk hjá þessari manneskju. Matth. 27, 4. 18. 19. 23. 24.

b) Jesús geck med fúsum vilja undir pínuna, og af elsku og medaumkun yfir oss syndurum eptir sins himneska Fodurs rádi og vilja, þar vér annars hefdum eiliflega tortýnst, vegna vorra synda. Philipp. 2, 6. 8. Þó ad Jesús Kristur væri í Guds mind, fór hann samt ecki med það eins og það væri herfáng, ad hann var líkur Gudi, heldur lítilækkadi hann sjálfann sig, tók á sig prælsmind; — og vard hlýdugur allt til dauda, já! allt til dauda á krossinum. Jóh. 10, 11. 18. Psalm. 40, 6. 9.

c) Jesús leid pínuna í allra syndugra manna stad, og fyrir oss alla svo hann gæti fridþægt fyrir vor mørgu afbrot med ad þola það straff, sem vér allir høfdum tilunnid; og med þvílíkum hætti

gat Gud fyrirgéfid oss syndirnar, án þess ad gjora móti réttdæmi sínu, eda skérda sitt logmál, ellegar veikja sitt Herradæmi.

Matth. 20, 28. Jesús segir: mannesk-junnar Sonur er ecki kominn til ad láta sér þjóna, heldur ad hann þjóni sjálfur, og úrgefi sitt líf til lausnar-gjalds fyrir marga. 1 Tim. 2, 5. 6. Jóh. 6, 51. Róm. 5, 7. 8.

Matth. 26, 28. Þegar ad því var komid, ad Jesús gengi til daudans, sagdi hann: mitt blód úthellist fyrir marga til syndanna fyrirgéfningar. Ephes. 1, 7. 1 Cor. 15, 3. Esa. 53, 4. 12. Ebr. 10, 1. 14.

Ephes. 5, 2. Kristur elskadi oss og gaf sig sjálfann út fyrir oss, til fórn-færingar og slátrunar offurs, svo Gudi væri það þóknanlegt. Ebr. 10, 1. 22. 2 Cor. 5, 15. 21.

Merk: a) Á gamla Testamentisins tíd-um vard yppartí Prestur Gydinganna eptir Guds skipun á hinni stóru Fridþægjingar-hátíd, ad bera offur inní helgidóminn, til forlíkunar fyrir fólksins syndir. 3 Mós. b. 16, 1. 28. En þetta offur átti ad fyrirminda fridþægjandi pínu og dauda Endurlausn-arans

arans, er koma skyldi, Gydingum til advorunar og endurminningar um thad straff, er syndin hafdi tilunnid. Ebr. 10, 1-4.

b) Thegar Jesús fórnfærdi sér sjálfum til fridthægingar fyrir heimsins syndir, syndi hann, ad hann væri sá rétti ædsti Prestur, hvorn Gud hafdi tilsett, og hann frambar thá forlikunar fórn, sem einsamul nægir, til eilífrar fridthægingar fyrir alla. Ebr. 9, 11. 14.

c) Gamla Testamentisins fórnfæringar aftókust oldúngis, thegar Jesús Kristur offradi sjálfum sér; en all hjátrúarfull fridthægingar medal, sem mennirnir hofdu sjálfir uppfundid, og sem ætíd hofdu verid krapta laus og einkis verd, fjellu thá af sjálfum sjer um koll, og urdu ad engu.

d) Vér eigum ad leita nádar hjá Gudi einúngis vegna Jesú Krists, sem allt í einu hefir fullnægju gjort fyrir alla menn, og med sínu pínu og dauda opnad ollum oss adgáng til ad ødlast fyrirgjefníngu syndanna, thegar vjer snúum oss af hjarta og trúum á hann. Ebr. 4, 14-16. 7, 26. 27. 9, 24-28. 10, 19-31.

§. 8. a) Jesús Kristur tók sitt líf aptur á thridja degi eptir sinn dauda, og uppreis úr grøfinni eins og hann hafdi sjálfur ádur fyrisagt; thareptir var hann

fjøru-

fjórutýgi daga á jørdunni hjá ørum sínum og lærisveinum, hvorra trú hann stadfesti med kénníngu og áminníngum.

Post. g. b. 1, 3. 9. Eptir ad Jesús hafdi lidid pínuna, tjedi hann sjálfann sig Póstulunum lifandi, med mørgum augljósum sannfæringum og lét þá sjá sig um fjórutýgi daga, og talaði fyrir þeim um þá hluti, sem heyrdu til Guds ríki. Post. g. b. 3, 13. 15. Matth. 16, 21. 17, 21. 20, 17. 27, 63.

1 Cor. 15, 3. 7. Kristur, sem dó vegna vorra synda, eptir ritníngunum, og var grafinn, hann er upp aptur risinn á þridja degi eptir ritníngunum, og er sjedur af Ressa, og sídan af þeim tólf; því nærst var hann sjedur af meir enn fimm hundrudum brædra í einu; af hvørjum flestir vóru á lífi, þegar Postulinn Páll skrifadi þetta. Matth. 28, 1. 20. Marc. 16, 1. 16. Luc. 24, 1. 49. Jóh. 20, 1. 31. 21, 1. 25.

b) Eptir ad þeir fjórutýgi dagar vóru lidnir, var sá upprisni Jesús ecki lengur sýnilega nálægur á jørdunni, heldur fór hann upp til himna, ad ásjáandi lærisveinunum, eptir ad hann hafdi

blest-

blessad þá og gefid þeim makt og myndugleika til ad útbreida sinn lærdóm medal allra þjóda.

Lúc. 24, 50-52. Þegar Jesús hafdi lokid tali sínu vid lærisveinana, fór hann med þá til Bethania, upplyfti sínum hendum og blessadi þá. En þad skédi í því hann var ad bless þá, ad hann skildist frá þeim, og vard uppnuminn í himininn, en þeir tilbádu hann, og snéru aptur til Jerúsalem med miklum fognudi. Matth. 28, 18-20. Marc. 16, 19. Post. g. b. 1, 9-11. Ephes. 4, 8.

c) Þegar Jesús var til himins farinn, settist hann til hægri handar Fodurnum, hvad ed þýdir, ad hann tók til ad stjórna heiminum med sínum himneska Fodur, svo ad allar skynsemdarfullar sképnur eiga ad játa, ad hann sé þeirra Herra, og eiga ad tilbidja hann.

Phil. 2, 9-11. Gud hefir hátt upphafid hann, og gefid honum þá tign, sem er yfir öllum tignum, svo ad fyrir Jesú tign skulu öll kné beygja sig, þeirra, sem á himnum og á jördu og undir jördunni eru, og allar túngur skulu játa, ad Jesús Kristur sé

Drott-

Drottinn, Gudi Fødur til æru. Ephes. 1, 20-22.

a) Einkum er Jesús Kristur, ad því leiti, sem hann er Endurlausnari, sins safnadar andlegur Kóngur og Drottinn, þar ed hann ber umhyggju fyrir, ad ætíd séu þeir á jordunni, sem játi hans dird, og ad vantrúin ecki géti med vélum eda ofriki eydt þeim; hann hagar því líka svo, ad hans lærdómur útbreidist medal manneskjanna, þar, sem hann sjer, ad hann fær framgáng til samrar nytsemi. Jóh. 18, 36. 37. Jesús játadi fyrir Pílató: mitt ríki er ecki af þessum heimi; og samt er eg Kóngur, en þar til er eg fæddur, og þar til er eg í heiminn kominn, ad eg skuli bera vitni um sannleikann. Hvørr, sem elskar sannleikann, sá heyrir mina rødd. Luc. 1, 31-33. 2, 11. 2 Sam. 7, 12. Psálm. 45, 7. 110, 1-4. Esa. 53, 11. 12. Post. g.b. 5, 31. Gud hefir upphafid hann til sinnar hægri handar til þess hann sé leidtogi og lausnari, ad veita Israel apturhvarf og syndanna fyrirgefningu. Matth. 16, 17. 18.

b)

c) Jesús er vor talsmadur hjá sínum himneska fødur, og bidur fyrir oss, ad sín endurlausn megi koma oss til gagns og nota, svo vér ecki fyrirfarumst vegna vorra synda, heldur fáum nád til apturhvarfs, trúar og helgunar, og gétum odlast þá sáluhjálp, sem hann útvegadi oss.

1 Jóh. 2, 1. 2. Vér høfum talsmann hjá Fødurnum, Jesúm Krist þann réttlæta, hvørr ad er forlikun fyrir vorar syndir, þó ecki einúngis fyrir vorar, heldur og líka fyrir allrar veraldarinnar (syndir).

Ebr. 7, 25. Hann gétur gjørt þá ætíd sáluhólpna, sem hann lét koma til Guds, því hann lifir æfinlega, til ad bidja fyrir þeim. Róm. 8, 34.

Merk: a) Med sinni upprisu og himnafor hefir Jesús sannad, svo eckért verdur á móti haft, ad hann er sendur af Gudi, og er í sannleika Guds Sonur, eins og hann sagdist vera. Matth. 12, 38-40. Róm. 1, 4.

b) Þared Jesús er upprisinn frá daudum, og uppstiginn til himna, høfum vjer nú mesta fullvissu um, ad Gud hefir álitid hans fridþægingu fullgylda, heiminum til

endurlausnar, líka og, ad eptir þetta muni koma betra líf, og ad vorir líkamir munu ecki æfinlega verda ad engu, heldur, þegar þar ad kiemur, uppríſa úr duptinu, til óforgengilegs lífs. Róm. 4, 25. 1 Cor. 15, 12-34.

c) Ef vér viljum hafa huggun af því, ad vjer vitum, ad Jesús Kristur er vor andlegur Kóngur og Herra, þá eigum vér, eins og hollir og dyggvir þegnar, ad heidra og elska hann, og líka hlýda hans bodum; því þeir, sem sdruvísi lifa, mega álítast eins og upphlaups-menn í hans ríki, og vænta þess, ad óhlýdni þeirra verdur strøffud eptir makleg-leikum. Matth. 7, 21-23.

Lærdómurinn um Jesúm Krist, og hans friðþægingu er í stuttu máli útskirdur í annari grein Trúarjátningarinnar í Fræðunum.

Fimti Kapituli.

Um þad, hvørninn syndararnir verda hluttakandi í þeirri nád og sáluhjálp, sem Kristur hefir þeim útvegad.

§. 1. Jesús Kristur hefir ecki med sinni endurlausn gefid oss leyfi til ad syndga; miklu heldur hefir hann því fremur

ur skuldbundid oss til ad fordast það illa, og kappkosta af fremsta megni, ad láta oss framfara í gódu.

Tit. 2, 11-14. Guds nád, sem øllum mønnum er heilsusamleg, hefir birst, og kennir oss ad afneita ógudlegu athæfi, og veraldlegum girndum, en lifa sparlega, réttvíslega, og gudræklega í heimi þessum, þar vér lifum í von um sæln og dirdlega auglýsingu hins mikla Guds, og vors Endurlausnara Jesú Krists, sem sjálfann sig gaf í daudann fyrir oss, til þess hann endurleysti oss frá øllu ránglæti, og hreinsadi oss, svo vér séum hans ásgætt fólk, kostgæfid til gódra verka. Gal. 2, 17. 2 Cor. 5, 14. 15.

Merk: Hvorr, sem rjettilega þeckir Jesú Krists endurlausn, sá uppørfast þaraf til þess meirí vidbjódsá syndinni; því þegar vjer athugum hvorr Jesús Kristur var, og hvad mikid hann vard ad lída vegna vorra synda, þá er eins og afmálad sje fyrir vorum augum, hvørsu andstyggileg syndin sje, og sú tíd muni koma, ad vjer verdum fyrir þúngu straffi, ef vjer høldum áfram, og hættum ecki ad syndga, þó vjer vitum betur.

§. 2. Sérhvørr, sem vegna Krists girnist ad fá adgáng til Guds nádar

og eilífa sáluhjálp, á med sønnu apturhvarfi ad láta af syndunum, og med einlægri trú medtaka Jesúm Kristum Guds Son, fyrir sinn endurlausnara, sinn lærimeistara og sinn Drottinn.

Lúc. 24, 47. Kristur skipadi, ad í sínu umbodi skyldi predikast øllu fólki apturhvarf og syndanna fyrirgefning. Post. g. b. 20, 21.

Jóh. 3, 36. Hvørr, sem trúir á Soninn hefir eilíft líf, en hvørr, sem ecki trúir á Soninn, skal ecki sjá lífid, því Guds reidi blífur yfir honum. Post g. b. 10, 43. Ebr. 5, 9.

Merk: Sannarlegt ángur og tregi fyrir syndirnar verdur ad gánga á undan, þegar trúin á Kristum á ad vera sølskalaus. Því getur heldur enginn huggad sig med Jesú Krists fridþægínum, nema sá, sem lætur af illu, og kappkostar ad fara dagvarandi í því góda. Post. g. b. 2, 37. 47. 3, 17. 26.

§. 3. Til sannarlegs apturhvarfs útheimtist, ad vér med einlægri ydrun kønnumst vid vorrar ávirdingar, bidjum Gud audmjúblega fyrirgéfningar á þeim og alvarlega einsetjum oss framvegis ad bætra meir og meir vort líferni.

2 Cor.

2 Cor. 7, 10. Sú hrigd, sem er eptir Gudi, verkar apturhvarf til sálu-hjálpar, hvørs engann ydrar. Lúc. 15, 21. 18, 13.

Post. g. b. 3, 19. Takid því sinna-skipti, og snúist, svo ydar syndir verdi afmádar. Psálm. 51, 3-23.

Merk: a) Manneskjan er optast súsari á ad afsaka enn jára sínar ávirdíngar, þess vegna mundi hún ecki heldur alvarlega ydrast syndanna, ef samvitskan kæmist ecki endur og sinnum vid af Guds orda krøptugum áminningum med samverkun heilags Anda; En þad stendur í sjálfra vor valdi, hvørt vjer eptirá viljum færa oss slíkar advaranir í nyt, og til frekari umþenkíngar, ellegar útrýma þeim úr hjartanu, og standa þannig á móti Guds nád, hvar af vjer æ meir og meir forherdumst.

b) Manneskjan gjetur haft ángur af syndunum vegna hrædslu fyrir þeirra straffi, en einkanlega eigum vér knýjast til ángurs fyrir syndirnar, af blygdun vegna vors vanþacklætis vid hinn góda og gædskurika Gud, sem ecki einasta eiur oss og vidheldur af einskjærri nád, heldur og sjerilagi hefir látid kunngjøra oss í sínu heilaga ordi þá mikla sælu, sem Kristur hefir oss útvegad, og þar ad auki ecki heimtar annad af oss, enn þad, sem augljósiega horfir til vors sanna gagns, og til ad afvenda vorri egin fortøpun.

c) Þegar ángrid vegna vorra synda er svo einlægt, ad vér af alvoru fordumst það illa, sem vjer dhgt. höfum, annadhvort med þaunkum, ordum eda verkum, þá er oss eckért takmark sett hvad lengi það skuli vara, eður hvað mikid það skuli vera. Gud lítur einúngis eptir, hvort vort ángur sje einlægt, eðlegar ecki.

§. 4. Sannarleg trú á Jesúm Krist til sáluhjálpar er innifalin í því, ad vér höfum það traust og huggunar athvarf til Jesú Krists vors Endurlausnara, ad þared hann med sinni pínu og dauda fridþægdi fyrir oss, muni Gud fyrirgéfa oss vorar syndir, svo framarlega, sem vér ydrumst þeirra af öllu hjarta, og einsetjum oss, ad syndga ecki framvegis viljandi, heldur laga vorn lifnad eptir Jesú Krists heilaga lærdómi, og hlýda honum, sem vorum réttum Herra.

Ephes. 3, 12. Vegna Jesú Krists vors Drottins, höfum vér djörfúng og adgáng til Guds, med trausti af trúnni á hann. Jóh. 6, 40.

Róm. 8, 33. 34. Hvörr vill ásaka Guds útvalda? Gud er sá, sem réttlætir. Hvörr vill fordæma? Kristur er

ek sá, sem dáinn er, já, miklu meira, sem líka er uppristinn, situr vid Guds hægri hønd, og bidur fyrir oss.

Merk: a) Pad heyrir til trúarinnar á Jesúm, ad vér séum vissir um, ad hann er í heiminn kominn, til ad uppfræda og endurleysa syndugar manneskjur; þó er þetta ecki nóg til sannrar trúar, því sá gjetur líka verid sannfærdur um þetta, sem med sínu líferni afneitar honum í því ad hlýda ecki hans bodordum. Matth. 7, 21. 23.

b) Vjer verdum ad finna med sjálfum oss, hversu mjog vér þurfum Guds nádar vid, ef vjer viljum meta Krists endurlausn eins og verdr er; því annars væri vor trú eckert nema kald játning med vorunum. Þess vegna er einúngis sanna trú ad finna hjá þeim ydrandi, sem þeckja hvad andstyggileg syndin er, og hafa innilega laungun eptir Guds nád, vegna Krists. Matth. 9, 12. 13.

c) Trúin gétur verid veik medan hugskotid finnur ecki neina upplífgandi huggun af ad tileinka sjer Jesú Krists fridhægingu, edur þá þad stundum ángrast af hræddu og efasemi; en þvílík trú er engu ad sídur sönn og Gudi þóknanleg, þegar hún audsýnir sig med sannarlegri laungun eptir Guds nád, vegna Krists, og kappkostar af fremsta megni, ad gjora þad, sem Gud vill. Marc. 9, 24.

d) Sú trú er dauð og ávaxtarlaus, sem ecki betrar hugarfarid, og ecki audsýnir sinn krapt í gudrækilegu líferni.

Sönn og lifandi trú á ad sýna sig kroptuga og verkandi í dygdafullu líferni. Jac. 2, 14-20.

§. 5. a) Ver gétum ecki af egin kroptum snúid oss og trúad, þared syndin hefir veikt oss, samt megum vér ecki forsóma ad leggja allt kapp á vora sálar betrun.

Róm. 8, 7. Ad stunda þad, sem spillt náttúra vill, er fjandskapur í gégn Gudi, þar það stríðir í móti hans vilja; því hún hlýdir ecki Guds løgmáli, og gétur ecki heldur gjørt það. 1 Cor. 2, 14.

b) Heilagur Andi er ætíd reidubúinn til ad ebla vora betrun, og láta oss framfara í því góda med Guds ordi, sem hann hefir sjálfur inngéfid þeim heilogu skrifurum.

1 Cor. 6, 11. Postulinn Páll ber Korintu-monnum á brýn, ad nockrir medal þeirra hafi ádur verid lastafullir, en nú, segir hann: erud þér þvegnir, þér eruð helgadir, þér erud réttlættir í nafni Drottins vors Jesú, og af vors Guds Anda. Phil. 2, 13. Ephes. 3, 16.

Ebr. 13, 21. Fridarins Gud tilbúi ydur til allra gódra verka, til ad gjøra

hans

hans vilja, og verki það með ydur, sem honum er sjálfum þóknanlegt, fyrir Jesúm Krist.

c) Af réttri brúkun Guds orda fáum vér rétta þekkingu á Guds vilja, og ódlumst kraft til ad laga vorn lifnad eptir þeim, ef vér ecki sjálfir stondum á móti náð þess heilaga Anda, sem í hugskotinu verkar med Guds ordi, og uppvekur í samvirkunni þær áminningar, sem vér ecki megum niðurkéfja.

2 Tim. 3, 15. 17. Þú kannt heilaga Ritníngu, sem gétur uppfrædt þig til sáluhjálpar med trúarlærdóminum um Jesú Krist. Öll heilög Ritníng er innblásin af Gudi, og nytsamleg til lærdóms, til sannfæringar til leidréttíngar, til uppfræðíngar í réttlætinu, svo ad Guds madur sé algjör, og til alls góds verks hæfilegur.

Merk: Til ad hafa Guds ord réttilega um hond útheimtist, ad vér heyrum það og lesum med gaumgæfni, og einlægum ásetníngi til ad læra það, ofs til betrunar og sáluhjálpar. Þegar vjer ecki þannig brúkum Guds ord, fær heilags Anda náð eckert verkad í sálunni, þared Gud, sem hefir

hefir gjefid oss fullt vit og frjálræði, hvørki vill nje gjetur þvíngad oss til góds med þeirri makt, sem vjer ecki gjetum móti stadid.

§. 6. Umvendt og rétt-trúandi kristin manneskja gétur, eptir því, sem Gud hefir í sínu ordi lofad, verid sannarlega fullviss um, ad hún er hjá Gudi, vegna Krists, réttlát ordin, og ad hennar fyrri syndir ecki tilreiknast henni, heldur skuli straffid fyrir þær, vera henni oldúngis eptirgéfid, þared Gud, vegna Krists, tileinkar henni, eins og hlýdnu barni og trúum þénara, aptur á mót sína nád og blessun.

Róm. 3, 24. 25. Vér verdum réttlættir án verdskuldunar af Guds nád med þeirri endurlausn, sem Jesús Kristur hefir afrekad, hvørn Gud tilsetti, ad hann skyldi vera sá nádar-stóll, hvar leita ætti syrirgésníngar á syndunum, fyrir trúna á hans blód, edur á hans pínu og dauda.

2. Cor. 5, 21. Þann, sem ecki vissi af synd, hefir Gud gjørt ad synd fyrir oss, edur í vorn stad látid fara med hann eins og sekann syndara, svo ad vér hans vegna yrdum réttlátir fyrir Gudi. Róm. 8, 1-4.

Merk:

Merk: Í heilagri Ritníngu brúkast hnislegir talshættir, til ad sýna hvørninn til skuli ganga hjá þeirri syndugri manneskju, sem betrast á af heilags Anda nádar verkunum.

a) Ritníngin talar um Guds kallan til mannanna, sem er í því innifalin: ad hann í sínu ordi gjefur þeim tilefni til ad girnast þá endurlausn, sem Kristur hefir útvegad, og þar ad auk leitast vid med ødrum hætti, svo sem med þjáníngum og velgjørníngum, ad uppvekja þá til ad þenkja um þeirra andlegt ásigkomulag. Matth. 9, 13. 11, 28. 1 Thess. 2, 12. Þs. 119, 71. Róm. 2, 4.

b) Ritníngin talar um upplýsíngu, og vill þar med láta skiljast, ad heilagur Andi uppfrædi vorn skilníng med ordinu, svo vjer fáum sanna þeckíngu um Guds rád og vilja, er vidvíkur syndugra manna betrun og endurlausn. Eph. 1, 18. Post. g. b. 26, 17. 18.

c) Med ordinu endurfæding gjefur Ritníngin til kynna þad sælusulla ástand, sem kristin manneskja kjemst í, þegar hún med sannri ydrun lætur af illu og med rjettri trú á Kristum fær lyst og laungun til góds, edur verdur ad annari og betri manneskju, því þar med er eins og hún fædist ad nýju, þared hennar sinnislag og hugarfar snúast frá illu til góds, eptir Guds vilja. 1 Pet. 1, 3. Jóh. 3, 3. 2 Cor. 5, 17.

d) Pad sem Ritníngin kallar helgun, er trúads kristins manns dagleg framfør í dygdum

um og gudhræðslu, sem eblist af samverkandi náð heilags Anda, med yduglegri brúkun Guds orda, bæn og árvekni. 1 Thess. 5, 23. 2 Cor. 7, 1. Róm. 12, 1. 2.

Pridja grein Trúarjátningarinnar í Fræðunum, sýnir í stuttu máli, hvorninn heilagur Andi leidir manneskjuna med sínum náðar verkunum og ordinu til sannarlegs apturhvarfs og ávaxtarsamrar trúar á Jesúm Krist. En í annari bæninni í Fræðunum uppvekjumst vjer til ad bidja um adstod heilags Anda, svo vjer gjætum ordid sannir kristnir, er sýni sig verduga ad vera þegna í Krists náðar-riki; og í þridju bæninni verdum vjer minntir á þá hlýdni, sem vér erum Gudi um skyldugir, til ad audsýna med henni vora trú.

Sjøtti Kapituli.

Um Trúarinnar áverti í heilogu líferni.

§. 1. Par af á ad sjást hvørt vor trú á Kristum sé sønn og lifandi, ad hún verkar í hjartanu hatur til allra synda, og þarámót krøptuga eptirlaungun til

til ad breyta eptir Guds vilja í öllum hlutum, til ad þóknast honum.

Jac. 2, 18. 26. Sýn mér trú þína af verkum þínum, því eins og líkaminn er án andar daudur, svo er líka trúin daud, þegar hún er án verkanna.

Róm. 12, 9. Hafid andstygd á því, sem vondt er, en haldid ydur fast vid hid góda. Post. g. b. 15, 9.

Merk: a) Vér getum ei forþénad Guds nád og eilífa sáluhjálp, þar vor bestu verk eru ófullkomin, og Gud er sjálfur sá, sem gjefur kraptana til ad framqvæma þau. Lúc. 17, 10.

b) Þad lítid gott, sem vér gjörum hjer á jardunni med stórum vanmætti og breiskleika, gétur ecki komid í samlíkingu vid þá ómetanlegu gledi, hvarrar þeir gudhræddu mega vænta í enu betra lífi. Þess vegna vill Gud og svo, ecki vegna verka vorra, heldur af nád sinni gjöra oss sáluhólpna vegna vorrar trúar á Jesúm Krist. Róm. 6, 23. Ephes. 2, 8. 9.

c) Þad er öldúngis naudsynlegt, ad vér breytum eptir Guds vilja, þótt vjer ecki þar med eigum skilid ad fá hans nád, til þess ad trúin sýni sinn krapt í gódum verkum, því annars gjetum vjer ecki ordid hæfilegir til ad taka á móti þeirri sáluhjálp, sem Kristur hefir útvegad oss. Jac. 2, 14. Róm. 2, 7. 10.

§. 2. Sérhvad pad, sem Gud hefir bodid oss, ad taka vara á, er vor skylda. Í lögmálinu, sem út var gefid á fjallinu Sinai eru pau almennilegu Skyldu-verk í stuttu máli fyrirskrifud, og innifalin í peim tíu bodordum, sem Gud baud Mósi ad rita á tvær steinsblur. 2 Mós. b. 20, 1-17. Gud talaði öll pessi ord og sagdi: I. Pú átt ecki ad hafa annarlega Gudi fyrir mér II. Pú átt ecki ad leggja nafn Drottins Guds pins vid hégóma; því Drottinn mun ecki láta pann verda óhegndann, sem misbrúkar hans nafn. III. Minnstú ad halda hvíldar-daginn heilagann. IV. Heidra fødur pinn og módur pína, svo pú lifir lengi í landinu. V. Pú átt ecki ad slá í hel. VI. Pú átt ecki ad drýgja hórdóm. VII. Pú átt ecki ad stela. VIII. Pú átt ecki ad bera falskann vitnisburd móti pínum náúnga. IX. Pú átt ecki ad girnast hús pins náúnga. X. Pú átt ecki ad girnast pins náúnga ektaqvinnu, ellegar hans pjón, ellegar hans pjónustu-qvinnu, ellegar hans uxa, ellegar asna, ellegar nockud, sem heyrir pínum náúnga til. Merk:

Merk: Guds lögmál, sem er innifalid í þeim tíu bodordum, er ad sönnu einkanlega fyrirskrifad Gydingum, en það inniheldur samt þau skyldu-verk, sem sérhvor manneskja á ætíd ad gefa gætur ad, því þau þjena til ad ebla bædi vort egid og annara sauna gagn. Róm. 3, 31. 13, 8. 9.

§. 3. Sá er tilgángur allra Guds bodorda, eptir Krists egin útleggingu, ad ebla og stadfesta hjá manneskjunum framqvæmdarsama elsku til Guds, sjálfra þeirra og náúngans.

Matth. 22, 37-40. Jesús sagdi: þú átt ad elska Drottinn Gud þinn af öllu hjarta, allri þinni sálu, og öllu þínu hugskoti. Það er hid fyrsta og stærsta bodord; en hitt annad er þessu líkt; þú átt ad elska náúnga þinn eins og sjálfann þig. Í þessum tveimur bodordum er innifalid allt lögmálid og spámennirnir. Róm. 13, 10.

Merk: Það er ecki nóg, ad vér einúngis eptir voru náttúrufari gjörum eitt eda annad gott, sem kann ad vera oss gjedfellt; ecki heldur er það sannarlegt gódverk, þó vér gjörum gott einúngis til ad fá hrós hjá mönnum, edur af ótta fyrir straffi og sakleknum, ef það væri ógjört látid. Oss

byrjar í øllu, sem vjer gjørum, hafa þann tilgáng, ad audsýna kjærleikann. Gal. 5, 6. 1 Jóh. 3, 23.

A.

Um Skylduna vid Gud.

Vér eigum ad dýrka Gud, eins og vorn Skapara, Yfir-herra, stærsta velgjørara og elskurikasta fodur, bædi innvortis í sálunni, med vorum þaunkum og girndum, og líka útvortis med ordum og athøfnum.

1 Cor. 6, 20. Þér erud dýru verdi keyptir. Vegsamid þess vegna Gud med ydar líkama, og med ydar øndu, sem Gud á. Malach. 1, 6.

Merk: Vér eigum einlæglega ad dýrka Gud, svo vjer ecki einúngis bidjum hann, lofum hann, og þackum honum med ordunum, edur audsýnum honum útvortis lotníngu; heldur byrjar oss líka einkum ad audmýkja oss fyrir honum í hjartanu, óttast hann og elska, líka sýna lyst og laungun í øllu voru framferdi til ad breyta eptir hans vilja; því annars verdur vor Guds dýrkan ad hræsni, sem fyrir þeim alvísa og heilaga Gudi er mesta andstygd. 1 Sam. 15, 22. 23. Esa. 1, 11-18. Matth. 6, 1-18. 23, 13-33. Marc. 7, 1-13.

I. Innvortis Gudsdýrkunin.

§. 1. *a*) Vér eigum ad tilbidja Gud einann, því hann er vor Skapari, og sá einasti sanni Gud. Matth.

Matth. 4, 10. Jesús sagdi: Drottinn Gud þinn áttú ad tilbidja, og dyrka hann einann. Psálm. 99, 5.

b) Hvørr, sem réttilega tilbidur Gud, á med audmjúkri lotningu vidurkénna hans allrastærstu fullkomleg-leika, halda hann fyrir hid hærsta góda, og líka vid sérhvørt tækifæri audsýna í verkunum, ad hann virdir Gud yfir alla hluti fram.

Psálm. 99, 5. Upphefjid Drottinn vorn Gud, og tilbidjid fyrir hans fótskør, því hann er heilagur.

§. 2 *a*) Vér eigum ad óttast Gud, því hann er heilagur og réttlátur.

Préd. 12, 13. Ottastú Gud, og haldtú hans bodord, því pad ber øllum mønnum ad gjøra. Post. g. b. 10. 35.

b) Gudhræddan á ad sýna sig í því, ad vér tøkum oss umhyggjusamlegann vara fyrir øllu því, sem vér heldum Gudi sé á móti.

Ordsqv. b. 16, 6. Af óttа fyrir Drotтni fordast menn hid illa.

c) Vér megum ecki óttast Gud eins og óviljugir prælar, af qvída fyrir straffinu, heldur eins og hlydin børn,

því hann er svo gódur og gædskurikur fadir.

Róm. 8, 15. Þér hafid ecki medtekid prældóms lunderni, ad þér þyrftud aptur ad verda hræddir, heldur hafid þér fengid óska-barna hugar-far, af hvørju vér køllum: Abba elskulegi Fadir! 1 Mós. b. 39, 9.

§. 3. *a*) Vér eigum ad elska Gud yfir alla hluti fram, því hann er vor stærsti velgjørari, og af Kristi fridþægdur fadir.

1 Jóh 4, 19. Látum oss elska hann, því hann elskadi oss ad fyrra bragdi. 1 Jóh. 5, 1.

b) Elskan til Guds útheimtir, ad hugurinn innilega gledji sig af honum, og finni hjá sér stærstu laungun eptir ad þóknast honum, med því ad breyta eptir hans vilja.

1 Jóh. 5, 3 Í því er elskan til Guds innifalin, ad vér høldum hans bodord, en hans bodord eru ecki þúng. Psalm. 18, 2.

§ 4. *a*) Vér eigum ad hlýda Gudi, því hann er ecki einúngis vor ædsti, heldur og líka sá vísasti og besti Yfirherra.

Jer.

Jer. 11, 4. Drottinn sagdi: hlýdid mér og gjørid allt, sem eg hefi bodid ydur, þá skulud þér vera mitt fólk, og eg skal vera ydar Gud. Post. g b. 5, 29.

b) Hlýdnin vid Gud er í því innifalin, ad vér ætíd med fúsum vilja leggjum allt kapp á, ad laga vort sinnislag og framferdi eptir Guds vilja, til ad þóknast honum, og alvarlega taka oss vara fyrir því, ad brjóta hans bodord af ásetníngi.

Psálm. 143, 10. Drottinn! kénn þú mér, ad gjøra þad, sem þú vilt, því ad þú ert minn Gud. 1 Pét. 1, 14. 15.

§. 5. *a*) Vér eigum ad reida oss uppá Gud, því hann bædi vill og gétur gefid oss tímanlega, andlega og eilífa velferd.

1 Pét. 5, 7. Kastid allri ydar áhyggju uppá Drottinn, því honum er annt um ydur. Psálm, 55, 23.

b) Ad reida sig uppá Gud er sama, sem ad treysta honum, og er innifalid í því, ad vér séum fullkomlega sannfærdir um, ad Gud, vegna Jesú Krists, vilji gjøra oss hluttakandi í øllu því góda, sem hann hefir lofad oss í sínu

ordi, líka ad hann, eptir sinni alvísu ráðstofun, vilji veita oss sína hjálp med besta máta, og á haggvœmustu tíd.

Pálm. 146, 5 6. Sæll er sá, hvørs hjálp Jacobs Gud er, sá sem hefir stadfasta von til Drottins síns Guds, sem gjørdi himininn og jørdina og sjóinn og allt það, sem er í þeim; til hans, sem heldur trygd œfinlega. Jér. Harmagr. 3, 25. 26. Róm. 8, 32.

Af øllu þessu fylgir þá framvegis.

§. 6. Vér megum ecki tilbidja neitt annad í stadinn fyrir sannann Gud, hvorki engla, né helga menn, né sól, né túngl, né blœti, ellegar neitt annad þvílíkt, og ecki heldur reida oss uppá það, í stadinn fyrir ad setja vort trúnadartraust til þess sanna Guds, því hann er einúngis vor Drottinn og skapari; annars syndgum vér á móti fyrsta bodordinu, og gjørum oss seka í afgudadyrkun.

2 Mós. b. 20, 3. 4. Drottinn sagdi: þú átt ecki ad hafa annarlega Gudi fyrir mér. Þú mátt ecki smída þér neina úthøggna edur annars slags mind eptir því, sem er á himninum uppi, ellegar

egar á jørdunni nidri, ellegar í vøtnunum undir jørdunni. Þú átt ecki ad tilbidja edur dyrka þad. Esa. 42, 8. Post. g. b. 17, 29.

§. 7. Vér megum ecki elska sjálfa oss, ellegar neitt annad meir enn Gud, eda jafnt Gudi, ecki heldur megum vér treysta uppá sjálfa oss, adra menn, ellegar adra hluti, meir enn uppá Gud, vegna þess hann einn er vor almáttugi og stærsti velgjorari.

Jer. 17, 5. Svo sagdi Drottinn: bølvadur veri sá madur, sem treystir uppá manneskjuna, og hefir holdid fyrir sinn arm, ellegar heldur, ad sér sé óhætt med vanmáttugrar manneskju varatekt, og hvørs hjarta vikur frá Drottni.

Ordsq. b. 3, 5. Treystú Drottni af øllu þínu hjarta, enn reiddú þig ecki fast á þitt hyggju-vit.

§. 8. Vér eigum daglega ad strída móti þeim syndsamlegu girndum, sem Gudi er á móti, og aldrei brjóta hans bodord af ótta fyrir mønnum, edur elsku til þeirra, því hann er sá heilagur Gud, hvørn vér eigum ad óttast, og líka sá gódur og vísdómsfullur Drottinn, sem vér

vér eigum ad elska og hlýda framyfir alla hluti.

1 Jóh. 2, 15-17. Elskid ecki veröldina, og ecki heldur þá hluti, sem í henni eru; ef nockurr elskar veröldina, þá er elska til fódursins ecki í honum, því allt það, sem í veröldinni er, sem er lyst holdsins og fýsn augnanna og drambsamt líferni, það er ecki af fódurnum, heldur af veröldinni. Veröldin forgengur, og hennar lystingar, en sá, sem gjörir eptir Guds vilja, blífur ad eilífu.

Orðskp b. 1, 10. Son minn! þegar illir skálkar locka þig, þá fylg þeim ecki.

§ 9. Vér eigum ad audsyna vorum náúnga einlæga elsku, til merkis um ad vér án yfirdrepskapar elskum Gud, sem vill ad kjærleikurinn sé eins ríkur hjá oss, eins og hann er hjá sjálfum honum; þaradauk eigum vér ad leggja kapp á, ad breyta eptir Guds vilja í ollum hlutum.

1 Jóh 4, 21. Petta bodord höfum vér af honum, ad hvorr, sem elskar Gud, hann á líka ad elska sinn bródur. 1 Jóh. 3, 17. 18. 4, 7-13.

1 Jóh. 2, 5. Hvørr, sem hans ord vardveitir, í honum er sannarlega elskan til Guds fullkomin. Jóh. 15, 14.

Merk: Þau skylduverk, sem vidvíkja innvortis Gudsdyrkun, eru í stuttu máli innfærd í Lúthers útleggingu yfir fyrsta bodordid í Frædunum.

II. Utvortis Gudsdyrkunin.

§. 1, *a*) Ver eigum ad lofa og vegsama Gud, þvi hann er sú fullkomnasta og ædsta vera.

Psálm 72, 18. 19. Lofadur veri Drottinn Gud, Israels Gud, hann sá einn gjørir dásemdarverkin; og blessud sé hans dirdarfulla hátign ad eilífu, og øll lønd uppfyllist med hans dyrkun.

b) Gud lofast og vegsamast, þegar vér annadhvort med bænum, psálmum edur samtali vid adra, hrósum Guds ypparlegu eginlegleikum, og miklu dásemdarverkum af klocku hugar-þeli, sem fullt er af heilagri lotningu fyrir honum.

Psálm. 145, 3. 4. Mikill er Drottinn, og mjøg loflegur; hans makt er óransakanleg. Sérhvør kynslód mun fyrir annari hrósa þínum verkum, Drottinn! og kunngjøra þitt veldi.

§. 2.

§. 2. *a*) Vér eigum ad þacka Gudi, þvi hann veitir oss svo mikla velgjørninga, og audsýnir oss svo mikla nád vegna Jesú Krists.

Eph. 5, 20. Þackid ætíd Gudi Fødur fyrir alla hluti í nafni vors Drottins Jesú Krists. 1 Thess. 5, 18.

b) Ef vér eigum ad géta þackad Gudi réttilega, þá ber oss ad kannast vid, og audmjúklega játa, ad Guds mikla miskunsemi vid oss er lángtum meiri enn vér høfum tilunnid, og þaradauki eigum vér ad færa oss hans velgjørninga réttilega í nyt, eins og hann hefir tilætlad.

Psálm. 118, 1. Þackid þér Drottni, því hann er gódur, og hans miskunsemi varir eilíflega. Psálm. 105, 1.

§. 3. *a*) Vér eigum ad bidja Gud og ákalla hann, því hann einn rædur fyrir vorri tímanlegri og eilífri velferd, þar Kristur, vor talsmadur, hefir einnig opnad oss adgáng til hans, svo sem vors gædsturíka og elskusulla fedurs.

Luc. 11, 9. Jesús sagdi: bidjid, þá mun ydur géfast; leitid, þá munud þér finna; knýid á, og mun fyrir ydur upplokid verda. Psálm. 50, 15. 145, 18. 19. *b*)

b) Pad heitir bæn og ákallan, þegar vér framberum fyrir Gud, annadhvort í huganum edur med munninum, vora laungun eptir einhverju gódu, sem oss er lofad í hans ordi, og sem oss sýnist naudsynlegt til vorrar egin edur annara velferdar.

1 Jóh. 5, 14. Pessi er sú djørfúng, sem vér høfum til hans, ad ef vér bidjum um nockud eptir hans vilja, þá heyrir hann oss.

§. 4. Pared sunnudagurinn er tilskickadur til opinnberrar Guds-dyrkunar, þá á sérhvorr kristinn madur ad fara til kirkju, sér og odrum til uppbyggingar af Guds orda heyrn og lestri, líka uppbyggingar af því, ad lofa Gud og backa honum sameginlega med odrum sínum samkristnum, svo þeir innbyrdist stadfestist í dygd og gudhræddslu; og frá því á eckert ad hindra oss, nema sjúkdómar, eda annur þvílik forfoll, sem ecki verdur hjá komist.

2 Mós. b. 20, 8. Drottinn sagdi: minnstú ad halda helgann hvíldardaginn. Luc. 11, 28.

Cól. 3, 16. Látid Kristz ord búa ríkuglega medal ydar, svo ad þér kennid

og áminnid ydur sjálfa innbyrdis med allslags vísdómi, og syngid fagra psálma, lofsaunga og andleg qvædi fyrir Drottni í ydar hjørtum. Ebr. 10, 25.

Héraf fylgir enn fremur.

§. 5. *a*) Vér megum hvørki brúka Guds nafn gálauslega né athugalaust, allrasíst vanheidra pad med nockursslags misbrúkun; miklu heldur erum vér skyldugir til ad lofa og vegsama Gud.

2 Mós. b. 20, 7. Drottinn sagdi: pú átt ecki ad leggja nafn Drottins Guds pins vid hégóma; því Drottinn mun ecki láta pann óhegndann, sem misbrúkar hans nafn.

b) Guds nafn vanheidrast med ad formæla; pegar vér annadhvort í Guds eda Krists nafni óskum ills sjálfum oss edur ødrum. Slíkar formælingar géta og skéd med mørgu ødru móti, sem auglýsir allteins blygdunarlaust sinnislag, er ecki svífst neins í Guds allraheilegustu nálægd, né gétur gaum ad, hversu mjog hver ein manneskja á ad elska sjálfa sig og náúngann.

Jac. 3, 10. Af sama munni framgengur bædi blessan og bølvan. Brædur mín-

minir! þetta má ecki svo tilgánga. Róm. 12, 14.

c) Guds nafn vanheidrast med ad sverja, þegar einhvorr í daglegu tali gálauslega vitnar til Guds eda Krists, til ad stadfesta þar med ord sín.

Matth. 5, 34-37. Þér skulud øldúngis ecki sverja, en ydar ræda skal vera já, þegar játa skal, og nei, þegar neita á, því hvad, sem þar er framyfir, er vondt.

§. 6. a) Þegar vér eigum opínberlega ad sverja, megum vér ecki gleyma því, ad sá alvísi Gud, hvorn vér kollum til vitnis, er bædi réttlátur og heilagur Gud, sem hatar allt óhreinlyndi, og ad hann mun hardlega straffa þá, sem sverja ránglega, því þeir vanbrúka hans nafn til ad hylja med illsku og rángindi. 2 Mós. b. 20, 16. Drottinn sagdi: þú átt ecki ad bera falskann vitnisburd á móti þínum náúnga.

Zach 5, 4 Eg lét bølvun útfara, segir Drottinn Zebaoth, svo hún komi yfir þjófsins hús, og þess, sem sver ránglega vid mitt nafn. Mal. 3, 5.

b) Menn sverja eid eptir yfirvaldsins skipun, stundum til stadfestingar uppá ad

vér skulum eckért segja edur vitna annad enn það, sem vér vitum fyrir víst, að satt er; og stundum til fullvissu um, að vér viljum trúlega lifa eptir því, sem oss er fyrirsett, og vér hofum undirgengist.

Ebr. 6, 16. Manneskjurnar sverja við þann, sem er ædri enn þeir sjálfir, og sá eidur gjørir enda á allri þræta til að fá fullvissu. 5 Mós. b. 6, 13.

c) Hvørr, sem fremur meinsæri, eda sver ránglega, kann að álítast ecki einasta eins og blygdunarlaus gudlastari, vegna þess hann manar hins alvísa Guds réttlæti móti sér, heldur og líka eins og fjandmadur sinna samkristinna, hvørra velferd og æru hann opt spillir, svo sá saklausi verdur fyrir hallanum, en hinu seki sleppur óhegndur, og fær aptur tækifæri til að koma meiru illu af stad.

1. Tim. 1, 10. Postulinn Páll leggur meinsæris-menn að jøfnu við morðingja og verstu illvirkja.

§. 7. Vér megum ecki fara med galdur, sem er hjátrúar og heimskufull vanbrúkun á Guds nafni eda Guds ordi, til að fremja kuél, eda særa, ellegar til annara slíkra heimskulegra fyrirtekta

tekta, af rángri ímindun um, ad menn med þessu géti læknad manneskjur eda fénad, sýnt hvorr stolid hafi, varnad tjóni og ólucku eda annad þvílikt.

5 Mós 18, 10-12. Enginn á ad finnast hjá þér, sem fer med spádóma, eður er dagveljari, ellegar tekur mark á fugla-qvaki, ellegar fremur kukl, eður sætinga-madur, ellegar fer til spásagnar-manna, ellegar úrhýdir fyrirburdi, ellegar leitar frétta af framlidnum; því hvorr, sem slíkt gjörir, er andstyggilegur fyrir Drottni.

§. 8. *a*) Vér megum ecki vanhelga hvíldar-daginn med ónaudsynlegri vinnu, því þann dag eigum vér sérlagi, eptir Guds bodi, ad halda heilagann med andakt og gudrækilegum umþenkingum.

Psálm. 95, 1. 2. Komid! látum oss med gladværd lofsyngja Drottni, látum oss af fognudi hátt lofsyngja vorum volduga Frelsara; látum oss koma fyrir hans ásjónu med þackargjörd!

b) Pad er sanngjarnlegt og Guds vilja samqvæmt, ad sunnudagurinn sé mönnum og sképnum til hvíldar, og endurlifgunar eptir vinnu þeirra. Þess

vegna kallaſt líka þeſſi dagur, ſem kriſtnir menn halda heilagann, í Kriſts uppvíſu minníng, enn nú hvíldardagur.

2 Móſ. b. 23, 12. Sex daga ſkaltú verk þitt vinna, en ſjøunda daginn áttú ad hafa fyrir hvíldar-dag, ſvo ad þinn uxi og þinn aſni géti fengid hvíld, og þinnar ambáttar ſon, og ſá framandi géti endurnært ſig. 2 Móſ. b. 20, 8-11.

Merk: Skyldu-verkin, ſem vidvíkja útvortis guds-dýrkun eru ſtuttlega útmálud í ødru og þridja bodordum Frædanna.

B.

Um Skylduna vid ſjálfa oſs.

Vér eigum ad elſka ſjálfa oſs, og einkanlega láta oſs vera annt um vorrar ſálar velferd, líka eigum vér ad ſtunda eptir ſannarlegu gagni líkama vors, ſem og ad ebla med leyfilegum hætti vora tímanlega velferd, eins og ſamrvæmt er Guds ordi og vilja.

Matth. 6, 33. Jeſús ſagdi: leitid fyrſt Guds ríkis, og þeſs réttlætis, ſem honum er þóknanlegt, þá munud þér fá í vidbót allt, ſem þér medþurfid.

Merk

Merk: Manneskjan elskar sig eckí sjálfa réttilega, þegar hún sækist einúngis eptir ad sedja sínar jardneskar girndir, án þess ad hyrda um sína sáluhjálp, eda gjesa gætur ad því, sem hún er bædi Gudi og ödrum mönnum skyldug um.

I. Umhyggja fyrir Sálunni.

§. 1. Vér eigum ad láta oss vera umhugad um, ad vor skynsemi upplýsist meir og meir, med nytsamlegri þeckingu, sérdeilis um Guds vilja og hans rád til vorrar sáluhjálpar.

2 Pét 3, 18. Vaxid í vors Drottins og endurlausnara Jesú Krists nád og þeckingu. Ordsqv. b. 2, 10. 11. 1 Cor. 14, 20.

§. 2. Vér megum eckí láta vorn vilja stjórnast af neinum vondum tilhneigingum, heldur eigum vér af fremsta megni kappkosta ad laga þær eptir því, sem vorri skynsemi sýnist ad vera rétt og tilheyrilegt, eptir Guds orda reglu.

Ordsqv. b. 16, 32. Sá, sem stjórnar gédi sínu, er betri enn sá, sem yfirvinnur borgir. Gal. 5, 24

§. 3. Vér megum eckí afsaka vorar ávirdingar, heldur képpast eptir eins

og Gud hefir látid Kristum kenna oss, ad sjá æ meir og meir vid þeim, og afleggja þær.

2 Cor. 7, 1. Med því vér höfum þvílíkt fyrirheit, mínir elskanlegir! þá látum oss hreinsa oss af allri saurgun holdsins og andans, og höldum áfram í helguninni, med gudhræddu. Jóh. 1, 6.

§. 4. Vér eigum med gaumgæfni ad vaka yfir samvitsku vorri, svo vér ecki vísvitandi ofþyngjum hana med neinni synd.

Post. g. b. 24, 16. Postulinn Páll sagdi: eg æfi sjálfann mig í ad hafa jafnan óskerda samvitsku fyrir Gudi og mönnum.

§. 5. Vér eigum opt ad þenkja um daudann, sem fljótt getur ad óvörum yfirfallid oss, þó svo, ad vér hvorki skelfumst af honum, ellegar lifum med sorg og áhyggju, heldur á þad ad þena til þess, ad vér því betur undirbúum oss í sönnum Guds ótta til sáluhjálplegrar burtfarar.

2 Cor. 5, 8. 9. Vér erum hughraustir, og höfum miklu meiri lyst til ad vera fjarlægir frá líkamanum, og heima hjá Drottni. Þess vegna kappkostum vér líka, hvort sem vér erum heima

edur

edur fjærverandi, ad vera honum þóknanlegir. Pſálm. 90, 12. Phil. 1, 23.

II. Umhyggja fyrir Líkamanum.

§. 1. Vér megum hvorki med áſetníngi taka ſjálfir af oſs lífid, ſem er ſú ypparſta gáfa, er Gud hefir gefid oſs, né viljandi ſkada vora limu, edur heilſu, þó þar med reynum vér til med heimſkulegri ofdirfſku ad taka rádin af Gudi, ſem einſamall hefir vald yfir lífi og líkama manneſkjunnar, en ſviptum náúngann þeirri adſtod, ſem hann med rétti mátti af oſs heimta; þaradauki breytum vér ſvo grimdarlega vid ſjálfa oſs, ad ecki finnaſt dæmi til ſliks medal ólmuſtu villudýra. Róm. 14, 7. 8. Enginn af oſs hefir rád á ad lifa edur deyja eptir vild ſinni, því hvort, ſem vér lifum, þá erum vér á Drottins valdi, ellegar deyjum, þá erum vér eins í Drottins valdi, þad er ad ſkilja: hvort, ſem vér lifum ellegar deyjum, þá á Drottinn rád yfir oſs. 1 Cor. 6, 19. 20. 1 Sam. 31, 4. 2 Sam. 17, 23. Matth. 27, 5.

§. 2. Vér eigum ad fordaſt allt óhóf í mat og dryck, ſem einúngis ſpillir heilſunni, og eydir vorri formegun, en gjorir oſs

oss óhæfilega bædi til ad lofa Gud, og líka vinna þad, sem oss ber ad gjora.

Lúc. 21, 24. Jesús sagdi: Varid ydur sjálfa ad ydar hugskot aldrei ofþyngist af ofáti edur ofdryckju. Róm. 13, 13.

Gal. 5, 21. Ofdryckja og ofát teljast med þeim hlutum, um hverja Postulinn Páll segir: ad þeir, slíkt gjøri muni ecki øðlast Guds riki. Ordsq. b. 23, 20. 21.

§. 3. Vér eigum ad halda oss frá hórdómi og allskonar lauslæti, bædi innvortis í paunkunum og útvortis med verkinu; því þar af spillist líkaminn, og sálin saurgast, svo hún verdur óhæfileg til ad hugsa um nockud gott, og missir allar laungun eptir dygd og Guds ótta, en audsýnir því frekar sínar saurugu girndir í ordum og vidmóti odrum til hneixlis.

2 Mós. b. 20, 14. Drottinn sagdi: þú átt ecki ad drýgja hór. Matth. 5, 27. 28.

1 Thess 4, 3. 5. Sá er vilji Guds, ad þér helgist, og umflýid hóranir, svo hvørr og einn stundi ad halda sínum líkama í hreinlífi og sóma, en ecki girndar-bruna, eins og Heidingjarnir, sem ecki þekkja Gud.

Eph.

Eph. 5, 3-5. Eptir sem heilögum hæfir, á hvörki frilluliſi né nockurs-konar óhreinleiki edur ágirni svo mikid, sem nefnaſt medal ydar, né blygdunar-leyſi, né ſiblslegt hjal, edur gárúnga-háttur, hvad ecki er ſómaſamlegt, heldur miklu fremur þackargjörd; því þad vitid þér, ad enginn frilluliſis-madur, edur óhreinn, edur ágjarn, hvörr ad er ſkúrgoda-dyrkari, hefir hlutſkipti í Kriſts og Guds ríki. 1 Cor 6, 15-20.

Merk: Í Frædunum er vid ſjotta bodordid ſtutt útſkíring um kriſtilegt ſkírlíſi, og í ſjottu bœninni finnſt uppörfan til ad bidja Gud um nád og ſtyrk, ad ſtanda á móti þeim freiſtíngum, sem í þeim efnum kynnu mæta oſs.

III. Umhyggja fyrir vorri timanlegu Velferd.

§. 1. a) Vér eigum kappkoſta ad ebla vora velgengni, bædi med áſtundun í voru rétta kalli og embætti, og med forſjállegri ſparſemi, svo vel ſjálfum oſs til gagns, sem líka til ad géta hjálpad odrum, er vidþurfa.

Poſt. g. b. 20, 34. 35. Postulinn Páll segir til Epheſeſíkra: þér vitid ſjálfir ad þeſſar hendur hafa fyrir mér unnid til minn-

minnar naudþurftar, og þeirra, sem med med mér vóru. Allt sýnda eg ydur, ad svo byrjar oss ad vinna og veika ad annast, og minnast orda Drottins Jesú, þar hann sagdi: sælla er ad gefa enn þyggja. 1 Tim. 6, 17. 18.

b) Í því ad stunda gagn vort, eigum vér ad varast óløglegann ávinning eda ágirnd, og ecki sækjast eptir audæfum, sem opt misbrúkast til ofmetnadar og óhófs. 1 Tim. 6, 9. 10. Þeir, sem ríkir vilja verda, falla í freistni og snørur, og margslags heimskulegar og skadnæmar girndir, sem manneskjunum søckva í eydileggingu og tøpun, því ágirndin er rót alls ills. Lúc. 12, 15. 1 Cor. 6, 10.

§. 2. a) Vér eigum ad keppast eptir ad ávinna oss heidur, vera í afhaldi og reiknast trúverdugir af vorum medbrædrum, þó samt ecki med odru enn ráðvendni og kostgæfni í voru rétta kalli og embætti. Philipp. 4, 8. Kjærir brædur! hvad sem sannarlegt er og sidsamlegt, hvad réttvíst er, hvad skírlíft er og ástsamlegt, hvad sem er gott afspurnar, hvad dygdugt er, hvad hrósverdt er, hugsid þar eptir!

b) Þótt

b) Þótt vér høfum øðlaſt allann þann heidur, ſem vér æſkja kunnum, megum vér ſamt ecki falla til metnaðar eður drambſemi, heldur alltíd ſtunda kriſtilegt lítilæti, því vér eigum að vita, að alla hluti høfum vér af Gudi þegið, og að oſs yfirſjeſt optlega, ſvo vér þurfum fyrirgefníngar við.

Gal. 5, 26. Látum oſs ei ſækja eptir hégóma hróſi, og hvørki øgra hvørr øðrum, né øfunda hvørr annann. Róm. 12, 10.

1 Pét. 5, 5. Verið ſkrýddir með lítilæti, því Gud mótſtríðir dramblátum, en lítilátum gefur hann náð. Matth. 23, 12. Orðsqv. b. 29, 23.

§. 3. *a*) Vér megum njóta ánægju í þeſſu lífi, af því að brúka réttilega þá mørgu gódu hluti, ſem Gud hefir ſínum ſkøpuðum ſképnum til gagns og gledi gefið, líka høfum vér mikla ánægju af vinnu vorri, þegar vér tilbærilega og með gladværu ſinnislagi gjørum hana.

Pſálm 31, 8. Gledja ſkal eg mig, Drottinn! og vera gladvær af þínni miſkunſemi. Phil. 4, 4. Orðsqv. b. 17, 22.

b) Í vorri gledi eigum vér ad taka oss vara fyrir øllu því, sem stríðir á móti gódri siðsemi, edur því, sem Gud hefir bodid í sínu ordi, og ecki átta hana svo sem hellsta tilgáng vinnu vorrar heldur svo sem ávext af henni.

1 Cor. 7, 31. Peir, sem brúka penna heim, eiga ad vera eins og peir, sem ecki misbrúka hann.

§. 4. *a*) Vér eigum ad audsýna oss polinmóda í mótlætinu, svo vér hvorki orvæntum né látum til vor heyra výl og harma-tolur, heldur sýnum ánægdir med pad, sem Gud vill vera láta, í vissri von um, ad hann ecki uppáleggi oss þyngri byrdi, enn hann sjálfur vill gefa oss krapta til ad bera, og trúum stadfastlega, ad eptir hans tilætlun skuli petta andstreymi pena oss til gagns og góda.

Ebr. 10, 35. 36. Kastid ecki burt ydar øruggu mód, hvørr mikil laun mun øðlast; því þér purfid á støduglyndi ad halda, svo ad nær þér hafid gjørt Guds vilja, fáid ad øðlast pad, sem ydur hefir verid lofad. Róm. 8, 18.

b) Vorar þjáningar géta opt orsakast med ýmsu móti af sjálfum oss, en

sá alvísi Gud lætur oss þær að höndum koma, til þess vér athugum vora bresti, betrum vorn lifnað, höldum voru sinni því meir frá hégóma veraldarinnar og lærum að leita vorrar kjærustu gledi af að haida oss til hans með bæn og andakt.

Ebr. 12, 5. 6. Minn son! virð ecki lítils typtun Drottins, og örvhlnast ecki þá hann ávítar þig; því hvörn, sem Drottinn elskar, þann agar hann. Psálm. 119, 7. Róm. 5, 3-5.

§. 5. Vér eigum að fordast allt ydjuleysi, hvort ed er orsök til mikills ills, og taka oss vara fyrir að vera odrum til þyngsla, heldur eigum vér þarámot með kostgæfilegri ydni og ástundun, hvorr í sínu standi, að leita vorrar atvinnu, því Gud hefir gefid oss kraptana til þess, að vér skulum brúka þá, og ebla þar með vort egid og annara gagn.

1 Thess. 4, 11. 12. Vér áminnum ydur, kjærir brædur! að þér kostgæfid að lifa í spekt, og ydvart egid að stunda, og að vinna með ydar egin höndum, eins og vér höfum bodid ydur, svo að þér gétid sómasamlega umgengist þá, sem ecki eru af söfnudinum, og að þér

ſeud uppá engann komnir. 2. Theſſ. 3, 11. 12. 1 Pét. 4, 11.

C.

Um Skylduna vid Náúngann.

Vér erum ſkyldugir ad elſka vorn náúnga eins ſjálfkalauſt og ſjálfa oſs, þeſs vegna eigum vér ad breyta ſvo vid hann, eins og vér viljum ad hann breyti vid oſs. Þar fyrir eigum vér ad bera umhyggju bædi fyrir hans ſálu, hans líkama og hans timanlegri velferd.

Matth. 7, 12. Jeſús ſagdi: hvad ſem þér viljid ad mennirnir gjøri yd-ur, þad eigid þér líka heim ad gjøra, því ſvo er kennt í løgmálinu og ſpá-manna-bókunum. 3 Móſ. b. 19, 18.

Merk: Sérhvorr ſá, ſem er mann-eſkja, er líka vor náúngi, og hefir ſama rétt eins og bródir til kjærleika vors og þjenuſtuſemi, hvort ſem hann er innlendur eda út-lendur, kriſtinn eda gydíngur, tyrki eda heidíng-vinur eda óvinur, ædri eda lægri ſtjettar, rík-ur edur fátækur, og þegar hann þarf hjálpar vid af oſs, þá erum vjer ſkyldugir til ad hjálpa honum af fremſta megni án manngreinar á-lits, Lúc. 10, 25-37. Poſt. g. b. 17, 26.

I. Umhyggja fyrir sálu Náúngans.

§. 1. Vér eigum, svo mikid sem oss er möguligt, ad greida veg vors náúnga til betra lífs í ödrum heimi, og þess vegna hjálpa honum bædi med nytsamlegri tilsögn, gódum áminníngum, kjærleiksfullum advörunum, og umfram allt med gódu eptirdæmi, því Kristur hefir endurkeyst hann eins og oss, til þess ad hann ásamt med oss skyldi eignast eilífa sáluhjálp. Jac. 5, 19. 20. Brædur mínir! ef nockurr á medal ydar villist frá sannleikanum en einhvörr umvendir honum, sá skal vita, ad hvörr, sem snýr syndaranum frá villu hans vegar, mun frelsa sálu frá daudanum, og hylja fjölda af syndum. 1 Thess. 5, 14. Ebr. 10, 24.

§. 2. Vér eigum varast ad kefja niður lyst náúnga vors til þess, sem gott er, þess vegna megum vér ei gefa honum hneixli med syndsamlegum ordum edur ógudlegu framferdi, ecki heldur koma honum til þess, sem illt er, annadhvort med hótunum, tilockunum, edur med raungum fortölum.

Lúc. 17, 1. 2. Jesús sagdi vid sína lærisveina: ómøgulegt er ad hneixlanir komi ecki, en vei þeim manni frá hvørjum þær koma! þarfara væri þeim ad mylnu-steinn hengdist um háls honum, og honum væri søckt í sjáfar-djúp, enn ad hann hneixli einn af þessum smælingjum.

2 Tim. 3, 13. Vondar manneskjur og svikarar vesna meir og meir; þeir svikja og verda sviknir.

§. 3. a) Vér eigum ecki ad láta egna oss til heiptar-reidi móti vorum náúnga, eda fá hatur til hans, og leitast vid ad hefna vor, þegar hann misbrýtur vid oss, svo vér gjorum honum ecki hjarta-sorg, til qvalar á sálu edur líkama.

Eph. 4, 26. 27. 31. Ef þér reidist, þá syndgid ecki, látid ecki sólina undirgánga yfir ydar reidi. Gefid ecki tækifæri þeim, sem ber róg. Øll beiskyrdi, heipt, reidi, hávadi og illyrdi, séu lángt frá ydur, ásamt med allskags illmennsku.

1 Jóh. 3, 15. Hvørr, sem hatar bródur sinn, sá er mordingi, og þér vitid ad enginn mordingi hefir eilíft líf. Jac. 1, 19. 20.

b) Það

b) Pad er kristileg skylda, ad vér med hógværd umberum breiskleika vorsnáúnga, þegar hann hefir gjort ofs nockud á móti, og ad vér fyrirgéfum honum, eins og Gud fyrirgéfur sjálfum ofs vegna Krists. Auk þessa, eigum vér svo mikid, sem ofs er mogulegt, med vinsamlegum fortølum ad koma honum til ad sjá ad sér, svo hann vari sig vid ad halda áfram í syndunum.

Marc. 11, 25. 26 Jesús sagdi: fyrirgéfid, ef þér hafid nockud á móti einhvørjum, svo ad ydar fadir, sem er á himnum fyrirgéfi ydur líka ydar brot. Én ef þér fyrirgéfid ecki, þá mun ydar fadir, sem er á himnum, ecki heldur fyrirgéfa ydar afbrot.

Col. 3, 12. 13. Svo skrýdist nú, sem Guds útvaldir, heilagir og elskanlegir, hjartfólginni miskunsemi, gódvilja, audmykt, hóglyndi, lánglundargédi, umlídid hvørr annann, og ef nockurr hefir kløgumál mót ødrum, þá fyrirgéfid þad hvørr ødrum innbyrdis, eins og Kristur hefir fyrirgéfid ydur, svo gjørid þér og einnig.

§. 4. *a)* Vér eigum hvørki ad hata jafnvel vora óvini, sem annadhvort heimuglega edur opinberlega vilja gjøra oss skada, ne í nockurn máta sjálfir hefna vor á peim, svo vér ecki gefum peim efni til stærri vondsku, eda feum orsok í peirra sálar-topun.

Róm. 12, 14. 17. 19. Blessid þá, sem ofsækja ydur, blessid enn bølvid ecki — gjaldid engum illt fyrir illt — ef møgulegt er, þá hafid frid vid alla menn, svo mikid, sem í ydar valdi stendur. Hefnid ydar ecki sjálfir.

b) Þegar óvinir vorir sækjast eptir, ad skada vort lif, spilla vorri velferd, eda gjøra oss vidskila vid vort góda mannord, megum vér verja oss móti peim med almennilegum réttargángi, en vera samt ætíd reidubúnir, ad sættast vid þá, bidja fyrir peim, og hjálpa peim eptir megni, ef peir þess vidþurfa, eins og Gud hefir audsýnt oss miskunsemi Krists vegna, og fyrir hans sakir vill fyrirgefa sjálfum oss.

Matth 5, 25. 44 Jesús sagdi: vertú strax viljugur til ad sætta þig vid þinn mótstødumann, medan þú ert enn á vegi

vegi med honum. — Eg segi ydur: elskid óvini ydar, blessid þá, sem ydur bølva, gjørid þeim gott, sem ydur hata, og bidjid fyrir þeim, sem ydur gjøra skada, og ofsækja ydur, svo ad þér séud børn fødurs ydar, sem er á himnum. v. 45-48. Róm. 13, 3. 4. Róm. 12, 20. 21. Ef óvin þinn húngrar, þá gef honum ad eta; ef hann þyrstir, þá gef honum ad drecka — lát ecki hid vonda yfirbuga þig, en yfirvinn hid vonda med gódu. Róm. 5, 8. 10..

§. 5. *a*) Vér høfum engann rétt til ad fyrirdæma nockra manneskju, þó hún hafi rángar meiningar, edur vegna þess hún er ecki somu trúarbragda, sem vér, heldur eigum vér eins og sannkristnir ad fela vora frávillta brædur Guds miskun á hendur, og gledjast af þeirri von, ad þeir muni verda hluttakandi í Krists endurlausn, þegar þeir hafa vandad sitt framferdi eptir þeirri þeckingu, sem þeir hafa haft færi á ad odlast. Post. g. b. 10, 34. 35. Eg reyni í sannleika ad Gud fer ecki í manngreinar álit, heldur er hvørr sá, sem óttast

hann

hann og gjørir hvad rétt er, honum þóknanlegur, af hvada þjód, sem hann er. Róm. 14, 4. 10. 13.

b) Vér megum øldúngis enga gruntsemd fá ad þeir hafi dryggt nockurn sérdeilis glæp, sem ratad hafa í eymd og volædi, því Gud úthlutar eptir sinni alvísu rádstøfun sorg og gledi, hverjum sem hann vill, ecki til ad straffa þá, heldur odrum til vidvorunar.

Lúc. 13, 2 3. Jesús sagdi: meinid þér, ad þessir Galilískir, hvørra blódi Pílatus hafdi úthellt, hafi verid syndugri enn allir adrir Galilískir, þó þeir hafi ordid fyrir þessu? nei! segi eg ydur: heldur ef þér tákid ecki sinna skipti munud þér allir eins fyrirfarast. Jóh 9, 1-3.

II. Umhyggja fyrir líkama Náúngans.

§. 1. Vér megum ecki leggja hønd ur á vorn náúnga, hvørki til ad fiorg hann lífi, né gjøra heilsu hans og limum skada, því þar med rænum vér frá honum því stærsta góda, sem Gud hefir gefid honum í þessu lífi, og sú óréttvísi er svo vidurstyggileg í Guds augliti, ad hann

hann líka vill hún verdi ſtroffud hér í heimi eptur Yfirvaldſins tilhlutun.

2 Móſ. b. 20, 13. Þú átt ecki ad ſlá manneſkju í hel. Gal. 5, 20. 21.

1 Móſ. b. 9, 6. Hvørr, ſem úthellir blódi nockrar manneſkju, hans blód ſkal af ødrum manni úthellt verda; þvi Gud gjørdi manninn eptir ſinni mind. Róm. 13, 3. 4.

§. 2. Vér megum ei uppáleggja vorum náúnga meira erfidi enn hann gétur afkaſtad, ſvo vér ei veikjum hans krapta, ecki heldur megum vér gjøra honum hjarta-ſorg, af hvørri lífi hans eda heilbrygdi kynni verda hætt.

Tit. 3, 2. Minntú þá á, ad þeir ecki laſtyrdi neinn, ſéu ecki þrætugjarnir, heldur eptirlátir, og audſyni allsſlags hógværd vid hvørn mann.

§. 3. Vér eigum ad vara náúngann vid því, ſem honum er ſkadvænlegt, og ráda honum til þeſs, ſem honum er hollaſt, ſvo hann ecki med ófyrirſyni ſtytti líf ſitt; þaradauki eigum vér ad hjálpa honum eptir efnum, og engaudveginn ſynja honum um vora lidveitſlu, þegar naudſyn krefur.

Phil.

Phil. 2, 4. Serhvørr ydar gæti ecki einúngis ad sínu gagni, heldur og líka annara. Ordsqv. b. 12, 15.

Merk: Vor skylda í tilliti til náúngans lífs og líkama er í stuttu máli framsett í fimta bodordi Frædanna.

III. Umhyggja fyrir timanlegri Velferd Náúngans.

§. 1. *a*) Vér megum ecki med neinu gefa tilefni til, ad náúngi vor missi nockud af sínu gótsi edur fjármunum, sem eru hans egin, og Gud hefir honúm gefid til ad ebla med hans velferd, heldur eigum vér ad bera umhyggju fyrir, ad hann hafi sitt allt óskaddad.

2 Mós. b. 20, 17. Drottinn sagdi: þú átt ecki ad girnast hús náúnga þíns.

b) Enginn má stela frá sínum náúnga, edur leynilega gjora hann vidskila vid neitt af því, sem hann á, móti vilja hans og vitund.

2 Mós. b. 20, 15. Drottinn sagdi: þú átt ecki ad stela!

c) Enginn má ræna edur taka med ofriki frá sínum náúnga það, sem honum tilheyrir.

1 Cor.

1 Cor. 6, 10. Þjófar og ræningjar skulu ecki fá Guds ríki.

d) Enginn má svíkja sinn náúnga, edur draga undir sig nockud af því, sem honum tilheyrir, med undirhyggju og vélum, svo sem med rángri vigt eda mælir, ónýtum varníngi, okri, edur ödrum slíkum svikum og prettvísi.

1 Thess 4, 6. Enginn svíki edur ásælist sinn bródur í vidskiptum, því Drottinn er sá, sem hefnir alls þvíliks, Ordsqv. b. 11, 1.

c) Enginn má locka fólk eda fé med óleyfilegum hætti frá sínum náúnga, honum til skada, hvorki med hótunum né vélum.

2 Mós. b. 20, 17. Drottinn sagdi: þú átt ecki ad girnast þíns náúnga ektaqvinnu, ellegar hans þjón, ellegar hans þjónustu-qvinnu, ellegar hans uxa, ellegar asna, ellegar nockud, sem heyrir þínum náúnga til.

§. 2. *a*) Vér eigum ad láta náúnga vorn njóta réttar í öllum hlutum, og enganveginn gjora honum órétt, hvort sem hann er ríkur eda fátækur, ædri edur lægri stéttar, hafed bædi Guds ord og skynsemi vor banna oss ad gjora

þad ødrum, sem vér ecki viljum þeir gjøri oss.

Matth. 5, 20. Jesús sagdi: nema ydar réttlæti taki mikid fram skriftlærdra og Pharisæanna, þá kunnid þér enganveginn ad koma inní himnaríki. Matth. 7, 12. Esa. 1, 17.

b) Hvørr, sem á yfir ødrum ad segja, má ecki vanbrúka makt sína, til ad undirþryckja edur skada þá, miklu heldur á hann ad brúka hana þeim til hjálpar og adstodar.

Ordsqv. b. 14, 31. Hvørr, sem nidurþryckir lítilmagnanum, sá smánar þann, sem skapadi hann, en sá heidrar skaparann, sem miskunar sig yfir fátækann.

c) Vér megum enganveginn innihalda þeirra tilhlídilegu launum, sem erfida fyrir oss, heldur eigum vér ad gefa þeim í réttaun tíma þad, sem þeim tilheyrir.

Jac. 5, 4. Sjáid laun verka-mannanna, og þeirra, sem ydar akur-lønd hafa uppyrkt, sem verid hafa af ydur innihaldin, hrópa, og slátru-mannanna mikla qvein, er komid til Drottins Zebaoths eyrna.

d)

d) Vér eigum ad bæta vorum náúnga ad fullu, ef vér uppá nockurn máta hofum áfælft hann, edur gjert honum ſkada.

1 Sam. 12, 3. Spámadurinn Samúel géck fram fyrir fólkid og ſagdi: hér em eg, ſvarid nú á móti mér fyrir Drottni, og hans ſmurda: hefi eg tekid frá nockrum manni hans uxa edur aſna? hefi eg ſynt nockrum manni ofriki eda órétt? edur hefi eg pegid mútu, og látid pannig blinda mín augu? ſé ſvo, ſkal eg ſkila pví aptur. Lúc. 19. 8. Ezech. 33, 15.

e) Vér eigum ecki ad misunna náúnga vorum peirra gjæda, ſem Guds forſjón hefir látid honum hlotnaſt, heldur gledjaſt af hans velgengni.

Jac. 3, 16. Hvar, ſem öfund og deilur eru, par er vanſkickan og öll ill vidſkipti.

f) Vér megum ecki ljúga ad vorum náúnga, edur innbirla honum ósannindi, af hvorjum annadhvort hann ſjálfur edur adrir kynnu ad komaſt í hmisleg vandrædi.

Eph. 4. 25. Afleggid lygar, en talid ſannindi hvorr vid ſinn náúnga, pví vér erum hvorr annars limir.

§. 3. *a*) Vér megum enganveginn skérda æru náúnga vors, heldur þarámóti, ad því leiti, sem í voru valdi stendur, med øllum leyfilegum hætti leitast vid ad hann nái allri þeirri virdingu, sem hann á skilid, því gott mannord og rykti eru stór gjædi í þessu lífi og oldúngis ómissandi, ef oss á vel ad gánga í voru embætti, stétt, og odru því oss vidkémur.

Róm. 13, 7. Svo géfid nú øllum hvad þér eruð þeim skyldugir. — Þeim heidur, sem heidur heyrir. 1 Pét. 2, 17.

b) Vér megum ecki baktala eður ljósta óhródri upp um vorn náúnga, og þar med skérda hans virdingu.

Jac. 4, 11. Hallmælid ecki hvørr ødrum, brædur minir! því hvørr, sem hallmælir bródur sínum, og álasar honum, sá hallmælir løgmálinu og álasar því.

c) Vér megum ecki dæma ílla um náúnga vorn, medan hann ecki lætur sitt vonda hjartalag í ljósi med opinberum illverkum.

Matth 7, 1-3. Jesús sagdi: dæmid ecki hardt, svo þér verdid ecki hardt dæmd-

dæmdir; því med þeim sama dómi, sem þér adra dæmid, munud þér sjálfir dæmdir verda; og med þeim sama mælir, sem þér mælid út, skal ydur inn aptur mælt verda. En því sier þú flýsina, sem er í þíns bróðurs auga, en ad vaglinu, sem er á sjálfs þíns auga, gætir þú ecki?

d) Vér eigum ecki ad sýna náúnga vorum forakt, hvorki í ordum né med vidmóti, hversu ótilmótlegur, sem hann er, edur audvirdilegur.

Matth. 18, 10. Jesús sagdi: sjáid til, ad þér ecki forsmáid neinn af þessum smælingjum. Ordsqv. b. 14, 21.

e) Vér eigum ecki ad bera út bresti vors náúnga, heldur miklu fremur þegja yfir þeim, og heldur afsaka enn ásella hann, þegar hann er lastadur af odrum. 1 Pét. 4, 8. Umfram alla hluti hafid stødugann kjærleika innbyrdis, því kjærleikurinn hylur margar syndir. Ordsqv. b. 10, 12.

§. 4. *a*) Þegar náúngi vor er naudstaddur, eigum vér ad láta oss vera annt um, ad hjálpa honum, og gjora allt, sem oss er mögulegt til ad gjora

hans mædu léttari, og koma í veg fyrir hans eydileggingu, þared oss má til hugar koma, ad enginn veit nema sama neyd kynni oss líka ad hendum bera, og vér þá gjarnan vildum, ad adrir hjálpudu oss.

Ebr. 13, 16. Gleymid ecki ad gjøra gott og útbyta, því þær fórnir þóknast Gudi vel.

b) Sérhvørr kristinn er eptir Krists bæmi, og hans vegna, skuldbundinn ad hjálpa þeim, sem eru sannarlega naudlídandi, og annadhvort vegna heilsubrests edur elli ecki géta sjálfir leitad sér atvinnu, eda þeim, sem med allri sinni atorku ecki géta unnid nægilega fyrir sér og sínum, eda þeim, sem á ómaga aldri eru munadarlausir.

Matth. 25, 35. 40. Á dóms-degi mun Jesús opinberlega segja, þeim gudhræddu til hróss og upplífgunar: húngradur var eg, og þér gáfud mér ad eta. Þyrstur var eg, og þér gáfud mér ad drecka. Géstur var eg, og þér hýstud mig. Nakinn var eg, og þér klæddud mig. Sjúkur var eg, og þér vitjudud mín. Í fángelsi var eg, og þér komud til mín. Það, sem þér gjørdud einum af þess-

þessum minum minnstu brædrum, þad gjørdud þér mér. Esa. 58, 7. Orðskv. b. 19, 17. Róm. 12, 13. 15.

c) Ódjulausir húsegángs-menn og betlarar, sem hafa krapta til ad leita sér atvinnu med leyfilegum hætti, en nenna því ecki, eiga ecki ad fá ølmusu, heldur á ad þrýsta þeim til almennilegrar vinnu. 2 Thess. 3, 10-12. Vér søgdum ydur svo fyrir, ad sá, sem ecki vill vinna, ætti ecki heldur mat ad fá En vér høfum frétt, ad sumir lifa í óskicki hjá ydur, sem eckért vinna, en gjøra óþarfa. Í Drottins vors Jesú Krists stad skipum vér slíkum og áminnum þá, ad þeir séu kyrrir vid vinnu sína, og hafi sjálfir fyrir sér.

d) Vér eigum án yfirdrepskapar ad sambriggjast med vorum náúnga, hughreysta og uppørfa hann og lidsinna honum med allri þénustusemi. 1 Thess. 5, 14. Huggid ístødulitla, adstodid veika og umlidid hvørr annann. Róm. 12, 15.

e) Ef vor náúngi verdur sundurþyckur vid adra, eigum vér leggja allt kapp á ad sætta þá, koma forlikun á,

og þannig afstyra þeim skada, sem annars hefdi máske þaraf hlotist.

Matth. 5, 9. Jesús sagdi: sælir eru þeir, sem fridinn semja, því þeir munu Guds børn kalladir verda. Ordsqv. b. 12, 10.

Merk: Vor skylda í tilliti til góds mannords og fjármuna vors náúnga, er í stuttu máli framsett í sjounda, áttunda, níunda og tíunda bodordum Frædanna.

D:

Um Skylduna í serhvorri stétt.

Auk þeirrar almennilegu skyldu, sem á manneskjunum liggur ad því leiti, sem þær eru manneskjur, er og svo til fleiri slags serdeilisleg skylda, sem þeim uppáleggst, hvorri útaf fyrir sig, eptir því kalli og embætti, sem Gud hefir þær í sett. 1 Pét. 4, 11. Ef nockurr hefir embætti, sá þjóni eptir þeirri orku, sem Gud gefur honum, svo ad í øllum hlutum verdi Gud dyrkadur fyrir Jesúm Kristum.

I. Ekta-madur og Ekta-qvinna.

§. 1. Eptir Guds bodi á einn madur ad lifa í hjónabandi med einni ekta-

qvinnu,

qvinnu, og ega þau ad hafa hreinann kjærleika hvort til annars, bera jafnan umhyggju hvort fyrir annars timanlegri og eilífri velferd, bidja hvort fyrir odru og lifa í ævarandi einingu þángad til daudinn adskilur þau.

Matth. 19, 4-6. Jesús sagdi: hafid þér ecki lesid, ad sá, sem í upphafi skapadi manneskjuna, hann skóp einn mann og eina konu; og hann sagdi: fyrir því skal madurinn yfirgéfa fødur og módur, en vera hjá egin-konu sinni, og þau tvø skulu verda eins og ad einni manneskju — Hvad Gud hefir samtengt þad má manneskjan ecki sundurskilja.

§. 2. Madurinn á einkanlega ad elska sína ekta-qvinnu eins og sjálfann sig, virda hana, vera henni trúr, sjá fyrir hennar atvinnu, ráda henni heilt, og umbera hennar bresti med kjærleika.

Eph. 5, 28. Mennirnir eru skyldugir ad elska þeirra egin-konur, eins og sinn eginn líkama; hvørr, sem elskar sína egin-qvinnu, hann elskar sjálfann sig.

1 Pét. 3, 7. Þér, ekta-menn! búid vid ydar egin-qvinnur med skynsemi, eins og

og þær, sem eru breiskari konur, og audsýnid þeim virdingu, svo sem þeim, sem líka eru sam-erfingjar þeirrar nádar ad fá (eilífa) farsæld.

Ebr. 13, 4. Hjúskapurinn á heidurlegur haldin vera hjá øllum, og hjónasængin óflekkud, en frillulífis- og hórunar-menn mun Gud straffa.

§. 3. Konan á sérilagi ad elska sinn ekta-mann, med innilegri velvild, vera honum trú og hlýdin af kjærleika, stjórna innann húss med kostgjæfni og forsjálni, og auk þess vera honum rádholl, og þénustuviljug.

Eph. 5, 22. 23. Þér, konur! verid ydar egin mønnum undirgefnar, eins og Drottni, því madurinn er qvinnunnar høfud, eins og Kristur er safnadarins høfud.

Tit. 2, 4. 5. Postulinn Páll vill láta kénna úngum konum ad elska þeirra ekta-menn og børn, og ad þær séu skirlífar, sidsamar, umsjónarsamar, gódlyndar og bændum sínum undirgefnar, svo ad Guds ord ecki verdi fyrir lasti

II. Foreldrar og Börn.

§. 1. *a*) Foreldrarnir eiga ad uppala sín börn til gudhræddlu, svo þau læri frá barnæsku ad þeckja, elska og heidra Gud, líka ad varast syndir og lesti, því þeir eru Gudi andstyggilegir, en stunda eptir dygdum og mannkostum, því þeir þóknast Gudi; svo eiga börnin og venjast til ad setja sína von og traust einasta til Guds nádar og miskunsemi vegna Jesú Krists

Ephes. 6, 4. Þér, fedur! ertid ecki ydar börn til reidi, heldur alid þau upp med aga og umvöndun til Drottins.

b) Líka heyrir þad til góds uppfóstturs, ad börnin venjist til ydnis, sparsemis, þrifnadar, audsveppnis, og til ad fylgja sannleikanum, án yfirhylmingar. Foreldrarnir eiga einnig ad gánga undan þeim med gódum eptirdæmum, og láta aldrei hjálída naudsynlega hirtingu, þegar þau ecki vilja hlýda áminníngum.

Ordsqv. b. 13, 24. Hvörr, sem hefir ést á barni sínu, agar þad snemma. 1 Sam. 3, 10-14. 4, 12-22.

§. 2. Börnin eiga ad heidra foreldra sína, og hlýda þeim í ollu gódu, elska,

þacka

þacka og þjóna þeim, og vera þeim til gledi med gódu og sidsamlegu framferdi.

2 Mós. b. 20, 12. Drottinn sagdi: heidra fødur þinn og módur þína, svo þú lifir lengi í landinu.

Eph. 6, 1-3. Þér børn, verid hlýdin ydar foreldrum Drottins vegna, því þetta er rétt; heidra fødur og módur, það er hid fyrsta bodord, sem fyrirheiti er lagt vid: svo þér vegni vel, og þú megir lifa í landinu. 2 Sam. 18, 6-18. Ordsqv. b. 23, 22. 25.

III. Húsbændur og Þjónustufólk.

§. 1. *a*) Húsbændur og matmædur eiga ad bera umhyggju fyrir velferd sins þjónustu-fólks, og hellst med gódu halda því til ad vera audsveypid, sem og ydid og reglusast í því, sem það á ad gjora. Þau skulu einnig gefa þeim tilhlýdileg fot, fædu og laun, og ecki gleyma ad ala onn fyrir þeirra uppfræding og betrun til sáluhjálpar, og líka veita þeim hjúkrun, einkum þá þau eru veik eda gomul.

Col. 4, 1. Þér húsbændur audsýnid ydar þénurum hvad rétt og jøfnud-

ur

ur" er, og vitid ad þér einnig hafid Herra á himnum.

b) Hvørki má húsbóndi né húsmódir breyta illa vid sitt þjónustufólk med illyrdum, eda annari óleyfilegri edur ofríkisfullri adferd; ecki heldur mega þau reyngja þad med óvidurqvæmilegri tortryggni, edur herda ad því um megn fram, heldur eiga þau ad umbera þess breiskleika med þolinmædi.

Eph. 6, 9. Þér, húsbændur! hættid ógnunum, og vitid ad ydar Herra er líka á himnum, og ad hjá honum er eckért mann-greinar álit.

§. 2. Þjónustu-fólk á paramóti ad heidra og elska sína húsbændur og matmædur, vera þeim hlýdid og trútt og gjøra verk sitt med ydju og ástundun, án svika edur mogunar, eins og sjálfur Gud sjái uppá þad.

Tit. 2, 9. 10. Áminn þénarana, ad þeir séu húsbændum sínum undirgefnir, og gjøri hvad þeim gédpeckt er í øllum hlutum, veri eigi svørulir né sérplægnir, heldur sýni þeim alla hollustu, svo ad þeir prýdi lærdóm Guds vors Endurlausnara í øllum greinum. Eph. 5, 6. 8.

IV. Yfirvald og Undirgefnir.

§. 1. *a*) Yfirvaldid hefir eptir Guds ordi, rétt til ad útheimta hlýdni í ollu því, sem þénar til almennilegra nota, og ecki stridir móti Guds bodi.

Róm. 13, 1. 2. Hvørr madur sé valdstjórninni undirgéfinn, því engin er valdstjórn nema af Gudi, og sú valdstjórn, sem er til, er af Gudi tilskickud, svo hvørr, sem mótstendur valdstjórninni, sá stendur á móti Guds skipun, en þeir, sem í mót standa, munu yfir sig leida dóms áfelli.

Postul. g. b. 5, 29. Pegar hofdíngjar Gydínganna krofdust hlýdni í því, sem var á móti gódri samvitsku, svorudu Pétur og Jóhannes: fremur ber ad hlýda Gudi enn manneskjum.

b) Pad er skylda Yfirvaldsins eptir Guds bodi, ad vaka yfir undirsátanna velferd, stadfesta hana med gódum lögum, einnig ad vernda þá gódu, en refsa þeim vondu, og láta serhvorn ná rétti sínum án manngreinar álits.

Róm. 13, 3. 4. Valdstjórnin er ecki gódum verkum, heldur vondum til skelfingar. Viljir þú ecki vera hræddur

ur við Valdstjórnina, þá gjør það, sem gott er, og muntú umbun af henni fá: því hún er Guðs þénari þér til góða; en ef þú gjørir illt, þá máttú vera hræddur, því hún ber ekki sverðið forgéfins,, þared hún er Guðs þénari til að straffa þá, sem illa breyta. 5 Móf. b. 1, 16. 17. Ordsqv. b. 22, 22. 23.

§. 2. Þeir undirgéfnu eiga vegna Guðs að hlýða Yfirvaldinu og þess tilskipun, líka gjalda svikalaust sínar skyldur og skatta, sem útheimtast til sameginlegra nota, landsins varnar og naudsynja, þeir eiga einnig að heidra Yfirvaldið, vera því hollir og audsveypnir og bidja fyrir því.

Róm. 13, 5-7. Það er naudsynlegt að vera undirgéfinn ekki alleinasta vegna straffsins, heldur og fyrir samvitskunnar sakir; því þar fyrir gjaldið þér og skatt, vegna þess þeir eru Guðs þjónar, sem við þá þénustu eru sifeldlega bundnir. Svo gétið hvorjum það, sem þér skyldugir erud: þeim skatt, sem skatt ega; þeim toll, sem toll á; þeim ótta, sem ótti tilheyrir; þeim heidur, sem heidur heyrir.

1 Pét. 2, 13. 14. Verid undirgefnir allsslags réttu Yfirvaldi vegna Drottins, hvørt sem pad er Konúnginum, svo sem peim ypparsta, edur Landstjórnurunum, svo sem peim, hvørja hann hefir útsendt, til hefndar yfir illvirkjana, en peim til umbunar, sem gjøra gott. 1 Tim. 2, 1. 2.

V. Kennendur og Tilheyrendur.

§. 1. *a*) Kennendurnir eiga ad kunngjøra Guds ord án yfirdrepskapar med allri ástundun til uppbyggingar, áminna og advara án manngreinar álits, peir eiga og einnig láta sér innilega vera umhugad um ad børnunum sé skilmerkilega og svo pau hafi gagn af, kennt, líka eiga peir ad leitast alvarlega vid ad ebla sinna tilheyrenda framfor í sønnum Guds ótta til eilífrar sáluhjálpar.

Tit. 1, 9. Sá, sem er Biskup, Kennimadur edur Tilsjónarmadur á ad halda fast vid pann vissa lærdóm, svo hann vædi géti áminnt med heilsusamlegri kenníngu, og líka sannfært pá, sem á móti mæla. 1 Pét. 5, 2. 3.

b) Kennendurnir eiga ad gánga á undan sínum tilheyrendum med gódu epti-

eptirdæmi í lifnadi og umgengni, vera blídir og hóglátir, bidja fyrir þeim og prýda kenninguna med óstraffanlegu framferdi.

1 Tim. 3, 2. 3. Sá, sem er Biskup eda Kennimadur og Tilsjónarmadur, á ad vera óstraffanlegur, einnrar konu eginmadur, árvakur, hóffamur, siðprúdur, gestrisinn, sem sé vel fallinn til ad kenna ödrum. Enginn dryckjumadur, eigi styrjaldarsamur, einkis ósæmilegs ávinnings girugur, heldur sanngjarn, ecki prætusamur, eigi ágjarn.

§. 2. Barna uppfræðendur ega ad innprenta í hjortu þess Ungdóms, sem þeim er á hendur falinn, lotningu fyrir Gudi og Kristó, elsku til þeirra, útleggja skiljanlega fyrir honum það, sem hann á ad læra, halda honum til ástundunar, hæversku og gódra siða, þó ad í æskunni á ad leggjast grundvallarinn til manneskjunnar eptirfylgjandi lucku og velgengnis um tíma og eilífd.

Ordsqv. b. 22, 6. Kenn þeim unga þann veg (sem hann á ad ganga áfram til dygda og ráðlendnis), og þegar

hann eldist, mun hann ecki af honum vikja.

§. 3. Tilheyrendurnir eiga ad audsyna laungun eptir Guds ordi, og trúlega fylgja sinna kennenda áminningum, sem á því eru byggdar, einnig veita þeim alla virdingu, elska þá, og gjalda gódsúslega þad, sem þeir eiga ad hafa til sins sæmilegs uppheldis.

Ebr. 13, 17. Hlýdid ydar kennifedrum og látid ad ordum þeirra, því þeir vaka yfir sálum ydar, svo sem þeir ed reikning eiga ad standa, svo þeir geti gjørt þad med gledi, en ecki med andvarpan, því þar hafid þér ecki gott af.

Gal 6, 6. Sá, sem frædist í ordinu, hann býti hinum allskonar gædum, sem uppfrædir hann. 1 Thess. 5, 12. 13.

Merk: Foreldra og barna, húsbænda og hjúa, einnig Yfirvalds og undirgjefinna skylda, hvors vid annad innbyrdis, er í stuttu máli framsett í fjórda bodordi Frædanna og í hússtoblunni, hvar líka talad er um skyldu kjennenda og tilheyrenda. Í sjotta bodordinu og í hússtoblunni talast greinilega um skylduna í hjónabandi.

Sjøundi Kapituli.
Um þau medøl, sem styrkja Trúna og ebla Gudhræddsluna.

I. Guds Ord.

§. 1. Gud hefir látid kénna oss med sínu ordi um allt sitt rád og sinn vilja oss til frelsunar og betrunar; en þetta hans ord er bædi ad finna í gamla og nýja Testamentunum.

Ebr. 1, 1. Eptir ad Gud fordum optsinnis og uppá margann máta hafdi látid spámennina tala til forfedranna, þá hefir hann á þessum sídustu tídum látid Soninn tala til vor.

Jóh. 17, 8. Jesús sagdi í bæninni til sins himneska Fodurs: þau ord er þú gafst mér, þau gaf eg minum lærisveinum, þeir hafa þau og medtekid, og þeckja sannarlega, ad eg er af þér útgengínn, og þeir trúa því ad þú hafir útsendt mig.

Merk: a) Jesús hafdi lofad sínum lærisveinum, ad senda þeim heilagann

Anda, sem skyldi fræda þá um alla hluti, og minna þá á allt það, sem hann hafði kjennt þeim, Jóh. 14, 26. Þetta skédi líka á fyrsta hvítasunnu-degi eptir hans himnafor, þegar þeir allir, uppfylltir af heilögum Anda, tóku til að tala útlend túngumál, eptir því, sem andinn inngaf þeim. Post. g. b. 2, 4.

b) Vér þurfum ecki uppfræðast að nýju um Guds ráð og vilja með neinsslags nhrri opinberun, því það Guds orð, sem vjer höfum, inniheldur allt hvað vjer í því tilliti viðþurfum. Post. g. b. 20, 20. 21.

c) Þó einhverr nú segði að hann hefði odlast neckra nýja guddómlega opinberun, attum vjer samt enganveginn að trúa honum, þared Gud hefir hvergi lofað að senda nýja spámenn til mannkynsins upplýsingar. Gal. 1, 8. 9.

§. 2. Það er vor skylda að ransaka kostgjæfilega Guds ord, til að læra þar af hvað vér eigum að varast, og hvers vér eigum að gjæta, því annars mun Gud krefja oss til reikningsskapar fyrir vora vankunáttu, og þar af flýtandi bodorda brot.

Psalm. 119, 9-11. David spyr: hvörnin gétur æsku-maðurinn gengið sinn veg óstraffanlega? en hann svarar sér

sjálf-

sjálfur: með því að breyta eptir þínum orðum, Drottinn! — Eg geymdi þitt orð í mínu hjarta, svo eg syndgaði ecki á móti þér.

Merk: Þegar vér höfum tómstundir frá vinnu vorri, væri gott að vér læsum daglega nockra stund í Ritníngunni. En á sunnudögum og öðrum helgum finnur sú kristin manneskja, sem elskar Guðs orð, hæglega tækifæri til að lesa það, og það er ætíð nytsamlegra að byggja trú sína á egin rannsókum, eins og þeir í Berróha fordum gjörðu, Post. g. b. 17, 11. enn að láta sjer einúngis nægja Kjennendanna fræðslegu.

§. 3. *a*) Í Guðs orði koma fram mörg dæmi bæði uppá dygðir og lesti, sem vér eigum að taka oss til eptirþánka, þar þau eru eptir Guðs vilja uppskrifuð oss til eptirdæmis og viðvörunar.

Jac. 5, 10. Takið Spámennina, sem til yðar hafa talað í Drottins stað til eptirdæmis uppá að líða illt og að vera þolinmóðir. Ebr. 6, 12. 1 Cor. 4, 16.

2 Pét. 2, 6. Drottinn hefir borgirnar Sódóma og Gommorra fordæmt, umturnaði þeim, brenndi þær til ösku og setti til dæmis fyrir þá, sem eptir á mundu lifa ógudlega.

b) Eink-

b) Einkanlega eigum vér ad gæfa gætur ad Jesú Krists vors Lausnara heilaga líferni, og ætíd hafa hans dæmi fyrir augunum ad breyta eptir.

Matth. 11, 29. Jesús sagdi: lærid af mér, því eg em hógvær og af hjarta lítilátur.

1 Pét 2, 21. Kristur hefir einnig lidid fyrir ydur, og ydur eptirdæmi eptirlátid, ad þér skyldud feta í hans fótspor.

Merk: Jesús Kristur gétur ecki verid oss til eptirdæmis ad því leiti, sem hann er Guds Sonur, kominn í heiminn til ad endurleysa syndarana, og med krapta-verkum stadfesta, ad hann væri af Gudi sendur; líka og gaf sig sjálfur í daudann til fridþægingar-offurs fyrir allrar veraldarinnar syndir; en vjer eigum kappkosta ad líkjast honum í øllum þeim dygdum, sem ern samqvæmar voru ástandi, og ecki yfirgánga mannlega krapta.

§. 4. *a*) Ad hafa Guds ord kostgæfilega um hønd, heyra það med andakt og viljuglega læra, er hid rétta medal med hvørju sannkristin manneskja gétur farid æ meir og meir dagvaxandi og ordid stadføst í dygd og gudhræddslu med samverkandi heilags Anda nád.

2 Tim.

2 Tim. 3, 16. 17. Öll Ritníngin er innblásin af Gudi, og nytsamleg til lærdóms, til sannfæríngar, til leiðréttíngar, til uppfræðíngar í réttlætinu, svo að Guðs maður sé algjörr, og til alls góðs verks hæfilegur.

b) Vor skynsemi fær hvað af hverju skeiri og meiri þeckíngu af Guðs ordi til andlegrar og ávaxtarsamrar upplýsíngar.

2 Tim. 3, 15. Þú kannt heilaga Ritníngu, sem getur uppfrædt þig til sáluhjálpar, með trúar-lærdóminum um Jesú Krist. Jóh. 5, 39. Psalm. 119, 104. 105.

c) Vor vilji á kröptuglega að hneigjast af þeim morgu og dýrmætu áminníngum, og aðvörunum, sem finnast í Guðs ordi, til að fordast illt, en stunda eptir því, sem gott er, líka upporfast til að gjöra með allri ástundun það, sem oss byrjar.

Luc. 8, 15. Jesús sagði: þeir, sem orðið heyra, og geyma það í góðu og siðsömu hjarta, færa ávöxt með stöðuglyndi, 8, 31. 32.

d)

d) Vér getum, hvorninn sem ástatt er fyrir oss, fundid huggun og róssemi af Guds ordi, sem inniheldur gædskurikustu loford um Guds nád og blessun Kristz vegna.

Jóh. 17, 13. Jesús sagdi í bæninni til sins himneska Fodurs: þetta tala eg í heiminum, svo ad minir lærisveinar hafi af mér fullann fognud med sjálfum sér. Psálm. 19, 9. 119, 24. 92.

Merk: Um rjettilega brúkun Guds ords er í stuttu máli talad í fyrstu bæninni í Frædunum.

II. Arvekni og Bæn.

§. 1. Vér eigum gaumgjæfilega vaka yfir hugrenningum vorum og girndum, þar vort edli er breiskt, en freistingarnar eru margar, svo engin heimugleg lysting til ills geti ad óvorum fengid yfirhond hjá oss, líka eigum vér ydulega og nägvæmlega halda reikning vid sjálfa oss um vorn lifnad og framferdi.

Matth. 26, 41. Jesús sagdi: vakid og bidjid, svo ad þér fallid ecki í freistni. Andinn er ad sönnu reidubúinn, en holdid er veikt.

2 Cor.

2 Cor. 13, 5. Ransakid ydur sjálfa hvørt þér erud sanntrúadir! reynid ydur sjálfa!

§. 2. *a*) Gud vill ad vér skulum ydugiega bidja, og er þad sjálfum oss til gagns, því ecki þurfum vér ad minna hann á neitt med vorri bæn, þar ed hann veit fyrifram bædi hvørs vér vidþurfum og líka hvorninn best verdi rádin bót á því.

Lúc. 18, 1. Jesús sagdi: þér eigid jafnan ad bidja og ecki preytast. Matth. 7, 7. 1 Thess. 5, 17.

b) Bænin á ad vera oss medal bædi til ad styrkja vora elsku og traust á Gudi, og til ad snúa vorum huga frá hégóma veraldarinnar; bænin gefur oss undir eins krapta til ad standa á móti freistingunum, og til ad bera vorar þjáníngar med þolinmædi.

Phil. 4, 6. 7. Verid ecki hugsjúkir, heldur látid í øllum hlutum ydar bænir med þacklæti koma fyrir Gud í beidni og ákalli, þá mun fridur Guds, sem meiri er enn nockurr kann ad penkja, vegna Jesú Krists, vernda ydar hjørtu og hugrenníngar.

Merk: Gud hefir ecki tiltekid hvad opt hvorr einn kristinn á ad bidja, en ef hann elskar Gud einlæglega, verdur það ætíd hans innilegasta gledi, ad útausa sínu hjarta fyrir Gudi med vonarfullri bæn, hvenær og hvar hellst, sem honum gjefst færi á. Bædi qvöld og morgna hofum vjer tíma og tækifæri til þess, líka optar um daginn midt í vinnu vorri.

§. 3. *a*) Vér megum bidja Gud um allt það góda, sem hann hefir í sínu ordi lofad ad gefa oss, og sem er bædi sálu og líkama nytsamlegt; en af jardneskum hlutum eigum vér sérílagi ad bidja hann um góda heilsu og daglegt braud, heidur í voru standi, frid vid vorn nágranna og blessun í vorri löglegri stétt.

Ordsqv. b. 30, 8. Agúr bad: gef mér hvorki fátækt né audæfi, en láttú mig hafa mitt afskamtad uppheldi.

Matth. 7, 7. Jesús sagdi: bidjid, og mun ydur gefast; leitid, svo munud þér finna; knýid á, og mun fyrir ydur upplokid verda.

b) Sérílagi eigum vér ad bidja Gud um þau andlegu gædi, sem tilheyra vorri sálubjálp, það er: um fyrirgefningu syndanna, styrk í trúnni og voninni, vit og krapta til ad breyta eptir hans vilja,

ja, megn að standa á móti öllum synd-samlegum tilteygingum, um góða sam-vitsku og sáluhjálplega endalykt.

Lúc. 11, 13. Jesús sagði: ef þér, sem vondir erud, kunnid að gefa börnum ydar góðar gáfur, hversu miklu frem-ur mun Faðirinn á himnum gefa þeim heilagann Anda, sem hann þar um biðja? Cól. 1, 9-11.

Merk: a) Þegar Jesú lærisveinar beiddu hann að kenna sér að biðja, sagði hann: Þegar þér biðjið, þá segið: Faðir vor, þú sem ert á himnum! helgist þitt nafn; tilkomi þitt ríki; verði þinn vilji, svo á jörðu, sem á himni; gjef oss í dag vort daglegt braud: og fyrirgjef oss vorar skuldir, svo sem vjer og fyrirgjefum vorum skuldunaut-um; og leid oss ecki í freistni, heldur frelsa oss frá illu. Því að þitt er ríkið og mátt-urinn og dýrdin, að eilífu, Amen.

b) Drottinnleg bæn Faðir vor, inni-heldur í stuttu máli allt það, sem hver ein kristin manneskja ætíð á að biðja um, og að afbiðja, bæði í tilliti til sinnar and-legrar og líkamlegrar velferdar. Þessi bæn kann í stuttu máli þannig að útskíraſt:

Faðir vor! þú sem ert á himnum! það er: þú allrahærsti eilífi og almáttugi ver-aldarinnar skapari og Herra, sem elskar þínar

manneſkjur lángtum heitar enn beſtu fedur á jordunni gjeta elſkad ſín børn.

Helgiſt þitt nafn! þad er: kjenn þú oſs ad audſýna í verkunum, ad vjer vidurkjennum þig eins fullkominn og ákøllunarverdugann eins og þú í sannleika ert.

Tilkomi þitt ríki! þad er: lát þíns Sonar Jesú Kriſts nádugu ſtjórnun, syndugu mannkyni til upplýſingar og frelſis, meir og meir útbreidaſt, og koma til góds á jordunni.

Verdi þinn vilji, svo á jordu, sem á himni! þad er: gjef oſs nád, ad vjer ſýnum hjer á jordunni, vjer ſieum reidubúnir og oſs lángi til ad hlýda þjer í øllum hlutum eins og þínir þjonarar hlýda þjer á himnum.

Gef oſs í dag vort daglegt braud! þad er: gjef oſs svo mikid af tímanlegum gjædum til líkſins naudþurftar dag hvørn, eins og þú ſjer ad oſs er gagnlegaſt til vorrar andlegu og eilífu velferdar.

Fyrirgef oſs vorar ſkuldir, svo sem vér og fyrirgefum vorum ſkuldunautum! þad er: ſtraffa oſs ecki eptir maklegleikum, heldur fyrirgjef oſs vegna þíns Sonar, vor morgu misbrot, eins og vjer viljum gjarnſamlega fyrirgjefa þeim, sem oſs á móti brjóta.

Eigi leid þú oſs í freiſtni! þad er: lát oſs aldrei yfirbugaſt af þeim freiſtingum, sem ad oſs koma, heldur hjálpa oſs til ad ſtrída á móti þeim.

Held-

Heldur frelsa oss frá illu! Það er: varðveit oss frá allu því, sem gjetur ordið oss að skada á sálu eður líkama.

Því að þitt er ríkið og mátturinn og dirðin, að eilífu! Það er: þú einn ræður fyrir allri vorri velferð, og ert máttugur til að efla hana, því skal líka lof og heiður fyrir allt það góða, sem vjer hljótum, tilheyra þjer einum.

Amen. Það er: já, vissulega mun það skje, sem vjer bidjum þig um, og þú sjer að oss er þjenanlegt.

c) Ef vér eigum að bidja með bæninni Faðir vor oss til gagns, þá verðum vér með stodugum eptirþánka gæta að meiningunni í ordunum, og lesa þau með hjartanlegri andakt. Það er hneixlanleg misbrúkun að lesa þessa bæn án umhenkingar, og fyrir sídasakir. Nær væri að lesa hana sjaldnar, svo andaktin betur gjæti vidhaldist. Matth. 6, 7. 8.

§. 4. Þegar vér bidjum Gud um tímanleg gædi, eigum vér að fela hans hægilegum vilja á vald, að hvað miklu leiti hann vilji bænheyra oss, þar það máské gétur verið sjálfum oss eður ödrum til gagns, að vér ödlustum ecki það, sem vér bidjum um, eður vér kynnum vanbrúka það sjálfum oss eða ödrum til skada.

Róm. 8, 26. Vér høfum ecki vit á, hvørs vér eigum ad bidja. Jac. 1, 2. 3. Jac. 4, 3. Þér bidjid og øðlíst ecki, af því þér bidjid illa, sem er til þess ad þér fóid því í ydar hlífi.

Merk: Þegar hinn veiki, sem bidur um heilbrygdi, edur hinn fátæki, sem bidur um ad sjer vegni betur, og fleiri þesshättar, ecki bænheyrast, mega þeir þarfyrir ecki þenkja, ad bænin sé gagnlaus. Þeir eiga miklu heldur vera fullvissir um, ad Gud, eptir hans speki, sjer þeim þjenanlegra ad þeir fái ecki það þeir umbidja, eiga þeir því engu ad síður halda áfram med bænina til Guds, svo ad þeir venjist því meir til ad hlýda honum, og gjefa sig undir hans vilja.

§. 5. Vér eigum ad bidja fyrir vorum náúnga med somu alvorugefni og sama hjartalagi eins og fyrir sjálfum oss, til merkis um, ad vér elskum hann, og einlæglega samgledjumst af hans velgengni, og Gud mun ecki láta vorn góda tilgáng verda blaunadann.

1 Tim. 2, 1-3. Fyrst af øllu er, ad eg áminni, ad gjørast skuli afbeidni, bænir, fyrirbæner og þackargjørdir fyrir øllum mønnum, fyrir Kónginnum og øllu Yfirvaldi, svo vér mættum

um hafa ſpakt og róſamlegt líferni með allri gudræknı og ſidſemi, því ſlíkt er gott, þar til einnig Gudi þóknanlegt. Jac. 5, 16.

§. 6. Ef vér eigum að géta bedið með þeim hætti, ſem Gudi þóknaſt, megum vér ecki láta vorar hugrenníngar hvarfla hingad og þángad, heldur snúa þeim til Guds alleina og med audmýkt frambera vorar naudſynjar fyrir hann, med ſtøðugu trausti á Jeſú Kriſts forbénuſtu og fyrirbón, án þeſs ad reida oſs á vorn eginn verðugleika; þaradauk eigum vér ad útrýma úr hjarta voru øllu hatri til náúngans.

Jóh. 17,20. Jeſús ſagdi í ſinni bæn til ſíns himneſka Fedurs: eg bid ecki einaſta fyrir þeſſum mínum lærisveinum, heldur og einnig fyrir þeim, ſem munu trúa á mig fyrir þeirra ord. Róm. 5, 1.2.

Marc. 11, 25. Jeſús ſagdi: nær þér ſtandid og bidjiſt fyrir, þá fyrirgéfid, ef þér hafid søk móti nockrum, svo ad ydar Fadir, ſem er á himnum, fyrirgéfi ydar brot.

Merk: a) Sá kriſtinn, ſem er vel uppfræddur, bidur hellſt med ſínum egin

ordum, sem ecki munu skorta hann, þegar hann hugsar alvarlega eptir því, sem hann ætlar ad bidja um, og þá hjartad kjemst vid. En ef vjer viljum brúka þær bænir, sem adrir hafa gjort, eigum vjer ad velja þær, sem eiga vid vort ástand, og innihalda þad, sem vjer þá sjerílagi þurfum ad bidja um.

b) Formálinn fyrir framan Drottinnlega bæn í Fræðunum, talar um þad trúnadartraust, sem vjer eigum ad hafa til Guds þá vjer bidjum. Í fjórdu bæninni er talad um tímanlegu velgjørníngana, og í fimtu bæninni um þá andlegu, sem vjer eigum hellst ad bidja um. Í sjaundu bæninni er líka gjetid um hid illa, sem vjer eigum einkum ad afbidja.

III. Skírnar Sakramentid.

§. 1. Skírnin er þad heilagt verk, sem Kristur hefir bodid ad brúka vid þá, sem ætla ad játast undir hans lærdóm, og má annadhvort dífa þeim í vatn, edur ausa því yfir þá, í nafni Fodursins, Sonarins og þess heilaga Anda.

Matth 28, 18. 20 Jesús sagdi: allt vald er mjer gefid á himni og á jørdu. Fyrir því farid, og gjørid allsstaks þjódir ad minum lærisveinum, og skír-

id

ið þær til nafns Fǫðursins og Sonarins og þess heilaga Anda, og kénnið þeim að halda allt hvað eg baud ydur, og sjá! eg er með ydur ætíð til veraldarinnar enda.

Merk: Í heitari löndunum má án heilsuspillis dífa þeim niður í vatn, sem skírast eiga, en hjer í þessum kaldari löndum verður heilsunnar vegna einúngis að yfirausa þá vatni, eins og brúkað var í hinni fyrstu kristni, þegar einhverr var skírður á sinni sóttar-sæng.

§. 2 *a*) Með skírninni verður mannesskjan limur kristilegrar kirkju, til að verða með heilags Anda samverkandi náð hlut-takandi í þeim yppurlegu velgjörningum, sem Kristur hefir oss útvegad.

Gal. 3, 26. 27. Þér erud allir Guðs börn af trúnni á Jesúm Krist; því svo margir af ydur, sem erud skírdir til að trúa á Kristum, þér hafið íklæðst Kristó.

Tit. 3, 5. Eptir sinni miskunsemi hefir Gud oss hólpna gjørt með endurgétningar-lauginni og endurnýúnginni, sem skédur af heiløgum Anda.

b) Gud veitir oss í skírninni adgáng til syndanna fyrirgéfníngar fyrir Krists

Krists sakir, og gjørir oss svo sem sín elskuleg børn hluttakandi í sinni fødurlegri elsku, opnar oss einnig veg til gledi og farsældar í tilkomanda eilifu lifi.

Marc. 16, 16. Hvørr, sem trúir og verdur skírdur, sá mun holpinn verda, en hvørr, sem eigi trúir, sá mun fordæmast.

§. 3. Med ad skírast í nafni Fødursins, Sonarins og þess heilaga Anda, verdum vér skuldbundnir til ad trúa á Fødur, Son og heilagann Anda, sem þann einasta sanna Gud, er alleinn rædur fyrir vorri tímanlegri og eilifri endurlausn og velferd, svo ad vér skulum dýrka hann einann og treysta honum einum, lika heidra og elska hann, og hlýda honum af øllu hjarta. En hèraf fylgir þá einnig, ad vér skuldbindum oss til ad strída móti øllum vondum girndum, og taka oss vara fyrir ad brjóta hans bodord visvitandi, og til ad lifa eptir Jesú Krists lærdómi í sømum Guds ótta.

1 Pét. 3, 21. Skirnin er ecki burttekt saurinda af likamanum, heldur sáttmáli gódrar samvitsku vid Gud.

Róm.

Róm. 6, 4. Svo erum vér þá með Kristi greptradir í skírninni til dauðans, að líka, sem Kristur er uppvakinn frá dauðum fyrir dýrd föðursins, svo eigum vér að ganga í nýju líferni.

§. 4 Kristur vill, að allir menn verði í skírninni limir sinnar kristilegu kirkju, þar þeir eru endurkeyptir með hans dauða og þess vegna eiga líka smá-börnin eptir hans vilja að skírast. Marc. 10, 14. Jesús sagði: leyfið smá börnum til mín að koma og hindrið þau ecki þar frá, þvíað Guðs ríki heyrir slíkum til. Matth. 28, 19.

Merk: Þau börn, sem deyja áður enn þau hljóta skíru, koma samt í Guðs ríki, því að Kristur hefir endurleyst þau og þeim verður ecki tilreiknuð forsómun á skírninni. En hafi foreldrar eða vanda-menn af ásettu halðið barninu frá skírninni, þá verður það þeirra ábyrgðar-hluti, vegna þess þeir þar með sýndu, að þeir virðtu lítils Krists boðorð.

§ 5. Í Confirmatsióninni eigum vér sjálfir að itreka og opinberlega endurnýja það heilaga loforð, er aðrir gjörðu fyrir vora hönd, þegar vér hlutum skíru, sem er: að vér viljum afneita öllum ógudlegleika, trúa á Guð Föður, Son

Son og heilagann Anda, einnig audsyna vora trú med gódverkunum. Til þessa lofords eigum vér ætíd alla vora lífstíd ad muna, og láta þad sífeldlega minna oss á þá trygd og hollustu, sem vér erum Gudi um skyldugir, svo vor trú og ráðvendni ecki tapist af holdlegu gjálífi.

Opinb. b. 2, 10. Jesús sagdi: verrú trúr allt til daudans, svo skal eg gefa þér lífsins kórónu.

Ephes. 5, 25. 27. Kristur elskadi søfnudinn, og gaf sig sjálfann úr fyrir hann, til ad helga hann, þá hann med ordinu hreinsadi hann í vatnsbadinu svo ad hann gæti búid til handa sjálfum sér dýrdlegann søfnud, sem hefdi engann blett né hrucku edur neitt þesháttar, heldur sé heilagur og óstraffanlegur.

Merk: Svo opt, sem vér endurminnumst skírnarinnar, eigum vér ad upporfast til nýrrar árvekni og ástundunar í ad laga vorn lifnad eptir Krists lærdómi. Þess vegna, þó skírnin sjálf egi ecki ad ítrekast, er hún samt sífeldt ávaxtarsamt medal handa oss til ad efla vora dygd og gudhræðslu.

Um skírnina er talad í fjórda parti Frædanna.

IV.

IV. Qvoldmáltídar Sakramentid.

§. 1. Sú heilaga qvoldmáltíd er það heilagt verk, er Jesús Kristur innsetti, med hvørju kristnir menn eiga að eta braud og drecka vín, og þar med verda hluttakandi í Jesú Krists líkama og blódi, sem offrad var til fridþægingar fyrir þá, og vegna þeirra synda. Matth. 26, 26-28. Marc. 14, 22-24. Lúc. 22, 19. 20. 1 Cor. 11, 23-26. Vor Herra Jesús Kristur á þeirri nátt, sem hann svikinn var, tók hann braudid, gjørdi þackir, braut það, gaf sínum lærisveinum og sagdi: takid og etid, það er minn líkami, sem fyrir ydur verdur gefinn, gjørid það í mína minning.

Sømuleidis eptir qvøld-máltídina, tók hann kaleikinn, gjørdi þackir, gaf þeim hann og sagdi: dreckid allir hèraf, það er kaleikur hins nýja Testamentis í mínu blódi, sem fyrir ydur úthellist til fyrirgefningar syndanna; gjørid þetta svo opt, sem þèr það dreckid, í mína minning.

§. 2. *a*) Med innsetningu þeirrar heiløgu qvøldmáltíðar hafði Jesús þann tilgáng, að styrkja kristna menn í trúnni og upporfa þá til kostgæfilegrar ástundunar í kristilegu líferni.

Lúc. 20, 19. Jesús sagði: gjørið það í mína minning.

b) Þegar vér medtøkum qvøldmáltíðar sakramentið, eigum vér að minnast Jesú Krists fridþægjandi dauða, oss til huggunar og fullvissu um, að allar vorar syndir séu oss hans vegna fyrirgéfnar, ef vér einasta tileinkum oss hans forþénustu með sannri ydrum og lifandi trú.

Lúc. 22, 19. 20. Jesús sagði: Þetta er minn líkami, sem fyrir ydur verdur géfinn — Þessi kaleikur er það nýja Testamenti í mínu blódi, sem fyrir ydur úthellist.

c) Vér eigum að láta þá heiløgu qvøld-máltíð upporfa oss til, að vér med innilegasta þacklæti metum mikils það, að Jesús Kristur leid þúngar qvalir og fórnfærdi sig sjálfann í vorn stad, og med því að neyta opinberlega þessarar máltíðar, eigum vér honum til veg-

reglendar audsyna, ad vér vidurkénnum hann sé vor frelsari og sáluhjálpari.

1 Cor. 11, 26. Svo opt, sem þér etid af þessu braudi og dreckid af þessum kaleik, skulud þér kunngjøra dauda Drottins, þángad til hann kémur.

d) Í því vér medtøkum braudid og vínid, kommumst vér í náqvæmustu sameiningu med Jesú Kristi vorum frelsara, sem gjørir oss hluttakandi í sínum allraheilagasta líkama og blódi og þar med innsiglar, ad vér séum medtekнir til þess nýja náðar-sáttmála, hvern hann, svo sem vor medal-gángari, hefir samid millum Guds og vor.

1 Cor. 10, 16. Sá blessadi kaleikur, hvørn vér blessum, er hann ecki hluttekning í Krists blódi? það braud, sem vér brjótum, er það ecki hluttekning í Krists líkama?

Ebr. 8, 6. Kristur hefir øðlast svo miklu ædra embætti, sem hann er medalgaungu-madur betri sáttmála, hvørr einninn stendur á betri fyrirheitum.

e) Þegar vér minnumst þeirrar óransáttlegu Jesú Krists elsku, sem í qvøldmáltídinni verdur oss fyrir sjónir sett,

á heitasta elska aptur á mót upp-qveikjast í vorum hjørtum; það á líka að knhja oss til að elska hvørr annann innbyrdis, eins og þá brædur, hvørja Kristur hefir allasaman endurleyst.

Jóh. 13, 35. Þaraf skulu allir þeckja að þér erud minir lærisveinar, ef þér elskid hvørr annann

1 Cor. 10, 17. Það er eitt braud og vér margir erum einn líkami; því vér erum allir hluttakandi í því eina braudi.

§. 3. Það er naudsynlegt að vér prófum sjálfa oss, hvørt vér gétum svo sem verdugir gestir gengid til Guds bords; því þeir einir hafa gagn af sakramentinu, sem medtaka það verduglega, en hinir óverdugu ávinna sér þaraámóti Guds strangu reidi.

1 Cor. 11, 27-29. Hvørr, sem etur af þessu braudi, eda dreckur kaleik Drottins óverdugur, sá misbrýtur móti Drottins líkama og blódi; en hvørr einn prófi sig sjálfann, og eti svo af braudinu, og drecki af kaleiknum.

§. 4. Þegar vér viljum réttilega prófa sjálfa oss, þá eigum vér:

1)

1) ad ransaka vort hjartalag í tilliti til Krists og hans fridþæginga, svo vér gétum vitad, hvort oss, svo sem ydrandi manneskjum, sýnist mikils umvarda ad finna nád hjá Gudi einum, vegna Jesú Krists, og med trúnni á hann;

2) eigum vér ad ransaka sjálfa oss, hvort þad sé vor einlægur ásetningur, hérepter med alvörugéfni ad strída á móti öllum syndsamlegum tillockunum, og af alúd vilja fylgja Jesú lærdómi, svo oss fari meir og meir fram í rádvendni og sonnum Guds ótta.

Svérhvörr sá gengur óverduglega til Guds bords, sem eptir þad hann þannig hefir prófad sig náqvæmlega, finnur ecki hjá sér þad hugar-far, ad hann vilji leita nádar hjá Gudi med trúnni á Krist, hafa einlægann ásetning ad betra sig, og láta sér fara fram í dygd og Guds ótta.

1 Cor. 2, 2. Eg tók fyrir mig ad fara ecki med neinn annann lærdóm, þegar eg var hjá ydur, enn um Krist og hann krossfestann.

2 Cor. 5, 14. 15. Krists kjærleiki þvingar oss, med því vér ályktum svo, ad

ef einn hefir dáid fyrir alla, þá se svo gort, sem þeir séu allir daudir; nú hefir hann fyrir alla dáid, svo ad þeir, sem lifa, skulu hereptir ecki lifa sjálfum sér, heldur honum, sem er fyrir þá dáinn og upp aptur risinn.

Merk: a) Í Krista-stólnum verdum vér serlagi áminnir og uppvísadir til ad þrófa náhvæmlega sjálfa oss, þegar Kristafadirinn, med sínum gudlegum umtölum og áminningum, minnir oss á skyldu vora vid Krist, og brýnir fyrir oss, ad vjer eigum sérdeilelega kappkosta, ad vera dygdaudugir.

b) Pad stendur engannveginn í Prestsins valdi ad fyrirgefa syndirnar, því pad er Guds alleina. En Presturinn getur einúngis eptir Guds fyrirheitum tilsagt oss og bodad: ad Gud hafi vissulega fyrirgefid oss vorar syndir vegna Jesú Krists, ef vér ydrumst þeirra af hjarta, og trúum á Krist. Þess vegna hafa ydrunarlausir eckert gagn af ad ganga til Krista og altaris, heldur verdur þeirra ábyrgdarhluti því þyngri, þar þeir svanbrúka þetta til ad hylja med vondsku sína, og ad gjora gis ad Guds ordi.

Um þá heilogu qvöld-máltíd, er talad í fimta parti Fræda nna.

Att-

Attundi Kapituli.
Um Mannanna sídasta ástand.

§. 1. Þó dauda-stundin sé øllum óvíss, þá er samt víst, ad allir menn, sem á jordunni lifa allt til veraldarinnar enda eiga einusinni ad deyja, því allir þeir eru syndarar.

Róm. 5, 12. Syndin er af einum manni komin í heiminn, og daudinn vegna syndarinnar, þannig hefir daudinn innþreyngt sér til allra manna, því þeir syndgudu allir.

Merk: a) Þad er mjog hættulegt og heimskulegt ad skjóta á frest sínum undirbúníngi til daudans, vegna þess sú mannesskja kannskje sje úng eda med gódri heilsu og kjenni sjer einkis meins, því daudinn kippir morgum burtu á besta aldri, svo veit heldur enginn, hvort daudinn muni koma hastarlega ad edur med addraganda, enginn gjetur heldur fyrisagt hvort hann muni fá færi á ad undirbúa sig, þegar hann á hjer vid ad skiljast, þá færstir eru svo sruggir á dauda-stundunni, ad þeir gjeti med alvorugjefni og stodugri umhugsúngu hugsad um sín sáluhjálpar efni.

b) Á sóttar-sænginni er tíminn of naumur til ad fá vidbjód á Þeim lostum og hégóma elsku, sem optrudu syndaranum medan hann var heill og ósjúkur frá ad trúa á Jesúm Krist og elska hann, hugar-farid umbreytist ecki heldur af Því, Þó manneskjan, medan háskinn vofir yfir, fyllist upp af hrædslu og qvída fyrir eymd og qvol um alla eilífd; Því vjer sjáum allt of opt ad Þeir, sem med miklu hugar-ángri lofa bót og betrun á sóttar-sænginni, snúa strax, sem Þeir eru ordner heilbrygdir aptur, til síns fyrra syndsamlega lifnadar, og sýna Þarmed, ad Þetrra ángur hafi ecki komid af einlægu hjarta, og ad lystin til Þess vonda, er af laungum vana ordin svo rík á sálunni, ad hún gjetur ecki ordid nidurkjæfd, nema med lángvarandi strídi og baráttu.

c) Þarfyrir er rádlegast, ad búa sig undir daudann frá únga aldri, og strída strax á móti ollum illum girndum, undir eins og Þær taka til ad hreyfa sjer, en kappkosta Þarámót, ad komast med lifandi trú í sameiningu vid Krist sinn endurlausnara, og fylgja hans eptirdæmi; Því eins og ógndlegir forherdast meir og meir, svo Þeir, med Því ad halda áfram í syndunum, hafa enga dygdar- og gudhræddsluvilsinningu, svo styrkjast hinir gudhræddu daglega med samverkandi nád hellags Anda, af ad ydka sig sífeldlega í gudhræddu, og Þannig undirbúa handa sjer frid og sognud í samvitskunni, sem er sú stærsta farsæld í Þessu lífi;

en

en ógudlegir aptur á mót, baka sjer med lóstum sínum stærstu qvol og órósemi. Þegar daudinn adkjemur, eru þeir gudhræddu hughraustir og óqvídnir, en hinir ógudlegu skjelfast, og annadhvort falla í svæntíngu, ellegar med þánkaleysi sækva nidur í blinda forherdíngu.

§. 2. Sálin, sem er ódaudleg, fer strax, sem hún er skilin vid líkamann, til síns samastadar, annadhvort í eilífa gledi edur eilífar qvalir, eptir því, sem manneskjann hefir lifad í þessum heimi vel edur illa.

Lúc. 23, 43. Jesús sagdi vid ydrandi ræníngjann á krossinum: sannlega segi eg þér, í dag skaltú vera med mer í Paradís. 2 Cor. 5. 8.

Jóh. 5, 24. Jesús sagdi: Hvørr, sem heyrir min ord, og trúir þeim, sem mig sendi, sá hefir eilíft líf, og hann kemur ecki til fyrirdæmingarinnar, heldur hefir hann farid frá daudanum til lífsins.

Lúc. 16, 22. 23. Jesús segir í eptirlíkíngunni: sá fátæki dó, og var borinn af Englum í fadm Abrahams. Hinn ríki dó líka, og var greptradur: en, sem hann hóf upp sín augu í helviti, var hann í qvølunum.

§. 3.

§. 3. Á efsta degi skal líkaminn upp-vekjast úr duptinu, og samtengjast aptur sálunni, verdur hann þá óforgengilegur.

Jóh. 5, 28. 29. Jesús sagdi: sá tími mun koma, á hvørjum allir þeir, sem í grøfunum eru, munu heyra Guds Sonar raust, og þá munu þeir, sem gott hafa gjørt, uppríса til sælu, en hinir til fyrirdæmingar, sem illt hafa gjørt.

Post. g. b. 24, 15. Postulinn Páll sagdi: eg hefi þá von til Guds, ad á eptir mun koma upprisa framlidinna bædi réttlátra og ránglátra.

1 Cor. 15, 42. Líkama þeirra, sem deyja, verdur rotnanlegum nidursád, en hann mun upp aptur rísa ófor-rotnanlegur. Honum verdur audvirdilegum nidursád, en hann mun upprísa vegsamlegur. Honum verdur nidursád veikum, en hann mun upp aptur rísa krøptugur. Náttúrlegum líkama verdur nidursád, en upp aptur mun rísa andlegur líkami.

§. 4. Þær manneskjur, sem verda lifs á jørdunni þegar dóms-dagur kémur, deyja ad sonnu ecki, svo ad sál og lík-

líkami skiljist ad, en þeir munu samt umbreytast, svo ad þeirra forrotnanlegi líkami verdur í augabragdi óforgengilegur; engin manneskja veit hvenær þessi dagur muni koma.

1 Cor. 15, 51. 52. Sjá! eg segi ydur leyndann dóm; vér munum ecki allir sofna, en allir munum vér umbreytast, og þad skyndilega á einu augabragdi, vid hinn sídasta lúdur-hljóm. Því lúdurinn mun gella, og hinir framlidnu munu upprísa óforgengilegir, en vér munum umbreytast.

§. 5. Kristur mun med dírdlegum hætti opinberlega dæma allar manneskjur eptir upprísuna, og auglýsa fyrir ollum: ad gudhræddir eru verdugir til ad lifa í vegsemd og foguudi eilíflega; en ógudlegir þarámóti munu verda því straffi undirkastadir, sem þeirra illverk hafa tiluunid.

Post. g b. 17, 31. Gud hefir tilsett vissann dag, á hvorjum hann ætlar ad láta þann mann, sem hann hefir þar til sett, dæma rétt alla jardarinnar innbyggendur, þar um sannfærir Gud alla, med því hann uppvakti þann mann frá dauduin.

2 Cor.

2 Cor. 5, 10. Vér eigum allir ad opinberast fyrir Krists dómstóli, svo ad hvørr einn úr býtum beri eptir því, sem hann hefir adhafst í líkamans lífi, hvørt sem pad hefir verid gott edur illt.

2 Thess. 1, 7. 8. Pegar Drottinn Jesús opinberast af himni med sínum englaher, og logandi eldi, til ad hegna peim, sem ecki vildu adhyllast Gud, og straffa pá, sem ecki vóru hlýdugir Evangelió vors Drottins Jesú Krists.

Merk: Sérhvor sála dæmist strax eptir ad hún er farin út af líkamanum, og verdur henni vísad annadhvørt til eilífrar gledi, edur eilífra qvala. Ebr. 9, 27. En á sídasta degi, pegar sálirnar eru ad nýju ordnar samtengdar líkomunum, mun Kristur svo sem Kóngur og Herra samansafna peim, svo hans réttvísi dómur verdi peim ollum undir eins kunnur, til vitnisburdar um hans stjórnun án manngreinar álits, og svo peir megi sjálfir finna, ad peim sje enginn órjettur gjørr. Matth. 25, 31-46. Róm. 2, 16.

§. 6. Eilíft líf er pad dírdlega og sælufulla ástand, í hvørju gudhræddir menn æfinlega lifa í gledilegustu sambúd med Jesú Kristi, gódu Englunum og ollum heilogum, án pess ad áreitast

lengur

lengur af nockri synd edur sorg, en njóta óumrædilegrar huggunar, fridar og fagnadar af ad skoda Guds dird, sem audsýnir sig í hans morgu dásemdar-verkum, par peir einnig lofa og vegsama Gud hvørr med ødrum, og æfa sig í dygdinni og kjærleikanum, eptir Guds vilja.

Matth. 25, 34. Jesús mun segja vid pá: komid hingad pér blessadir af minum Fødur! eignist pad ríki, sem ydur er fyrirbúid frá veraldarinnar upphafi.

Jóh. 17, 24. Jesús sagdi í bæninni til sins himneska Fodurs: Fadir! eg vil ad peir, sem pú gafst mér skuli vera hjá mér hvar sem eg er, svo ad peir sjái mína dird, sem pú gafst mér.

Ebr. 12, 22. Pér komid til borgar Guds lifanda, til peirrar himneskn Jerúsalem, og til margfjølda margra púsund Engla.

Opin. b. 21, 4. Gud mun perra øll tár af peirra augum, og daudinn mun ei lengur vera til, eigi harmur né qveinan né heldur pina mun lengur til vera. O Róm.

Róm. 2, 10. Heidur, vegsemd og frid skal hvørr sá ødlast, sem gott gjørir.

§ 7. Fyrirdæmingin, sem annars kallast eilífur daudi, er pad qvalafullt og vonar-laust ástand í hvørju ógudlegir sárlega qveljast, af peirra nagandi samvitsku, og hvar peir í hinna ógudlegustu vondu auda og illra sálna sambúd finna til hriggilegustu verkana af sínum fyrri illgjørdum, pared peirra drottnandi lystir, hvørjum peir pá ei géta fullnægt, undir eins auka peim qvøl og pínu.

Matth. 25, 41. Jesús mun segja til peirra: farid frá mér, pér bølvudu! í pann eilífa eld, sem fyrirbúinn er djøflinum og hans drum.

Marc. 9, 48. Jesús sagdi: peirra ormur deyr ecki, og peirra eldur sloknar ecki.

Jóh. 3, 36. Hvørr, sem ecki trúir Syninum, skal ecki sjá lífid, heldur varir Guds reidi yfir honum.

Róm. 2, 9. Hrellingar og harmqvæli munu koma yfir allra peirra manna sálir, sem illsku dryggja.

§. 8.

§ 8. Á sídasta degi mun vor heimur forgánga med ollum sínum gædum. En gudhræddir munu ætíd vera hjá Drottni, og med þessari von skulum vér hughreysta hvorr annann.

2 Pét. 3, 10. Dagur Drottins mun koma, sem þjófur á nóttu, á hvorjum himnarnir munu med miklum gný forgánga, en hofud-skepnurnar í eldi brádna, og jordin og þau verk, sem á henni eru, munu uppbrenna. 1 Thess. 4, 17. 18.

Gudi sé lof og dýrd ad eilífu Amen.

Stutt Agrip

af

Høfud-lærdómum kristilegra Trúarbragda.

1.

Einn einasti sannur Gud er til, sem hefir skapad heiminn, vidheldur og stjórnar honum til gagns og gledi øllum sínum lifandi sképnum, en sérílagi peim skynsemdarfullu til velferdar.

2.

Pessi Gud hefir allrastærstu eginlegleika, og er sá allra fullkomn-

kommasti í makt, speki, gædsku, heilagleika og réttlæti.

3.

Heilög Ritning, sem inniheldur Guds vilja og ráðstöfun, að svo miklu leiti, sem þau sérílagi eru mannesкjunum viðkomandi, kennir oss að dýrka Gud, sem Fodurinn, Soninn og þann heilaga Anda, er allir hafa eina veru og sonnu guddómlegu tign.

4.

Mannesкjan var í upphafi, þegar Gud hafdi skapad hana, saklaus og góð, en hún spillti sér sjálfri, med því ad brjóta fríviljuglega móti Guds lögmáli; þar af vard hún syndug og óhæfileg til ad taka á móti þeirri sælu, sem Gud hafdi henni ætlad.

5.

Jesús Kristur, sem er eingétinn Sonur þess himneska fødurs, vard manneskja, svo hann gæti endurleyst syndugt mannkyn frá þeirri eymd, sem það hafdi med syndinni steypt sér í. Hann sýndi mønnunum þarfyrir med sinni kénníngu, hvad Gud af sinni miskunarfullu elsku hefdi ályktad um þeirra frelsun, útvegadi þeim adgáng til hennar, med sinni frjviljugu pínu og dauda, og stadfesti líka med sinni upprisu og himna-før þá vissu, sem hann hafdi géfid þeim um eilíft líf. Nú stjórnar hann øllum heiminum ásamt fødurnum med guddómlegri makt og veldi, og ber sérílagi umhyggju fyrir sínna endurleystra eilífri sáluhjálp.

6.

6.

Sá heilagi Andi leidir oss med Krists lærdómi til apturhvarfs frá syndunum og til trúarinnar á Krist, svo vorar syndir verdi oss fyrirgéfnar. Hann hjálpar oss einnig til betrunar og framfara í dygd og gudhræddslu, svo vér gétum ordid hluttakandi í peirri sáluhjálp, sem Kristur hefir oss útvegad.

7.

Vor trú á Jesúm Krist, á ad sýna hvort hún sé kroptug med því ad vér lifum eptir vorri skyldu bædi vid Gud, vid sjálfa oss og vid náúngann, eptir því, sem Gud og Kristur hafa skipad oss í heilagri Ritníngu.

8.

Gudi erum vér skyldugir um, ad tilbidja, óttast og elska hann, hlýda honum, og reida oss á hann einann, lofa hann, þacka honum og ákalla hann, einnig taka oss vara fyrir ollu því, sem í nockurn máta strídir móti þeirri virdíngu, sem vér eigum honum ad veita.

9.

Sjálfum oss erum vér skyldugir um, ad bera tilhærilega umhyggju bædi fyrir sálu vorri og líkama, sem og vorri tímanlegri velferd, en þó sérlagi gæta vor, ad varast allt illt, og syndsamlegt háttalag og vana, svo samvitskan hvorki ofþyngist, né vér lídum tjón á vorri sönnu velferd; vér erum þarámót fullvissir um Guds

nád

náð, og gétum ætíd med sonarlegu trúnadar-trausti leitad hælis hjá honum, ef vér kappkostum, ad verda gódar og dygdaudugar manneskjur eptir Jesú lærdómi og eptirdæmi.

10.

Náúngamum erum vér skyldugir um, ad elska hann eins og sjálfa oss, og þess vegna vera ætíd reidubúnir til ad gjøra það sama vid hann, sem vér kjósa vildum, ad hann í líku tilfelli gjørdi vid oss; en aldrei taka oss nockud það fyrir hendur, sem í einhverju máta kynni ad skérda hans tímanlega eda eilífa velferd.

11.

Vér eigum ad hafa Guds ord ydulega um hønd, þar það er

er hid besta medal til vorrar upplýsingar og helgunar, líka eigum vér yduglega, ad vegsama og ákalla Gud, svo hugur vor par med uppfyllist af elsku til Guds, og laungun eptir ad gjora hans vilja.

12.

Vér eigum ad leggja allt kapp á, ad virda mikils, og halda vorn skírnar sáttmála, því med skírninni hefir Kristur látid gjora oss ad limum sinnar kirkju, og gefid oss rétt til sinna dýrmætu velgjørninga.

Í qvøldmáltídar sakramentinu gjorir Jesús Kristur oss hluttakandi í sínum líkama og blódi, til fullvissu um, ad vorar syndir séu oss fyrirgefnar, ef oss

af

af hjarta ángrar, ad vér høfum dríygt þær, og einsetjum oss ad láta oss fara fram med trúnni á hann í rádvendni, og í vorum kristinndómi. Þarfyrir eigum vér líka ad brúka þetta sakramenti med hjartanlegri andakt, eptir ad vér ádur høfum nágvænlega og alvarlega prófad sjálfa oss.

13.

Gudhræddra sálir koma eptir daudann til eilífs lífs og eilífrar sælu í samfélag med gódum ønd-um, hjá Kristi sínum endurlausn-ara; en þá ógudlegir deyja, fara þeir í samfélag vondra anda, og hreppa þar qvalir og ángist, sem eru maklegt straff fyrir þeirra illgjørdir.

14.

14.

Guds alvísa ráðstöfun hefir tilsett vissann dag, á hvorjum þeir daudu líkamir munu úr sínu dupti upprekjast, og sameinaðjast þeirra sálum, þegar Kristur mun láta þá alla mæta opinberlega fyrir sínum dómstóli, og þá forgengur sú veröld, sem nú er.

Prentvillur:

Bls.	14	línu	13	æltíd, les ætíd.
»	46	»	21	Mesías, » Messías.
»	96	»	2	med med, » med.

Lbs - Hbs / Benediktssafn
100774271-3